SÉRA ÖNUNDUR BJÖRNSSON

*Upplifði sig bókstaflega í dótakassa*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




EGILL ÓLAFSSON

*Önnum kafinn og orðinn afi*

Nýkominn heim frá Suður-Ameríku

FÓLK 38



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. október 2006 — 286. tölublað — 6. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Skilnaður aldarinnar

Allt um mál Heather Mills og Paul McCartney.

FÓLK 30



### Verður ekki með

Þorvaldur Bjarni ætlar ekki að senda lag í Eurovision.

FÓLK 32



### Hvalalosti

„Við þurfum að fá að vita, hverjir hleruðu símana hjá hverjum án dóms og laga," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

### Á leið til KR

Jóhann Þórhallsson mun skrifa undir samning við KR fyrir helgi en hann er annar leikmaður Grindavíkur sem gengur í raðir KR á skömmum tíma.

ÍÞRÓTTIR 34



## VEÐRIÐ Í DAG




**HELDUR MILDARA -** Í dag verða norðaustan 3-13 m/s, hvassast við suðurströndina. Stöku él norðan til, en rigning eða slydda sunnan til sem færist yfir á Suðvesturlandið síðdegis. Hiti 0-5 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Börn spurð um hófdrykkju

**Í samræmdu prófunum í íslensku voru níu ára börn látin lesa um hagamús sem drakk áfengt jólaöl í óhófi og varð glöð. Börnin voru spurð hvað það merkir að drekka hóflega. „Fráleitt", segir biskup. Menntamálaráðherra vill skýringar frá Námsmatsstofnun. Margar athugasemdir hafa borist samtökunum Heimili og skóli.**

**MENNTAMÁL** Á samræmdu prófi í íslensku í fjórða bekk nýlega var texti um húsamús og hagamús sem drukku áfengt jólaöl. Hagamúsin varð „einkennileg, kát og fjörug. Hún fór að hoppa og dansa um borð og bekki og blés og tísti eins og hún væri ekki með öllu viti. Enda var hún það ekki."

Með þessum texta voru níu ára börn prófuð í lesskilningi og spurð að því hvað það merkir að drekka hóflega. Svarmöguleikar voru þrír, að drekka heldur mikið, að drekka mátulega mikið eða að drekka næstum ekki neitt.

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir söguna óheppilega, fylleríissögur eigi ekki heima á barnaprófum. Hún hefur heyrt bæði frá kennurum og foreldrum út af þessu máli og segir að fólki finnist þetta óheppilegt val á sögu fyrir þennan aldurshóp og fyrir próf yfir höfuð. „Fjölmörg börn þekkja ekki áhrif áfengis og vita ekki um hvað er verið að tala. Á hinn bóginn eru börn sem búa við misnotkun á áfengi heima hjá sér og það er ekki eitthvað sem þau upplifa sem skemmtilegt og gleðilegt. Það er spurning hvort það eigi að taka þessar aðstæður inn í prófið til þeirra," segir hún.



KARL SIGURBJÖRNSSON

ELÍN THORARENSEN

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Eitt símtal hefur borist Námsmatsstofnun vegna spurningarinnar. Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri samræmdra prófa, vill ekki gefa upp út á hvað sú kvörtun gengur. Hann bendir á að söguna megi lesa á vefsíðunni namsmat.is og segir að lærdómurinn sé sá að hagamúsin hafi ekki haft gott af jólaölinu. Sagan hafi komið ágætlega út í forprófun og því verið notuð.

„Við breytum ekki prófi sem búið er að leggja fyrir. Við ræðum val á efni og hvaða efni er viðeigandi innanhúss og horfum til framtíðar. Þessi saga er orðin nokkuð gömul og þó nokkuð margir muna eftir henni frá sinni barnaskólatíð. Boðskapurinn í sögunni er sá að lífshamingjan felist í vera ánægður með það sem maður hefur."

Herra Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, finnst „ótrúlegt og fráleitt" að hafa þessa sögu í samræmdu prófi. „Mér finnst þetta eitt dæmið enn um að það er verið að þrýsta börnum inn í heim hinna fullorðnu sem þau hafa ekki forsendur til að skilja eða skilgreina. Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur og bið um að leyfa börnunum að vera börn og vernda þeirra bernsku."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vill skýringar á prófinu frá Námsmatsstofnun að sögn aðstoðarmanns hennar Steingríms Sigurgeirssonar. - ghs / sjá síðu 6



**FJÖR Í FÖNNINNI** Börnin á leikskólanum Skógarlandi á Egilsstöðum klæddu af sér kuldann í gær og skemmtu sér á snjóþotunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR BJARNASON

Ófærð vegna snjókomu:

## Mikið að gera á verkstæðum

**VEÐUR** Þorskafjarðarheiði og Hellisheiði eystri voru ófærar í gær vegna snjókomu nóttina áður og aðrir fjallvegir á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi varhugaverðir vegna hálku, éljagangs og þæfings.

Veturinn, sem samkvæmt almanakinu gekk í garð á laugardag, hefur því þegar minnt á sig.

Snjór er í byggð á norðanverðu landinu og hitastigið víðast nokkrum gráðum undir frostmarki. Mikið hefur verið að gera á dekkjaverkstæðum úti um land enda hálka á vegum og götum.

Búast má við slyddu, éljum og snjókomu á landinu í dag. - bþs

Akurnesingar slegnir yfir útprentunum í Brekkubæjarskóla:

## Kennari staðinn að verki með barnaklám í skólastofu

**LÖGREGLUMÁL** „Við nánast stóðum hann að verki við þetta í skólanum. Hann hafði verið að prenta barnaklám út af netinu," segir Viðar Stefánsson, lögreglufulltrúi á Akranesi.

Viðar rannsakar nú mál tæplega 60 ára gamals umsjónarkennara við Brekkubæjarskólar sem játar að hafa prentað út umtalsvert magn af barnaklámi.

Lögreglan fór á vettvang í fyrr í þessum mánuði eftir að grunsemdir höfðu vaknað um að kennarinn væri að meðhöndla barnaklám í tölvu sinni í skólastofu.

Viðar segir kennarann ekki hafa vistað klám í vinnutölvu sinni í skólanum heldur aðeins notað hana til að prenta klámið út af netinu. Ekkert bendi til þess að börnin í Brekkubæjarskóla hafi getað rekist á klámið eða tengst málinu á nokkurn hátt. „Þetta eru erlendar síður sem eru vistaðar í fjarlægum löndum," segir Viðar.

Kennarinn var handtekinn í skólanum og síðan gerði lögregla húsleit heima hjá honum. „Það var lagt hald á talsvert af útprentunum af barnaklámi og tölvur sem nú eru í rannsókn," segir Viðar.

Kennarinn, sem var sleppt eftir yfirheyrslur, hafði kennt í Brekkubæjarskóla í 27 ár þar til honum var sagt upp störfum eftir að barnaklámsmálið kom upp.

Skólafólk á Akranesi er slegið yfir máli kennarans. Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri sagðist ekkert vilja segja um málið. - gar

Skil á ársreikningum:

## Reglur hertar

**VIÐSKIPTI Unnið er að því að herða reglur um skil á ársreikningum. Fjármálaráðuneytið vinnur að frumvarpi um breytingar á lögum um ársreikninga, sem gera munu aðferðir stjórnvalda til að innheimta ársreikninga mun beittari. Gert er ráð fyrir því að stjórnvöld fái heimild til þess að sekta þau félög sem draga að skila inn ársreikningum.**

**Félög eru skyldug til að skila slíkum ársreikningum, en brögð eru á því að dráttur verði á skilunum. Helstu ástæður þess eru óreiða, en einnig að skil eru dregin til þess að fresta því að samkeppnisaðilar sjái reikninga fyrirtækja. Ársreikningar eru opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að, en í núverandi fyrirkomulagi getur liðið langur tími frá skilafresti þar til þeir sem lengst draga komast upp með að skila reikningum sínum.**

- hh / sjá Markaðinn

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SPURNING DAGSINS



*Er lífsgæðakapphlaupið að taka fram úr börnunum?*

Já tímabundið, en börnin sigra að lokum.

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur sagði í Fréttablaðinu í gær að foreldrar þyrftu að fara að muna eftir því að þeir ættu börn og á sama tíma að slaka aðeins á í lífsgæðakapphlaupinu.

Íslendingar sækjast eftir embætti framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar:

# Halldór Ásgrímsson tilnefndur

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, er frambjóðandi íslenskra stjórnvalda til embættis framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar.

Íslendingar sækjast nú eftir stöðunni í fyrsta sinn.

Finnar gera slíkt hið sama og er Jan-Erik Enestam, umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna, fulltrúi þeirra. Sá munur er á framboðum þjóðanna að Finnar hafa opinberlega tilnefnt Jan-Erik til starfans en Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna, og aðrir íslenskir ráðamenn, vilja engu svara um tilnefningu Íslands.



**HALLDÓR OG JÓNÍNA BJARTMARZ** Það skýrist eftir helgi hvort Halldór verði næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Myndin er úr safni.

Norræna ráðherranefndin er samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlandanna og hefur hún náið samstarf við Norðurlandaráð. Aðalskrifstofurnar eru í Kaupmannahöfn og er sameiginlegur starfsmannafjöldi um eitt hundrað. Nokkrir Íslendingar starfa hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Halldór Ásgrímsson hefur mikla reynslu af norrænu samstarfi. Hann var samstarfsráðherra Norðurlandanna í sex ár og sat í Íslandsdeild Norðurlandaráðs í átta ár, auk þess að vera utanríkisráðherra í níu ár.

Að líkindum verður gengið frá ráðningunni við upphaf þings Norðurlandaráðs á þriðjudag. - bþs

Stal þjóðlegu góðgæti:

## Dæmdur fyrir harðfisksstuld

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur sekur í Héraðsdómi Suðurlands á mánudag fyrir stuld á tveimur pokum af harðfiski að verðmæti 1.725 krónur úr versluninni H-Sel á Laugarvatni í maí 2005. Hann hafði neitað sök í málinu.

Þetta var þriðji dómur mannsins á rúmu ári en hann hafði áður verið dæmdur til samtals 13 mánaða fangelsisvistar fyrir umferðarlaga- og fíkniefnabrot. Manninum var ekki gerð sérstök refsing fyrir harðfiskstuldinn. Kona sem var kærð fyrir aðild að glæpnum var sýknuð af kröfum ákæruvaldsins. - þsj



**BÚLGARAR Á HESTVAGNI** Myndin er tekin skammt frá bænum Varna í Búlgaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Næsta stækkun ESB:

## Bretar hleypa ekki strax inn

**LONDON, AP** Breska stjórnin ætlar einungis að veita Búlgörum og Rúmenum afar takmarkaðan aðgang að vinnumarkaði á Bretlandi í að minnsta kosti eitt ár eftir að Búlgaría og Rúmenía ganga í Evrópusambandið, sem verður 1. janúar næstkomandi.

Þegar tíu lönd gengu í Evrópusambandið árið 2004 fengu íbúar þeirra strax nánast óheftan aðgang að breska vinnumarkaðnum, með þeim afleiðingum að hundruð þúsunda Austur-Evrópumanna, einkum Pólverja, streymdu til Bretlands í atvinnuleit.

Breska stjórnin hefur verið undir miklum þrýstingi að sjá til þess að þetta endurtaki sig ekki. - gb

RÚSSLAND

### Olíuleki

Gat kom á olíuleiðslu í Úralfjöllunum í Rússlandi á mánudag, með þeim afleiðingum að um 300 tonn af olíu láku út í óspillta náttúruna. Náði lekinn yfir um 5.500 fermetra svæði og mengaði meðal annars á sem rennur þar um. Um 140 manns vinna nú að því að hreinsa svæðið.

# Megi skera smámál frá stóru brotunum

**Ríkisendurskoðun telur að heimila ætti ríkislögreglustjóra að skera léttvægari hluta frá meintum efnahagsbrotum til að stytta málsmeðferð. Áhugaverð leið, segir Haraldur Jóhannessen ríkislögreglustjóri.**

**STJÓRNSÝSLA** „Mér sýnist meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar vera sú að embætti ríkislögreglustjóra hafi staðið undir væntingum og sinnt hlutverki sínu,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri um ítarlega úttekt Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjórans.

Ríkisendurskoðun bendir á nokkur atriði sem betur megi fara hjá ríkislögreglustjóra. Meðal annars lúta ábendingarnar að bílaflotanum sem ríkislögreglustjóri rekur fyrir lögregluembætti landsins og að þeim tíma sem efnahagsbrotadeild embættisins ver í rannsókn mála.

„Ríkisendurskoðun telur að íslensk stjórnvöld eigi ekki að sætta sig við að meðferðartími efnahagsbrotamála sé almennt lengri hér en talið er eðlilegt í nágrannalöndunum,“ segir í úttektinni.



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Málsmeðferð hjá ríkislögreglustjóra tekur of langan tíma.



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Málsmeðferð hjá ríkislögreglustjóra tekur of langan tíma.



**HARALDUR JOHANNESSEN** Ríkislögreglustjóri segir úttektin sýna að embætti hans hafi staðið undir væntingum.

Auk þess segir Ríkisendurskoðun það óraunhæft að stytta málsmeðferðartíma efnahagsbrotadeildar án þess að fjölga starfsmönnum deildarinnar er lagt til að samvinna verði tekin upp með ríkislögreglustjóra og skattrannsóknarstjóra til að koma í veg fyrir tvíverknað.

Þá er lagt til að farið verði að fordæmi Dana og ríkislögreglustjóra heimilað að hætta við að gefa út ákæru í máli eða hluta máls ef hún er talin geta haft í för með sé „erfiðleika, kostnað eða meðferðartíma sem ekki eru í samræmi við þá hagsmuni sem í húfi eru“. Er þetta kallað „að skera utan af málum. Telur Ríkisendurskoðun að með þessari aðferð sé unnt að stytta meðferðartíma umfangsmikilla efnahagsbrotamála án þess að bera hagsmuni almennings fyrir borð.

„Þetta er mjög áhugaverð ábending frá Ríkisendurskoðun; hvort það sé unnt að setja í löggjöf heimildir til þess að skera utan af málum,“ segir Haraldur Johannessen. Ein ábending Ríkisendurskoðunar snýst um það að hlutverk ríkislögreglustjóraembættis sé ekki nógu skýrt.

„Mér sýnist niðurstaða ríkisendurskoðunar vera sú að stjórnvöld eigi að kanna hvort embætti ríkislögreglustjóra eigi að þróast í sömu átt og embætti danska ríkislögreglustjórans hefur þróast.

Þá yrði stjórnun á lögreglunni í landinu meira undir beinni stjórn ríkislögreglustjóra en hún er í dag,“ segir ríkislögreglustjóri sem telur ríka ástæðu til að skoða ábendingar Ríkisendurskoðunar af fullri alvöru. - gar

Dæmdur í 11 mánaða fangelsi:

## Skallaði lögreglumann

**DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í 11 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa skallað lögreglumann í hægra gagnaugað með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á andliti og snert af heilahristingi. Auk þess hótaði hann fleiri lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra ofbeldi og lífláti. Þá braut hann skilorð reynslulausnar með athæfi sínu. Maðurinn játaði brot skýlaust. Hann á langan sakarferil að baki og hefur áður hlotið fjölmarga dóma, meðal annars fyrir fíkniefnabrot og nytjastuld.** - þsj

Talsmaður neytenda:

## Fjölmiðlabindindi á framboðsbaráttu

**STJÓRNMÁL** Gísli Tryggvason ætlar í fjölmiðlabindindi sem talsmaður neytenda frá 28. október til 4. nóvember. Gísli segist gera þetta þar sem hann gefi kost á sér í forvali Framsóknarflokksins fyrir framboðslista í Suðvesturkjördæmi í næstu alþingiskosningum. Gísli segir engar athugasemdir hafa borist vegna þess að hann gefi kost á mér til setu á framboðslista á sama tíma og hann gegni áberandi embætti. Hann hafi þó tekið þá ákvörðun að koma ekki fram opinberlega sem talsmaður neytenda frá því framboðsfrestur rennur út og þar til framboðlistinn liggur fyrir. - gar



**GÍSLI TRYGGVASON**

BÍLL DAGSINS
OPEL VECTRA GTS
Nýskr. 02.05 - Beinskiptur - Ekinn 30 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Kjartan Ólafsson segir dómara undirtyllu ráðherra í úrskurðum um hleranir:

# Misnotkun á pólitísku valdi

**SÍMHLERUN** „Ég tel nauðsynlegt fyrir samfélagið að þetta mál verði hreinsað út. Það þarf að upplýsa um hverjir voru hleraðir, hvenær og hvaða rök voru notuð,“ segir Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri og þingmaður.

Kjartan fékk aðgang að dómsúrskurðum frá Þjóðskjalasafni sem heimiluðu að sími hans væri hleraður í þremur tilvikum á árunum 1961 til 1968. Á því tímabili var Kjartan framkvæmdastjóri Samtaka hernámsandstæðinga og Sósíalistaflokksins.

Hann segir athyglisvert við dómsúrskurðina að tilefnið til hlerananna hafi bókstaflega ekki verið neitt. „Sá vottur að rökstuðningi ráðuneytisins, sem þarna kemur fram, gefur ekki minnsta tilefni til þess að telja að öryggi ríkisins hafi verið ógnað, en það er skýringin á hlerununum,“ segir Kjartan. „Einnig virðist dómarinn nánast vera undirtylla ráðherranna og ávallt samþykkja beiðnir um hleranir athugasemdalaust,“ segir Kjartan.

„Þarna finnst mér að hafi verið um að ræða ákaflega grófa misnotkun á pólitísku valdi og að mannréttindi hafi verið brotin á okkur sem var verið að hlera hjá,“ segir Kjartan. - sda



**KJARTAN ÓLAFSSON** Tilefni hlerananna var ekki neitt, segir Kjartan Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Þarftu breiðari bíl?

Þarftu betri, nýrri, lengri eða einfaldlega breiðari bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér einfalda lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

## GENGIÐ 24.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,44 | 68,76 |
| Sterlingspund | 127,92 | 128,54 |
| Evra | 85,77 | 86,25 |
| Dönsk króna | 11,502 | 11,570 |
| Norsk króna | 10,238 | 10,298 |
| Sænsk króna | 9,311 | 9,365 |
| Japanskt jen | 0,573 | 0,5764 |
| SDR | 100,47 | 101,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,9053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Annarri langreyðinni sem Hvalur 9 veiðir var landað í gær:

# Jafn löng en feitari en sú fyrri

**HVALVEIÐAR** Hvalur 9 kom til hafnar í Hvalfirði um klukkan þrjú í gær með aðra langreyðina sem veiðst hefur á þeirri viku sem liðin er frá því að atvinnuveiðar hófust á ný. Við mælingar reyndist hún jafnstór þeirri sem veiddist á laugardag, eða 68 fet. Þessi hvalur var þó mun feitari en sá fyrri og því fást af honum meiri og betri afurðir. Kjötið var sem fyrr flutt til Akraness þar sem það er unnið í frystihúsi HB Granda.

Langreyðurin var skotin djúpt vestur af landinu um hálf fimm leytið í gær. Fjöldi fólks hafði safnast saman á bryggjunni í Hvalfirði í gær til að sjá þegar hvalurinn var dreginn á land og fylgjast með þegar hafist var handa við hvalskurðinn. Var það mál manna að fleiri hefðu verið við hvalstöðina í gær en á sunnudag.

Sigurður Njálsson, skipstjóri á Hval 9 og hans menn lögðu af stað á miðin seinni partinn í gær og verða þar í birtingu. Sigurður segir nokkuð líf vera á miðunum. „Við vorum búnir að sjá þarna sandreyðar og þrjár langreyðar. Það var reyndar leiðindabræla og sást stutt.“ Sigurður segir að það spái leiðindaveðri á miðunum og er ekki of bjartsýnn á að ná þriðja dýrinu. „En við sjáum til hvernig gengur. Það gæti allt eins gengið ljómandi vel.“ **- shá**



**HVALASKOÐUN** Jafnvel fleiri söfnuðust saman við hvalstöðina í Hvalfirði í gær en á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillaga í menningarráði:

## Ókeypis á netið í miðbænum

**SVEITARSTJÓRNIR** Hægt verður að tengjast netinu þráðlaust með fartölvu hvar sem er í kjarna miðborgarinnar ef menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur samþykkir tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar. Samkvæmt henni á að kanna áhuga fjarskiptafyrirtækjanna á því að setja upp búnað sem gerir þetta kleift.



**STEFÁN JÓN HAFSTEINN** Vill þráðlaust net í miðbæinn.

„Stefnt verði að því að aðgangur verði gjaldfrjáls en hugsanlega með þeim takmörkunum sem fyrirtækin telja nauðsynlegan, þó þannig að hægt sé að sinna algengustu erindum á Netinu,“ segir í tillögu Stefáns Jóns Hafstein. Afgreiðslu málsins var frestað á mánudag. **- gar**

Darfúrhérað í Súdan:

## Sendimaður SÞ rekinn úr landi

**SÚDAN, AP Jan Pronk, aðalsendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Súdan, fór frá Súdan á mánudag að kröfu utanríkisráðuneytis landsins, sem bað hann á sunnudag um að hverfa á brott vegna þess að hann skýrði frá því á bloggsíðu sinni að stjórnarherinn hefði beðið verulegan ósigur tvisvar sinnum í bardögum í Darfúrhéraði.**

**Pronk, sem er hollenskur, hélt til New York þar sem Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, vildi ræða við hann.**

**Herinn í Súdan brást ókvæða við ummælum Pronks á heimasíðunni, og sakaði hann um að „stunda sálfræðihernað gegn súdanska hernum“.** **- gb**

# Nauðgunarmál í miðbæ vekja mjög mikinn óhug

**Tvö lík nauðgunarmál hafa komið upp í miðbæ Reykjavíkur með stuttu millibili. Lýsingar á árásarmönnum eru ónákvæmar en lögreglan kannar hvort tengsl geti verið á milli árásanna. Málin litin alvarlegum augum.**

**KYNFERÐISOFBELDI** Tveimur stúlkum um tvítugt hefur verið nauðgað í húsasundum í miðbæ Reykjavíkur með minna en tveggja vikna millibili. Fyrra atvikið átti sér stað aðfaranótt 8. október þegar tveir menn réðust á stúlku um tvítugt, rændu af henni peningum og nauðguðu henni. Annar mannanna hélt höndum stúlkunnar föstum á meðan hinn kom fram vilja sínum með ofbeldisfullum hætti. Stúlkan hefur kært nauðgunina til lögreglu sem vinnur nú að rannsókn málsins.

Aðfaranótt laugardagsins réðust tveir menn á átján ára gamla stúlku og nauðguðu henni skammt frá Þjóðleikhúsinu. Stúlkan leitaði hjálpar á neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis á Landspítalanum. Starfsfólk neyðarmóttökunnar kallaði til lögreglu sem þegar hóf rannsókn málsins.

Hörður Jóhannesson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir lögreglu ekki útiloka að málin tvö geti tengst en engar vísbendingar hafa komið fram við rannsókn málsins sem gefa tilefni til þess að sömu árásarmenn hafi verið að verki í bæði skiptin. Ráðist var á stúlkuna um hálf sex leytið aðfaranótt laugardagsins 21. október. „Það er ung stúlka sem á leið um gangstíg skammt frá Þjóðleikhúsinu. Hún kemur að tveimur mönnum sem ráðast á hana. Vísbendingarnar um það hverjir voru að verki eru af afar skornum skammti og lýsingar á þeim sem áttu sér hlut eru ekki nákvæmar, eins og gefur að skilja,“ sagði Hörður.

Hörður segir lögregluna meðal annars hafa skoðað myndefni sem náðist á öryggismyndavélar við hús í grennd við vettvang árásarinnar. „Við höfum meðal annars skoðað myndefni, eins og alltaf er gert er svona mál koma upp, en það hefur ekkert sést ennþá sem hjálpað getur til við framgang rannsóknarinnar.“ **magnush@frettabladid.is**

**LÖGREGLAN** Lögreglan í Reykjavík vinnur nú að rannsókn tveggja nauðgunarmála sem áttu sér stað í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt 8. október og aðfaranótt 21. október. Í báðum tilfellum réðust tveir menn á stúlku um tvítugt og komu fram vilja sínum með ofbeldisfullum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**VETTVANGUR FYRRI ÁRÁSARINNAR** Stúlku um tvítugt var nauðgað í þessu húsasundi við Menntaskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**SKAMMT FRÁ VETTVANGI SEINNI ÁRÁSARINNAR** Átján ára gamalli stúlku var nauðgað við Þjóðleikhúsið aðfaranótt laugardagsins 21. október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NAUÐGANIRNAR

**Nauðgunin aðfaranótt 8. október**

Á milli klukkan 04.00 og 04.30 aðfaranótt sunnudagsins 8. október var ráðist á stúlku um tvítugt og henni nauðgað í húsasundi á bak við Menntaskólann í Reykjavík. Annar mannanna hélt höndum stúlkunnar föstum á meðan hinn kom fram vilja sínum með ofbeldisfullum hætti. Stúlkan var á heimleið eftir að hafa verið að skemmta sér í miðbænum. Hún gekk upp Amtmannsstíg þar sem tveir menn réðust á hana og þvinguðu hana inn í húsasund. Hún hafði beðið eftir leigubíl við Lækjargötu en ákvað að labba heim á leið vegna þess hversu biðröðin var löng. Vegfarandi kom að stúlkunni og aðstoðaði hana við að leita sér hjálpar.

**Nauðgunin aðfaranótt 21. október**

Á milli klukkan 05.30 og 06.00 réðust tveir menn á átján ára gamla stúlku skammt frá Þjóðleikhúsinu. Mennirnir neyddu stúlkuna inn á svæði þar sem ekki til þeirra sást og þar nauðguðu þeir stúlkunni. Um sex leytið fékk lögreglan í Reykjavík tilkynningu frá starfsmanni neyðarmóttökunnar um að stúlku hefði verið nauðgað, en hún leitaði hjálpar á neyðarmóttökunni eftir að árásarmennirnir höfðu látið sig hverfa. Lögreglan hóf þegar í stað að rannsaka málið og vinnur nú að framgangi rannsóknarinnar. Lögreglan hefur við rannsókn þessara mála skoðað myndefni sem náðst hefur á öryggismyndavélar í grennd við vettvang.


## Lausnir í jafnréttismálum

Opinn umræðufundur um jafnréttismál í tilefni femínistavikunnar

Fimmtudaginn 26. okt. í hliðarsal Café Kulture í Alþjóðahúsinu kl. 21:00

Ellen Kristjánsdóttir
tónlistarkona

Eva María Jónsdóttir
fjölmiðlakona

Katrín Anna Guðmundsdóttir
talskona Femínistafélagsins

fundarstjóri:
Oddný Sturludóttir
varaborgarfulltrúi



Fundinn heldur Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, frambjóðandi í 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember næstkomandi.

Bryndís Ísfold 6. sæti


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR HELDUR** Það var vetur í gær. Segja má að framundan séu heldur mildari dagar þó ekki hlýni að neinum krafti á næstunni. Um helgina eru þó sæmileg hlýindi í kortunum, gæti orðið 4-7 stiga hiti syðra en 2-4 stig nyrðra. Það er nokkur úrkoma í kortunum. Stöku él norðan til í dag, rigning allra syðst sem nær væntanlega inn á Faxaflóasvæðið síðdegis. Um helgina eru svo horfur á vætusömu veðri sunnan og vestan.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Austan 5-8 m/s. Skýjað en rigning eða slydda síðdegis. Hiti 2-4 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | London | 17°C alskýjað | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C skúrir | París | 19°C alskýjað | Mallorca | 22°C skúrir |
| Osló | 9°C skýjað | Frankfurt | 15°C hálfskýjað | Algarve | 22°C rigning |
| Stokkhólmur | 13°C skúrir | Friedrichshafen | 16°C alskýjað | Krít | 20°C skúrir |
| Gautaborg | 14°C alskýjað | Berlín | 18°C alskýjað | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


GLITNIR
ÉG VIL
NÁ ÁRANGRI...
...Í SPARNAÐI
Þrískiptur sparnaður Glitnis
VARASPARNAÐUR
– til að mæta óvæntum fjárútlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.
NEYSLUSPARNAÐUR
– til að safna fyrir öllu því sem hugurinn girnist, t.d. húsgögnum, heimilistækjum og utanlandsferðum. Eða bara fyrir því sem þú vilt!
LANGTÍMASPARNAÐUR
– til að byggja upp fjárhagslega velgengni í framtíðinni, t.d. kaupa betra húsnæði eða sumarhús, fara í heimsreisu eða eiga fyrir menntun barnanna.
Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði.
Farðu í næsta útibú Glitnis eða á www.glitnir.is og kláraðu málið!
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Er skóladagur barna of langur?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,4% |
| Nei | 40,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Viltu aðskilnað ríkis og kirkju?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Aðstoðarmaður menntamálaráðherra um „hóflega“ drykkju á prófi hjá börnum:

# Ráðuneytið fær skýringar

**MENNTAMÁL** Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir að allir geti verið sammála um að spurningar um skilgreiningu á því hvað sé hófdrykkja og hvað ekki og aðrar spurningar sem tengist áfengisneyslu eigi ekki erindi inn í próf hjá níu ára börnum.

„Mér vitandi hafa engar kvartanir borist ráðuneytinu,“ segir hann, „en ráðherra hefur haft frumkvæði að því að þetta mál verði tekið upp við Námsmatsstofnun og fengnar skýringar á því.“

Fréttablaðið greinir frá því á forsíðu í dag að á samræmdu prófi fjórðubekkinga í íslensku sé saga um hagamús sem fer í jólaboð til húsamúsar, drekkur þar áfengt jólaöl og verður „kát og fjörug“ og fer að „hoppa og dansa“ og tísta.



STEINGRÍMUR SIGURGEIRSSON

Á prófinu eru börnin spurð að því hvað það merki að drekka hóflega, hvort það þýði að drekka heldur mikið, drekka mátulega mikið eða drekka næstum ekki neitt.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir það hljóma afar undarlega að börn séu látin lesa um fyllerí músa í samræmdu prófunum og síðan spurð að því hvað það merki að drekka hóflega. „Þetta hljómar afar sérkennilega,“ segir hann.

Sagan um húsamúsina og hagamúsina heitir Heimboð músanna og er frá árinu 1972. Hún er úr bókinni Sólhvörf - bók handa börnum eftir Oddnýju Guðmundsdóttur. - ghs



**MÝS DREKKA ÁFENGT JÓLAÖL** Á íslenskuprófi fyrir fjórðubekkinga er saga um mýs sem drekka áfengt jólaöl og verður önnur þeirra „kát og fjörug“ þegar hún finnur fyrir áhrifunum. Á prófinu, sem gengur út á lesskilning, eru börnin spurð hvað það þýðir að drekka hóflega.






**ANTARES KOMINN Í HÖFN** Skip Ísfélagsins kom með þrjú hundruð tonn að landi í gærmorgun. Tvö skip frá Vinnslustöðinni hafa einnig verið á síldarveiðum og veitt vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Stanslaus síldveiði við Vestmannaeyjar

**Mokveiði er af millisíld við Vestmannaeyjar. Tæpt klukkutíma stím á miðin. Vinnslustöðin landaði 2000 tonnum á átta dögum. Sölusamningar eru hins vegar ekki sambærilegir við þá sem voru í fyrra, vegna framboðs frá Noregi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Góð síldveiði kætir Eyjamenn þessa dagana. Vinnslustöðin hefur verið með bátana Gullberg og Sighvat Bjarnason úti í eina átta daga og hafa þeir landað um 2000 tonnum. Ísfélagið byrjaði að flokka um 300 tonn í gærmorgun úr sinni fyrstu ferð á miðin. Síldin er „hefðbundin Suðurlandssíld“ um 200–240 grömm og megnið, eða þrír fjórðu aflans, er ætlað til manneldis. Ætla má að milli hundrað og hundrað og fimmtíu manns hafi atvinnu af síldinni þessa dagana í Eyjum.

Síldin heldur sig austur og suður með eyjunum og svo skammt undan að annað eins hefur ekki sést lengi. Þór Vilhjálmsson starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar segir muna geysilega miklu að geta sótt síldina á hálftíma- til klukkutíma stími, en norðaustan bræla hefur hamlað veiðum á Austurmiðum. „Við höfum þurft að sækja þetta austur á land síðustu ár, en það er mjög gott að hafa þetta hérna við bæjardyrnar. Það er stanslaus veiði.“

> „Gott að hafa þetta hérna við bæjardyrnar.“
>
> ÞÓR VILHJÁLMSSON HJÁ VINNSLUSTÖÐINNI.

Eyjamenn bíða þó enn færis að komast austur í stærri síld, því eftirspurn eftir millisíld er tregari en hún var í fyrra. Aukið framboð á síld frá Noregi hefur þrýst verðlagi á millisíld niður og er það áhyggjuefni margra. Einn sölumaður gekk svo langt í samtali við Fréttablaðið að kalla sölusamningana í ár „ósambærilega“ við þá sem fengust í fyrra.

En það er enginn barlómur í Teiti Gylfasyni, forstöðumanni hjá Iceland Seafood. Hann telur að markaðirnir séu nægilega stórir til að taka við auknu framboði. „Það er ljóst að aukin samkeppni er framundan. Verðið í haust hefur verið ágætt, þótt það sé aðeins lægra en í fyrra. En það er engin ástæða til að vera með hrakspár í upphafi vertíðar. Menn verða bara að taka þetta frá degi til dags. Við gefum okkur aldrei að verð lækki fyrirfram.“ Björn Brimar, framleiðslustjóri Ísfélagsins, telur einnig líklegt að síldin seljist þokkalega, enda komi síldin sem nú veiðist í Eyjum afar fersk á markað.

klemens@frettabladid.is




Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, var yfirheyrður hjá Ríkislögreglustjóra:

# Aðstoð á fölskum forsendum

**BAUGSMÁL** Íslensk lögregluyfirvöld eru sögð hafa óskað eftir aðstoð hjá lögregluyfirvöldum í Lúxemborg á fölskum forsendum við rannsókn Baugsmálsins. Þetta kemur fram í bréfi sem Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., lagði fram við yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóra í gær.

Embætti ríkislögreglustjóra óskaði eftir aðstoð við rannsókn á meintum brotum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar. Í beiðni Ríkislögreglustjóra til lögregluyfirvalda í Lúxemborg voru þeir sagðir grunaðir um fjárdrátt, fjársvik, innherjasvik og peningþvætti í tengslum við viðskipti við Kaupthing Luxembourg. Í bréfi Jóns Ásgeirs, sem stílað er á Jón H. B. Snorrason, yfirmann efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, er látið að því liggja að lögregluyfirvöld í Lúxemborg hafi aðeins heimilað afhendingu tiltekinna gagna á þeim forsendum að þau tengdust rannsókn á brotum sem tiltekin voru í beiðni Ríkislögreglustjóra. Gögnin hafi síðan, á seinni stigum málsins, verið notuð í öðrum tilgangi en heimildir lögregluyfirvalda í Lúxemborg gáfu tilefni til.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Jón Ásgeir var í gær yfirheyrður vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum er tengjast Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. og Baugi Group hf. en rannsóknin byggir á kæru sem barst frá skattrannsóknarstjóra til Ríkislögreglustjóra í nóvember 2004.

Ekki náðist í Jón H. B. Snorrason í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mh

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



BÆJARÚTGERÐIN · A4 HÖNNUNARSTOFA

www.alftanes.is

# Samkeppni

## um skipulag á miðsvæði Álftaness

**Sveitarfélagið Álftanes** hefur ákveðið að efna til framkvæmdasamkeppni um skipulag miðsvæðis á Álftanesi í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

Gert er ráð fyrir að byggðin á miðsvæðinu verði í framtíðinni andlit sveitarfélagsins og kjarni atvinnulífs og þjónustu á Álftanesi.

### MARKMIÐ MEÐ BYGGÐINNI Á MIÐSVÆÐINU ER:

- Að þar rísi lifandi og fjölbreytt byggð sem þjóni íbúum sveitarfélagsins á sem flestum sviðum. Þar verði vettvangur öflugs mannlífs sem laði að jafnt íbúa og ferðamenn.
- Að uppbygging þar verði í sem bestu samræmi við umhverfið og þá byggð sem fyrir er á nesinu og samræmist hugmyndum íbúa um lágreista byggð og Álftanesið sem „sveit í borg".
- Að miðsvæði Álftaness verði í sem bestum tengslum við aðra hluta sveitarfélagsins: einstök íbúðahverfi, óbyggð svæði, strandlengjuna og aðkomuleiðir út á nesið.
- Að byggðin á miðsvæðinu myndi látlausa og virðulega aðkomu inn í sveitarfélagið, þar sem sérstök áhersla er lögð á góða ásýnd gagnvart leiðinni að forsetasetrinu á Bessastöðum.
- Að vegir og stígar innan svæðisins verði öruggir og skilvirkir fyrir alla hópa vegfarenda, akandi sem gangandi, með lausnum á akstursleiðum og bílastæðum er taki ríkt tillit til umhverfisins.
- Að áætlun um skipulag svæðisins sé raunsæ og í takt við það samfélag sem miðsvæðið á að þjóna, með nægilega sveigjanlegum lausnum sem loka ekki á möguleika til þróunar og breytinga.

### KEPPNISGÖGN

Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust frá og með 30. október 2006 á bæjarskrifstofu Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi. Einnig verður unnt að nálgast keppnislýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftaness, www.alftanes.is frá og með sama degi og á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 2. hæð, 105 Reykjavík á milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga.

Önnur keppnisgögn verða afhent gegn skilatryggingu á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, á milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga, frá og með 30. október 2006.

### SKIL OG ÚRSLIT

Gert er ráð fyrir að tillögum verði skilað til trúnaðarmanns á skrifstofu Arkitektafélags Íslands eigi síðar en þriðjudaginn 6. febrúar 2007. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í febrúar 2007.

### DÓMNEFND

Í dómnefnd sitja: Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt FAÍ og Helgi Bollason Thoroddsen arkitekt FAÍ, skipuð af Arkitektafélagi Íslands, Sigurður Magnússon bæjarstjóri, Manfreð Vilhjálmsson arkitekt FAÍ og Guðmundur G. Gunnarsson bæjarfulltrúi fyrir hönd Sveitarfélagsins Álftaness. Trúnaðarmaður keppninnar er Haraldur Helgason arkitekt.

### VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 6.000.000.
Stefnt er að veitingu þrennra verðlauna, 1., 2. og 3. verðlauna. - 1. verðlaun verða eigi lægri en kr. 3.000.000. Auk þess er dómnefnd heimilt að verja allt að kr. 750.000 til aukaverðlauna.

Sveitarfélagið ÁLFTANES

**Framboð í forval VG á höfuðborgarsvæðinu vegna alþingiskosninga 2007**

Auglýst er eftir framboðum í forval Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs vegna alþingiskosninga 2007 í kjördæmunum Reykjavík suður, Reykjavík norður og Suðvesturkjördæmi.

Framboðsfrestur er til kl. 17.00 laugardaginn **11. nóvember 2006** og skulu tilkynningar um framboð berast skriflega fyrir þann tíma merktar sem hér segir

**Vinstrihreyfingin – græn framboð**
**b.t. kjörstjórnar VG á höfuðborgarsvæðinu**
**Pósthólf 175**
**121 Reykjavík**

Þeir sem vilja stinga upp á frambjóðanda geri það einnig skriflega til kjörstjórnar. Uppástungur þurfa að berast eigi síðar en **4. nóvember 2006** og mun kjörstjórn þá leita eftir samþykki þeirra sem bent hefur verið á.
Uppástungum um frambjóðendur á að fylgja heimilisfang þeirra og símanúmer.

**Kjörstjórn VG á höfuðborgarsvæðinu**


LÉTT BYLGJAN 967

Bandaríkjamenn segjast bjartsýnir á að Írakar taki brátt við öryggismálum í Írak:

# Hálft annað ár ætti að duga

**BAGDAD, AP** Írakar hafa fallist á að gera nú fyrir árslok tímaáætlun um yfirtöku heimamanna á öryggismálum í landinu, að því er Zalmay Khalilzad, sendiherra Bandaríkjanna í Írak, fullyrti í gær. Jafnframt sagði Khalilzad að Bandaríkjamenn yrðu að efla starfsemi sína í Írak um helming til þess að geta náð árangri.

Þetta sagði hann í Bagdad í gær á sameiginlegum blaðamannafundi með George Casey herforingja, sem er æðsti yfirmaður bandaríska heraflans í Afganistan. Casey sagðist á fundinum hafa trú á því að Írakar gætu innan hálfs annars árs tekið við öryggisgæslu í landinu.

„Ég tel að það þurfi 12 til 18 mánuði í viðbót eða svo, þangað til írösku öryggissveitirnar verða fullfærar um að að taka að sér ábyrgð á eigin öryggismálum," sagði Casey á fundinum í gær. Ofbeldi fer jafnt og þétt vaxandi í Írak. Nú í þessum mánuði hefur til dæmis mannfall meðal bandarískra hermanna verið meira en nokkru sinni. **- gb**



**CASEY OG KHALILZAD** Yfirmaður bandaríska herliðsins í Írak og sendiherra Bandaríkjanna í Írak héldu sameiginlegan blaðamannafund í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölgun erlendra ferðamanna:

## Fleiri ferðamenn í ár

**FERÐAMENN** Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 14,5 prósent í nýliðnum septembermánuði miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta kemur fram í talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð.



**FERÐAMENN** Ferðamönnum frá Norðurlöndunum og Bretlandi fjölgar mest.

Fyrstu níu mánuði ársins fóru rúmlega 325 þúsund erlendir ferðamenn um flugstöðina en á sama tímabili í fyrra voru þeir rúmlega 303 þúsund og nemur aukningin því 7,2 prósentum.

Flestir ferðamenn koma frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku en mest er fjölgun ferðamanna frá Norðurlöndunum og Bretlandi. **- hs**



**DÆMDUR MAÐUR** Fyrrum framkvæmdastjóri Enron, Jeffrey Skilling, til hægri, mætti í lögreglufylgd í dómssal í Houston í Texas á mánudag, þegar hann var dæmdur í 24 ára og fjögurra mánaða fangelsi fyrir aðild sína að víðtæku fjármálamisferli sem olli gjaldþroti fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fær 24 ára fangelsi

**Fyrrverandi framkvæmdastjóri bandaríska orkufyrirtækisins Enron hlýtur 24 ára fangelsisdóm fyrir fjársvikamál sem olli gjaldþroti fyrirtækisins.**

**BANDARÍKIN, AP** „Glæpir hans hafa þröngvað ævilangri fátækt upp á hundruð ef ekki þúsundir manna," sagði Sim Lake dómari við dómsuppskurð sinn yfir Jeffrey Skilling, fyrrum framkvæmdastjóra Enron á mánudag.

Skilling hlaut tuttugu og fjögurra ára og fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir aðild sína að víðtæku fjármálamisferli sem olli gjaldþroti Enron árið 2001.

Þetta var einn harðasti dómur sem fallið hefur í hvítflibbaglæpamáli í Bandaríkjunum.

Enron var bandarískt orkufyrirtæki með höfuðstöðvar í Houston, Texas. Fyrir gjaldþrotið störfuðu um 21 þúsund manns hjá fyrirtækinu, sem var eitt hið stærsta í heiminum á raforku-, gas-, pappírs- og fjarskiptamarkaðnum. Við gjaldþrotið misstu þúsundir manna vinnu sína auk eftirlaunaréttar síns, og fjárfestar töpuðu milljörðum dollara.

Skilling hefur staðfastlega haldið því fram að hann sé saklaus af öllum ákærum. Í dómssal bar hann því við að hann harmaði afdrif Enron, en þegar út var komið gætti lítils iðrunartóns þegar hann tilkynnti blaðamönnum ætlun sína um að áfrýja dómnum.

„Ég trúi því að ég hljóti uppreisn æru," sagði Skilling við blaðamenn.

Skilling og Ken Lay, stofnandi Enron, voru í maí síðastliðnum fundnir sekir um innherjaviðskipti, fjár- og bókhaldssvik, að hafa leynt skuldum fyrirtækisins og ýkt hagnað þess. Lay lést hins vegar úr hjartasjúkdómi í sumar.

Skilling, sem er 52 ára og þriggja barna faðir, mun þó væntanlega ekki þurfa að sitja alla 292 mánuðina í varðhaldi.

Enn er óvíst hvenær hann verður fluttur í fangelsi, en mælt hefur verið með því að hann sitji dóm sinn af sér í alríkisfangelsi í Norður-Karólínu.

Þar til er hann í stofufangelsi heima hjá sér, þar sem honum er gert að vera með rafstýrt ökklaband sem á að koma í veg fyrir að hann fari úr húsi.

Eftir að í fangelsið er komið, getur hann skorið 52 daga af hverju dæmdu ári með góðri hegðun og ljúki hann áfengis- og geðheilsumeðferð, fellur eitt ár af dómnum.

Eignir Skillings verða gerðar upptækar og eins er honum gert að greiða yfir átján milljónir dollara í bætur. **smk@frettabladid.is**


FORESTER SUBARU




Subaru Forester brúar bil milli tveggja heima. Hann er lipur og léttur í borgarakstri en hefur dráttarkraft á við mun stærri jeppa sem gerir hann óstöðvandi á landsbyggðinni. Sítengt aldrifið tryggir einstakt veggrip og niðurstaðan er jepplingur sem nýtist þér jafnt innan sem utan bæjar. Samt er Forester ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðinum í dag.

250.000 kr. Vetrartilboð
Fylgir með á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk, dráttarbeisli og 16" álfelgur.
www.subaru.is

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,- SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Þjóðar-
spegillinn
2006**

Rannsóknir í
félagsvísindum
VII

Lagadeild
Félagsvísindadeild
Viðskipta- og hagfræðideild

**27. október
2006**

Háskóli Íslands
Oddi / Lögberg

Opin ráðstefna
**Allir velkomnir**

# Þjóðar-spegillinn 2006

## Lagadeild

**kl. 11–13 Lögberg 101**
**Mannréttindi og lögskýringar**
Björg Thorarensen
Róbert R. Spanó

**kl. 13–15 Lögberg 102**
**Kynferðisbrot ofbeldisafbrot og miskabætur**
Ása Ólafsdóttir
Beth Grothe Nielsen
Hildigunnur Ólafsdóttir
Ragnheiður Bragadóttir

**kl. 13–15 Lögberg 101**
**Lagasetning og stefnumótun í fjölmiðlamálum.**
Elfa Ýr Gylfadóttir
Karl Axelsson
Páll Þórhallsson

## Viðskipta- og Hagfræðideild

**kl. 9–11 Oddi 101**
**Stjórnun stefnumótun**
Runólfur Smári Steinþórsson
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Sigfús Ólafsson
Snorri Örn Árnason

**kl. 9–11 Oddi 202**
**Hagfræði**
Ágúst Einarsson
Katrín Ólafsdóttir
Margrét Sigríður Sigurðardóttir
Sigríður Hrund Pétursdóttir

**kl. 11–13 Oddi 201**
**Starfsmannamál**
Eðvald Möller
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Inga Jóna Jónsdóttir
Sigrún H. Kristjánsdóttir

**kl. 11–13 Oddi 202**
**Fjármál I**
Guðmundur Kr. Óskarsson
Gylfi Zoega
Helgi Tómasson
Kári Sigurðsson

**kl. 13–15 Oddi 101**
**Markaðsfræði og ferðamálafræði**
Anna Dóra Sæþórsdóttir
Ásta Dís Óladóttir
Friðrik Larsen
Hugi Sævarsson

**kl. 13–15 Oddi 206**
**Fjármál II**
Haukur C. Benediktsson
Ragnar Árnason
Helga Kristjánsdóttir
Stefán B. Gunnlaugsson

**kl. 15–17 Oddi 201**
**Rekstur skóla**
Anton Örn Karlsson
Gylfi Magnússon
Ingjaldur Hannibalsson
Þórhallur Guðlaugsson

**kl. 15–17 Oddi 202**
**Opinberi geirinn**
Bjarni Frímann Karlsson
Finnbogi Rafn Jónsson
Snjólfur Ólafsson

## Félagsvísindadeild

**kl. 9–11 Oddi 201**
**Mannfræði**
Unnur Dís Skaptadóttir
Kristín Loftsdóttir
Sveinn Eggertsson
Jónína Einarsdóttir

**kl. 9–11 Lögberg 102**
**Heilsufélagsfræði**
Rúnar Vilhjálmsson
Hermann Óskarsson
Haukur Freyr Gylfason
Hanna Lára Steinsson

**kl. 9–11 Lögberg 103**
**Alþjóðamálastofnun**
Gunnhildur Magnúsdóttir
Eiríkur Bergmann Einarsson
Baldur Þórhallsson
Michael Corgan

**kl. 11–13 Oddi 101**
**Félagsfræði**
Pétur Pétursson
Guðrún Á. Stefánsdóttir
Stefán Ólafsson
Harpa Njáls

**kl. 11–13 Oddi 206**
**Álitamál í mælingum**
Jón Gunnar Bernburg
Fanney Þórsdóttir
Þorlákur Karlsson
Guðmundur Bjarni Arnkelsson

**kl. 11–13 Lögberg 102**
**Félagsráðgjöf**
Freydís Freysteinsdóttir
Sigrún Júlíusdóttir
Steinunn Hrafnsdóttir
Guðný Björk Eydal
Sigurveig H. Sigurðardóttir

**kl. 11–13 Lögberg 103**
**Uppeldisfræði**
Sigrún Aðalbjarnardóttir
Berglind Rós Magnúsdóttir
Gyða Jóhannsdóttir
Jóhanna Einarsdóttir
Brynhildur Þórarinsdóttir

**kl. 13–15 Oddi 202**
**Þjóðfræði**
Gísli Sigurðsson
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Valdimar T. Hafstein
Terry Gunnell
Aðalheiður Guðmundsdóttir

**kl. 13–15 Oddi 201**
**Kennslufræði**
Guðrún Geirsdóttir
Hafdís Ingvarsdóttir
Þóroddur Bjarnason
Jakobína Ólafsdóttir
Sigurborg Matthíasdóttir

**kl. 13–15 Lögberg 103**
**Fötlunarfræði**
Snæfríður Þóra Egilsson
Hanna Björg Sigurjónsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Rannveig Traustadóttir

**kl. 13–15 Lögberg 201**
**Sálfræði**
Zuilma Gabríela Sigurðardóttir
Sigurlína Davíðsdóttir
Ólafur Örn Bragason
Elín Díanna Gunnarsdóttir

**kl. 15–17 Lögberg 102**
**Fjölmiðlafræði**
Þorbjörn Broddason
Elfa Ýr Gylfadóttir
Guðbjörg Hildur Kolbeins
Helgi Gunnlaugsson

**kl. 15–17 Oddi 101**
**Bókasafnsfræði**
Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Ágústa Pálsdóttir
Stefanía Júlíusdóttir
Áslaug Agnarsdóttir
Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir

**kl.15–17 Lögberg 101**
**Stjórnmála- og stjórnsýslufræði**
Ómar H. Kristmundsson
Indriði Indriðason
Guðmundur Heiðar Frímannsson
Gunnar Helgi Kristinsson
Úlfar Hauksson

**kl. 15–17 Lögberg 103**
**Kynjafræði**
Guðný Guðbjörnsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir
Gyða Pétursdóttir
Einar Mar Þórðarson
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

**kl. 15–17 Lögberg 201**
**Af hugtökum og mælingum**
Daníel Ólason
Árni Kristjánsson
Friðrik H. Jónsson
Magnús Kristjánsson

**www.thjodarspegillinn.hi.is**



# Illugi og kosningarnar í vor

**Hvert er erindi Sjálfstæðisflokksins í kosningunum næsta vor?**
Fundur í kosningamiðstöð Illuga Gunnarssonar **Suðurlandsbraut 14 í dag miðvikudaginn 25. október kl. 17:30.**
**Framsaga og opnar umræður.**

**Allir velkomnir!**
*stuðningsmenn Illuga*

Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti
**Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.**
**www.illugi.is**


## Stefnt að meiri útgáfu stofnfjár í SPRON:

# Stofnfé aukið um 10 milljarða

**VIÐSKIPTI** Stjórn SPRON hefur boðað til stofnfjáreigendafundar á næstunni þar sem lagt verður til að hún fái heimild til að tvöfalda stofnfé sparisjóðsins með sölu þess til núverandi stofnfjáreigenda. Uppreiknað verðmæti stofnfjárins er um tíu milljarðar króna og fer því í 20 milljarða króna verði tillagan samþykkt og heimildin nýtt að fullu.

Talið er sennilegt að tillagan sé liður í því að hlutafélagavæða SPRON en aukningin myndi auka hlutfall stofnfjár af heildar eigin fé. Vonir standa til að hægt verði að ljúka við útboðið fyrir áramót þótt það liggi ekki fyrir hvað stefnt verði að mikilli aukningu verði stofnfjáreigendur stjórn heimild.

Frá vorinu 2005 hefur stofnfé sparisjóðsins verið meira en tólffaldað, en í vor var nýtt stofnfé selt fyrir 5,5 milljarða króna. **- hh/eþa**





**SPRON** Stofnfé Spron verður 20 milljarðar verði tillagan samþykkt.



**Á VETTVANGI** Ýmsir viðbragðshópar eru útsettir fyrir tilfinningalegri örmögnun í starfi svo sem slökkvilið, björgunarsveitir, sjúkraflutningamenn og aðrir sem koma að atburðum á vettvangi og standa augliti til auglitis við hina ýmsu þolendur.

# Lögreglumenn fá áfallahjálp

**Undirbúningur er hafinn að því að setja á fót hjá embætti Ríkislögreglustjóra áfallateymi sérfræðinga. Markmiðið er að aðstoða lögreglumenn í kjölfar erfiðra verkefna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Áfallahjálparhópur sem fyrirhugað er að setja á laggirnar hjá embætti Ríkislögreglustjóra á að gegna því hlutverki að aðstoða lögreglumenn vegna streitu sem þeir verða fyrir í starfi, að sögn Ólafs Arnar Bragasonar sálfræðings hjá embættinu. Aðstoðinni er meðal annars ætlað að koma í veg fyrir svokallaða kulnun í starfi, sem getur leitt til andlegrar örmögnunar hjá starfsmönnum, sem fyrir henni verða.

Ólafur Örn starfar að undirbúningi kerfisbundinnar áfallahjálpar fyrir lögreglumenn, ásamt fulltrúum frá Lögregluskóla ríkisins og Landssambandi lögreglumanna. Starfið er hafið að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins.

Fréttablaðið hefur að undanförnu greint frá ýmsum sláandi staðreyndum um þessa starfsstétt, svo sem lágum lífaldri, nokkuð tíðum bótaskyldum slysum í starfi og tíðni sjálfsvíga.

„Afleiðingar kulnunar í starfi geta verið margvíslegar,“ segir Ólafur Örn. „Þær geta komið fram í fjölgun veikindadaga hjá starfsmanni, minnkandi þjónustulund og hverfandi ánægju við að veita þjónustuna til borgaranna. Þær geta komið fram í því að afköst í vinnu verða lítil sem engin og snemmbúnum starfslokum.“

Ólafur Örn bendir á að upplifi fólk lítinn árangur af starfi sínu sé hættara við kulnun í starfi. Lögreglumenn sjái mikið í starfi sínu sömu andlitin aftur og aftur. Þeir hitti fólk oft fyrir í þess versta ástandi. Þegar menn fari í streituvekjandi atburði og nái ekki að losa streituna, safnist hún smátt og smátt upp og geti valdið tilfinningalegri örmögnun. Ýmsir viðbragðshópar séu útsettir fyrir þessari upplifun í starfi, svo sem slökkvilið, björgunarsveitir, sjúkraflutningamenn og aðrir sem komi að á vettvangi og standi augliti til auglitis við hina ýmsu þolendur.

„Úr þessu viljum við bæta með því að auka aðgengi að sérfræðingum og koma á fót viðbragðsteymi áfalla,“ segir Ólafur Örn. Hann segir enn fremur að forvarnir séu grundvallaratriði í öllu þessu ferli. Þar megi nefna hreyfingu, mataræði og fræðslu. Fræðsluþátturinn sé á hendi Lögregluskólans. Að sögn Ólafs Arnar stefnir starfshópur Ríkislögreglustjóra á að skila tillögum sínum um fyrirkomulag áfallahjálparinnar til ráðuneytisins á þessu ári. **jss@frettabladid.is**

## Grunaður raðmorðingi:

# Játaði morð á 15 ára pilti

**BRASILÍA, AP** Brasilískur karlmaður, sem sakaður er um að hafa myrt 42 drengi og skorið kynfærin undan sumum þeirra, játaði á mánudag að hafa banað einum 15 ára pilti.

Verið er að rétta í máli mannsins, sem er 41 árs gamall og starfaði við að gera við reiðhjól. Hann var handtekinn eftir að lík tveggja ungra drengja fundust grafin í gólf kofa hans í fátækrahverfi Sao Jose do Ribamar árið 2004.

Hann bar því við að kynferðislegt ofbeldi sem hann sætti sem barn hefði orðið til þess að hann myrti piltinn. Réttarhöldin eru haldin á skemmtistað, þar sem réttarsalur Sao Jose do Ribamar er ekki nógu stór til að rúma ástvini drengjanna, sem skipta hundruðum. **- smk**


# Dögg Pálsdóttir

**LÁTUM VERKIN TALA**

**Ég vil efla stuðning við foreldra í foreldrahlutverki þeirra, m.a. á grundvelli sameiginlegrar forsjár.**

**Kynntu þér áherslumál Daggar á www.dogg.is**



**KOSNINGASKRIFSTOFA**
**Laugavegi 170, 2. hæð**
**opnunartími virka daga kl. 16-22 og um helgar frá kl. 12-18**
**dogg@dogg.is**
**sími 517-8388**

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006
**www.dogg.is í 4. sætið**



SPRON hlýtur viðurkenningu Jafnréttisráðs 2006

# Kærar þakkir

SPRON hlaut í gær viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja. Fyrir það erum við afar stolt og þakklát.

Viðurkenningin er staðfesting á þeim árangri sem við höfum náð í jafnréttismálum og hvatning til að gera enn betur.

spron

ARGUS 06-0575



**LEIKUR AÐ BYSSUM** Á hersýningu í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, á sunnudaginn fengu börnin tækifæri til að leika sér að vopnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framboðsstyrkur Íslands til Öryggisráðs SÞ felst í sérkennum landsins:

# Getum látið gott af okkur leiða

**ÖRYGGISMÁL** Sigríður Snævarr, kosningastjóri framboðs Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sagði á fundi um framboðið í gær að framboðsstyrkur Íslendinga fælist meðal annars í því að við hefðum aldrei setið þar áður. „Það er tilfinning meðal aðildarríkjanna að það eigi að vera hringrás innan ráðsins. Að þar eigi að vera eins mikil fjölbreytni og fremst er kostur.“

Í máli hennar kom einnig fram að ef Íslendingar hlytu kosningu þá yrðum við fámennasta þjóðin sem nokkurn tímann hefði setið í Öryggisráðinu. Þá ynni það með okkur að við værum herlaus þjóð og auk þess fyrrum nýlenda. „Við erum eins, en samt öðruvísi.“



**SIGRÍÐUR SNÆVARR** Kosningastjóri framboðs Íslands til öryggisráðs SÞ, kynnti framboðið á fundi í gær.

Ísland sækist eftir setu í ráðinu frá og með 1. janúar 2009 en kosið verður á milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands um tvö laus sæti vestrænna ríkja í öryggisráðinu.

Sigríður sagði tilgang framboðsins fyrst og síðast þann að láta gott af sér leiða á alþjóðavettvangi. „Við ætlum að hækka metnaðarstigið, efla okkur á alla enda og kanta til þess að rödd Íslands hljómi á þessum vettvangi þannig að við getum lagt okkar af mörkum til lausnar á deilumálum í fjarlægum ríkjum.“ Hún sagði Íslendinga vel geta haft áhrif innan ráðsins. „Við erum norræn þjóð og sú ímynd og ásýnd sem fylgir þeim á alþjóðavettvangi er mjög jákvæð.“ - þsj

Bilaður skólabíll:

## Fá gefins vél

**SVEITARSTJÓRNIR** Hólmvíkingar fá gefins vél í skólabíl sveitarfélagsins sem notaður hefur verið fyrir akstur úr Djúpinu.

Dísilvél bílsins er ónýt eftir aðeins 135 þúsund kílómetra akstur sem þykir afspyrnu léleg ending fyrir þess konar vél, eins og segir í fundargerð sveitarstjórnarinnar.

„En sem betur fer ætlar umboð Ingvars Helgasonar að láta okkur fá nýja, strípaða vél okkur að kostnaðarlausu og benti auk þess á verkstæði sem var tilbúið að setja nýju vélina í fyrir 120 þúsund krónur,“ segir í fundargerðinni.

Um er að ræða mikið breyttan bíl. - gar

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

### KÍNA

**Gulafljót mengað rautt**

Kínverska áin Gulafljót varð rauð á tæplega kílómetra löngum kafla þegar starfsmenn hitaveitu helltu lituðum úrgangi í ána meðan á viðgerð hitaveitunnar stóð. Mikið uppnám varð í Lanzhou borg við atvikið, en fólk þar nýtir vatn fljótsins til drykkjar. Forsvarsmenn hitaveitunnar hafa verið áminntir.

### SVÍÞJÓÐ

**Skip sökk**

Mannbjörg varð þegar sænskt herskip sökk við æfingar skammt frá Stokkhólmi snemma í gærmorgun. Áhöfnin, sextán manns, yfirgaf skipið þegar það fór að sökkva og komust flestir í björgunarbáta, þótt sumir enduðu í sjónum. Öllum var svo bjargað um borð í önnur skip og sakaði engan, að sögn sænska hersins.



**GEIR H. HAARDE SKRIFAR UNDIR SAMNINGINN** Geir H. Haarde sést hér undirrita samning um stofnun Þróunarfélagsins á blaðamannafundi sem fram fór í höfuðstöðvum Kaffitárs í Reykjanesbæ. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sitja við hlið Geirs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eignum verði komið í arðbæran rekstur

**Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar var formlega stofnað í gær. Líklegt að mörg fyrirtæki geti nýtt sér nálægðina við alþjóðaflugvöll, segir Geir H. Haarde. Byrjum á því að hreinsa svæðið og huga að viðhaldi, segir Magnús Gunnarsson.**

**VARNARSVÆÐIÐ** Vonast er til þess að Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. takist að efla atvinnulíf á Suðurnesjum og nýta sóknarfæri sem skapast hafa með brottför bandaríska varnarliðsins. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli manna á stofnfundi Þróunarfélagsins, sem fram fór í Keflavík í gær.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagðist á fundinum vonast til þess að félagið myndi leggja grunninn að þróun verkefna á svæðinu við Keflavíkurflugvöll. „Markmiðið er að félagið muni á endanum skila eigendum sínum arði. Íslenska ríkið á þessar eignir sem um ræðir og við teljum mikilvægt að koma þeim í arðbær, borgarleg not,“ sagði Geir og lagði jafnframt á það áherslu að mörg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að starfa í nágrenni við Keflavíkurflugvöll. „Það hafa ýmsar góðar hugmyndir komið fram. Ég tel að mörg fyrirtæki geti nýtt sér tækifæri sem fylgja því að vera með starfsemi í grennd við alþjóðaflugvöll í miklum vexti, en eflaust á markaðurinn eftir að koma fram með hugmyndaríkar og góðar lausnir á þessum málum.“

Íslenska ríkið leggur til tuttugu milljónir króna í félagið en fyrst um sinn hefur félagið yfirumsjón með undirbúningsvinnu á svæði varnarliðsins við Keflavíkurflugvöll. Auk þess kemur félagið til með að annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna ríkisins á svæðinu á grundvelli þjónustusamninga við ríkið. Inn í þessum samningum telst meðal annars útleiga á eignum, hreinsun svæðisins og eftir atvikum niðurrif mannvirkja.

Magnús Gunnarsson, formaður stjórnar Þróunarfélagsins, vonast til þess að félagið geti komið miklu í verk á skömmum tíma. „Við byrjum á því að leggja okkur fram við að ná utan um verkefnið í heild, og reynum þannig að kortleggja öll þau verkefni sem fyrir liggja. Við þurfum að skoða vandlega hvernig við getum hagað málum í hreinsun svæðisins og viðhaldi á eignum. Eftir þessa grundvallarvinnu er hægt að móta framtíðarsýn um það hvernig hægt verði að koma eignunum í arðbæran rekstur.“

Auk Magnúsar sitja Stefán Þórarinsson og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, í stjórn félagsins. Varamenn þeirra í stjórn eru Hildur Árnadóttir, Helga Sigrún Harðardóttir og Sigurður Valur Ásbjarnarson.

magnush@frettabladid.is

## Grunnurinn verði lagður

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, vonast til þess að Þróunarfélagið leggi grunninn að árangursríku starfi. „Það skiptir sköpum fyrir sveitarfélagið að þetta starf sé komið af stað. Það er líka gott til þess að vita að alþjóðaflugvöllurinn sé sífellt að eflast. Alþjóðaflugvöllurinn er aðal starfsvettvangur fólks á Suðurnesjum og ég tel að þetta félag geti lagt sitt af mörkum til þess að efla starfið enn frekar. En félög eins og þessi þurfa að fá rými til þess að leggja grunninn að metnaðarfullu starfi. Það er mikilvægt að hafa það í huga, að eftir að félagið hefur lagt grunninn fyrir starfsemi á varnarsvæðinu, þá geti menn mælt árangurinn eftir því hvenær verður hægt að leggja félagið niður.“



**ÁRNI SIGFÚSSON** Bindur vonir við starf félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Íslenska ríkið á þessar eignir sem um ræðir og við teljum mikilvægt að koma þeim í arðbær, borgarleg not.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006



Þekking
Frumkvæði
Árangur

Málefnafundur um „Skapandi Ísland“ miðvikudaginn 25. október kl. 12.00.

Staður: Kosningaskrifstofan í Landsímahúsinu við Austurvöll.

Verið velkomin.

Stuðningsfólk Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

Guðfinna S. Bjarnadóttir
Valfrelsi og skapandi umhverfi
3. sætið

www.gudfinna.is
gudfinna@gudfinna.is

Opið virka daga kl. 10:00–20:00
Helgar kl. 10:00–18:00
Sími 591 1100

KOSNINGASKRIFSTOFA GUÐFINNU S. BJARNADÓTTUR LANDSÍMAHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

# tilboðin í nettó

## ennþá betri verð

frábært verð



999 kr/kg

Smálúðuflök 1 kg.

ódýrt



399 kr/pk

Humar 500g.

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 25. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Hugmyndir Vegagerðarinnar um stofnbraut að nýjum göngum kljúfa Eskifjörð:

# Vilja færslu stofnbrautar

**SAMGÖNGUR** Hugmyndir Vegagerðarinnar um stofnbraut að nýjum jarðgöngum á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar koma til með að kljúfa í sundur byggð á Eskifirði og hafa þannig áhrif á framtíðarskipan íbúðasvæðis á Eskifirði.

Jens Garðar Helgason bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð segir að samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar kljúfi stofnbrautin nýja byggð, þar sem gert sé ráð fyrir 45-55 íbúðum, frá meginhluta kaupstaðarins. „Hugmyndir nokkurra bæjarfulltrúa eru þær að stofnbrautin verði færð 300-500 metrum innar og liggi þar með ekki í gegnum byggð.



**GÖNG UM ODDSKARÐ** Göngin eru erfið stórum bílum og hafa bílstjórar lent í því að bakka út úr göngunum þar sem þau eru einbreið.

Jens segir að Vegagerðin hafi beðið bæjaryfirvöld að fresta deiliskipulagi þar til þeir væru búnir með sína vinnu. „Vinnu Vegagerðarinnar átti að ljúka um miðjan september en henni er enn ólokið. Því má segja að nýja byggðin sé í gíslingu því þar verður ekkert gert fyrr en vinnu Vegagerðarinnar er lokið.“

Jens segir íbúa Fjarðabyggðar bíða spennta eftir nýjum göngum enda gömlu göngin um Oddskarð barn síns tíma. „Þessi göng eru mjög erfið stórum bílum og bílstjórar hafa lent í því að vera innikróaðir í göngunum í einhvern tíma þegar umferð stórra bíla er mikil. Nú liggur fyrir fjármagn fyrir tilraunaboranir að nýjum göngum og það er von okkar að ráðist verði í þetta verkefni að loknum Héðinsfjarðargöngum.“ **- hs**

Harðar deilur á norska þinginu um þátttöku í hernaði í Afganistan:

# Norska stjórnin gagnrýnd

**ÓSLÓ, AP** Stjórnarandstaðan í Noregi gagnrýndi í gær á þingi samsteypustjórn Verkamannaflokksins, Miðflokksins og Sósíalíska vinstriflokksins harðlega fyrir að neita beiðni frá Nató um að senda fleiri norska hermenn til Afganistans.

Í síðustu viku svaraði norska stjórnin beiðni um fleiri hermenn, beiðni sem yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins sendi til allra aðildarríkja bandalagsins til þess að takast á við ástandið í suðurhluta landsins.

Hægri flokkarnir, sem eru í stjórnarandstöðu, gagnrýndu Verkamannaflokkinn fyrir að láta undan kröfum minnsta stjórnarflokksins, þ.e. Sósíalíska vinstriflokksins, sem er andvígur Nató. Jafnframt sögðu stjórnarandstæðingarnir, með þær Siv Jensen leiðtoga Framfaraflokksins og Ernu Solberg leiðtoga íhaldsmanna í farabroddi, að neitunin geti dregið úr áhrifum Noregs innan Nató.

Jonas Gahr Støre utanríkisráðherra svaraði gagnrýninni með því að benda á að norskir hermenn í Afganistan séu nú þegar 518 talsins og það geti engan veginn talist lítið framlag.

„Með tilliti til fólksfjölda þá er framlag Noregs með því stærsta,“ sagði hann. Auk þess tók hann fram að hugsanlega mætti senda fleiri hermenn síðar. **- gb**



**NORSKUR HERMAÐUR Í KABÚL** Nú eru 518 norskir hermenn í Afganistan, en norska stjórnin vill ekki senda fleiri að sinni. NORDICPHOTOS/GETTY


Sófa dagar

15-60% afsláttur

af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Einungis fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 26. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




1. VERÐLAUN í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakaþéttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Sænskur hestabúgarður:

# Björn gekk berserksgang

**SVÍÞJÓÐ, AP** Villtur skógarbjörn réðist á þrjá veðreiðahesta þar sem þjálfari þeirra var að þjálfa þá skammt frá Ransater í Svíþjóð á sunnudag. Hestarnir voru spenntir fyrir vagn þegar björninn birtist fyrir aftan þá og réðist á þá.

„Ég held ég hafi brotið nokkur rifbein,“ sagði Björn Johansson, þjálfari, sem kastaðist úr vagninum þegar hestarnir trylltust og reyndu að verja sig. Björninn neyddist fljótlega til að lúta í lægra haldi og flúði loks fótbrotinn og haltrandi undan hestunum inn í skóginn.

Hrossin sluppu meira eða minna ómeidd. - smk

Nokkrar spákonur eiga í deilum við Símann:

# Telja Símann svindla á sér

**NEYTENDUR** Nokkrar spákonur sem reka símaþjónustu, þar sem þær selja þjónustu sína, eiga í deilum við Símann vegna hækkunar á þjónustugjöldum: „Ég er búin að vera með 900 númer í nokkur ár. Mínútan hjá mér kostar tvö hundruð krónur. Áður fyrr fékk ég 150 krónur á mínútuna og Síminn fimmtíu. Þeir sögðu upp samningnum mínum í júlí og ég þurfti að gera nýjan samning við þá með þeim skilyrðum að þeir fengju hundrað krónur og ég hundrað af mínútugjaldinu mínu. Ég læt ekki koma svona fram við mig,“ segir spákona, sem vill ekki láta nafns síns getið. Hún vill fá sig lausa frá fyrirtækinu og segir fleiri starfssystur sínar í svipaðri stöðu.

„Ég hef það á tilfinningunni að Síminn sé að stela af okkur, það er fáránlegt að fyrirtækið taki fimmtíu prósent af launum okkar,“ segir spákona sem segir Símann koma illa fram við spákonur. „Mínir viðskiptavinir eru að mestu leyti gamlar konur sem eiga bágt og það er erfitt að fara frá því að vera sálusorgari yfir í þetta stapp við fyrirtækið,“ segir önnur spákona sem ætlar einnig að fara frá fyrirtækinu vegna hækkunarinnar.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir fyrirtækið hafa orðið að hækka þjónustugjöld 900 númeranna: „Það var spurning um að gera breytingar á þjónustunni eða hætta með hana. Þessi nýja gjaldskrá tók gildi nú 1. október.“ - ifv



**SÍMINN** Nokkrar spákonur telja símafyrirtækið rukka sig um of há þjónustugjöld.

Brottfluttur öryrki:

# Borgi sjálfur tannlækninum

**FÉLAGSMÁL Öryrki sem flutti frá Íslandi til Danmerkur árið 2002 á sjálfur að greiða fyrir kostnað vegna tannviðgerða hér á landi. Maðurinn sagðist ekki hafa ætlað sér að ganga til tannlæknis þegar hann kom í heimsókn til Íslands um síðustu jól. Hann hafi hins vegar fengið kul í tennurnar og ákveðið að gert skyldi við tvær tennur enda hefði Tryggingastofnun sagt tannlækni hans að helmingur kostnaðarins fengist greiddur. Það kannaðist stofnunin á hinn bóginn ekki við þegar á reyndi og staðfesti úrskurðarnefnd almannatrygginga að synja bæri beiðni um þátttöku í kostnaðinum. - gar**


**HERT ÖRYGGISEFTIRLIT** Frönsk yfirvöld vilja fyrirbyggja að hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 endurtaki sig.

Grunaðir um hryðjuverk:

# Starfsmenn missa heimild

**FRAKKLAND, AP** Deilur standa nú yfir í Frakklandi, þar sem yfirvöld hafa svipt 43 flugvallarstarfsmenn Charles de Gaulle flugvallarins öryggisheimild sinni, vegna gruns um aðild að öfgasamtökum sem jafnvel tengjast hryðjuverkum.

Innanríkisráðherrann Nicholas Sarkosy sagði að mennirnir gætu ekki haft aðgang að ákveðnum öryggissvæðum flugvallarins á meðan grunur léki á þessu, en gaf ekki upp á hverju grunurinn væri byggður.

Starfsmennirnir, sem eru allir múslimatrúar, hyggjast kæra sviptinguna, enda líkur á að þeir missi vinnuna í kjölfar hennar. - rve

Alþýðusamband Íslands:

# Róttækar skipulagsbreytingar

**VINNUMARKAÐUR Tillaga um róttækar skipulagsbreytingar liggur fyrir ársfundi Alþýðusambands Íslands, ASÍ, sem haldinn verður í næstu viku.**

**Lagt er til að í stað ársfundar verði þing haldið á tveggja ára fresti. Miðstjórn fari með æðsta vald ASÍ og að fulltrúum hennar verði fjölgað úr fimmtán í 31. Forseti og varaforseti verði kjörnir en aðrir tilnefndir. Framkvæmdastjórn verði síðan mynduð formlega og hana skipi formenn landsambanda og stærstu aðildarfélaga. - ghs**

## GRIKKLAND

### Jarðskjálfti

Jarðskjálfti sem mældist 4,8 á Richterskala reið yfir grísku eyna Karpaþos í gærmorgun. Engin slys urðu á fólki og engar tilkynningar bárust um skemmdir.

### Verkfall kennara

Gríski forsætisráðherrann Costas Karamanlis fundaði með grunnskólakennurum í gær í þeim tilgangi að reyna að binda enda á verkfall sem hefur lokað skólum Grikklands seinustu sex vikurnar. Kennararnir krefjast betri vinnuaðstöðu og hærri byrjunarlauna.


Traustur efnahagur — aukin velferð

Við styðjum Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann Samfylkingarinnar í prófkjöri Samfylkingarinnar


**Margrét Frímannsdóttir,** alþingismaður og fyrrv. þingflokksformaður


**Jón Sigurðsson,** fyrrv. ráðherra og Seðlabankastjóri


**Karl Steinar Guðnason,** forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins


**Birna Anna Björnsdóttir,** rithöfundur


**Ari Skúlason,** gjaldkeri Samfylkingarinnar


**Helena Karlsdóttir,** ritari Samfylkingarinnar


**Felix Bergsson,** leikari


**Ingólfur Margeirsson,** rithöfundur


**Orri Páll Dýrason,** trommari í SigurRós


**Pétur Jónsson,** fyrrv. borgarfulltrúi


**Sólveig Guðmundsdóttir,** leikkona


**Ásgeir Runólfsson,** framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands


**Magnús Már Guðmundsson,** formaður Ungra jafnaðarmanna


**G. Ágúst Pétursson,** formaður Jafnaðarmanna í atvinnurekstri


**Bjarni Lárus Hall,** söngvari Jeff Who?


**Ragnhildur Sigríður Eggertsdóttir,** stuðningsfulltrúi


**Jón Þór Sturluson,** hagfræðingur


**Elín Björg Jónsdóttir,** í stjórn BSRB


**Helgi Pétursson,** fyrrv. borgarfulltrúi


**Torfi Tulinius,** prófessor


**Sigrún Elsa Smáradóttir,** varaborgarfulltrúi


**Höskuldur Ólafsson,** söngvari Ske


**Þorbjörn Broddason,** prófessor


**Guðmundur Ólafsson,** hagfræðingur


**Falasteen Abu Libdeh,** skrifstofustúlka


**Olav Veigar Davíðsson,** fyrrv. framkvæmdastjóri þingflokks Samfylkingarinnar


**Björgvin Guðmundsson,** viðskiptafræðingur og stjórnarmaður í 60+

www.agustolafur.is



4. SÆTI

Ágúst Ólafur Ágústsson
varaformaður Samfylkingarinnar

## „ORÐRÉTT“

### Þar fór það, takk Einar K.

**„Nú þykir ekki lengur „cool“ að vera frá Íslandi heldur „cruel“.“**

EINAR BÁRÐARSON UM AFLEIÐINGAR HVALVEIÐA Á ÚTRÁS NYLON OG ANNARRA LISTAMANNA.

**Fréttablaðið 24. október.**

### Hjúkk ...

**„Ég á ekkert sameiginlegt með Elliða, er bæði ljúfur og góður.“**

THEÓDÓR JÚLÍUSSON UM HLUTVERK SITT SEM ELLIÐI Í KVIKMYNDINNI MÝRINNI.

**Fréttablaðið 24. október.**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞORSTEINN EGGERTSSON RITHÖFUNDUR

# Spriklar í Austurbæ

„Það er allt meiriháttar að frétta!“ segir Þorsteinn Eggertsson, textahöfundur og rokkari, enda stór dagur í dag. „Í tilefni af því að það eru komin 50 ár síðan rokk og ról heyrðist í útvarpinu og menn fóru að spila þetta á böllum eru tónleikar í kvöld og annað kvöld í Austurbæ þar sem ég og ellefu aðrir söngvarar koma fram með sextett. Þessir söngvarar voru allir starfandi á upphafsárum rokksins, til dæmis Fjóla Ólafs frá Ísafirði, Helena Eyjólfs frá Akureyri, ég og Einar Júlíusson frá Keflavík, en hinir eru frá Reykjavíkursvæðinu. Ég byrjaði sjálfur að syngja 1957 og ætla að taka lög sem þá voru vinsæl, Chuck Berry og Buddy Holly bara. Ég sló einmitt í gegn á tónleikum í Austurbæjarbíói 1960 með KK sextett og varð atvinnusöngvari í framhaldinu. Ég hef ekki sungið í Austurbæjarbíói síðan svo það er aldrei að vita nema maður endi bara ferilinn þarna. Ég hlakka mikið til. Þarna er breytt svið svo maður getur spriklað að vild. Annars er maður bara að skrifa og slæpast eins og vanalega. Ég hef verið að aðstoða Sverri Stormsker með því að snara texta eftir hann yfir á ensku. Hann hefur búið í Asíu í tvö ár og er núna að búa til plötu með fólki þar, sem getur ekki sungið íslenska texta. Þetta verður fantamikil plata hjá Sverri, stór lög og miklar útsetningar. Ég hef líka verið að þýða ljóð og leikrit eftir Birute Mar frá Litháen. Maður hleypur svona úr einu verkefni í annað.“



## MELASVEIT: HUNDAAKSTUR

Á vef Skessuhorns segir frá manni í Melasveit í Borgarfirði sem oft hefur orðið vitni að undarlegu aksturslagi eldri konu. Konan hefur að sögn takmarkaða stjórn á bílnum og er ástæðan sú að hún er með meðalstóran hund í kjöltunni við aksturinn. Maðurinn hringdi í lögguna og freistaði þess að tal yrði haft af konunni. Hjá löggunni fengust þær upplýsingar að ekkert væri hægt að gera vegna þess að engin lög kvæðu á um að bannað væri að hafa gæludýr í fanginu við akstur. Konan og hundurinn eru því væntanlega enn á ferðinni.



## SJÓNARHÓLL
**HVALVEIÐAR OG AIRWAVES**

### Engin áhrif

„Við fundum ekki fyrir neinum áhrifum af hvalveiðunum, enda var þetta tvennt jú að byrja á sama tíma,“ segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, aðspurður um það hvort nýhafnar hvalveiðar hafi haft einhver áhrif á Airwaves-hátíðina. „Þetta var alls ekki neitt í umræðunni, hvorki hjá blaðamönnum, listamönnum eða bransafólki – enginn veitti þessu minnstu athygli í öllu tónleikaflóðinu. Núna eftir hátíðina erum við á skrifstofunni að kanna mál líðandi stundar og starfsmenn Hr. Örlygs eru að finna út hvaða opinberu afstöðu við eigum að taka til hvalveiðanna. Það hefur ekki tekist ennþá en við látum vita. Sjálfur er ég grænmetisæta, borða hvorki kjöt né fisk, en samt finnst mér í góðu lagi að veiða hval. Mér finnst mun mannúðlegra að veiða villt dýr heldur en að ala þau við ömurlegan aðbúnað til þess eins að slátra þeim.“



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** Framkvæmdastjóri Airwaves.

# Hvar er Krukkuborg?

**Í Mýrinni kemur „Krukkuborg“ nokkuð við sögu, enda er enskt heiti myndar og bókar „Jar City“. Staðurinn gengur dags daglega undir því virðulega nafni Líffærasafn Háskólans og er staðsett í Læknagarði við Vatnsmýrarveg. Í Krukkuborg eru meðal annars fóstur í formalíni, heilar og önnur líffæri.**

Ýmsar flökkusögur hafa gengið um safnið í gegnum tíðina – ekki síst um hinn óhugnanlega hálfa haus sem sést í Mýrinni – og Baltasar Kormákur leikstjóri segir að hann hafi heyrt um það fyrst í menntaskóla. „Ég veit ekki hvort mig dreymdi það eða ekki, en ég hafði sterka upplifun af því að þessi svokallaða Krukkuborg væri í kjallara skeljasandshúss við Barónsstíg. Ég fékk litlar upplýsingar um þetta til að byrja með, eins og það vildi enginn kannast við þetta safn, en svo voru þeir voðalega almennilegir við mig í Læknagarði þegar ég leitaði þangað. Þar fengum við að draga þessi sýni saman og taka atriðið upp, en ég var vinsamlegast beðinn um að taka ekki neitt upp fyrir framan húsið á Barónsstíg. Ég vildi ekki styggja læknastéttina svo ég skaut það atriði fyrir framan Valhúsaskóla, sem gaf mér svipaðan fíling. Þetta atriði og líkhúsatriðin voru þau einu sem við skutum ekki „on location“. Það var dálítið magnað að vera innan um öll þessi gömlu líffæri og líklega hafa upphaflegu eigendurnir ekki gert sér grein fyrir því að þeir ættu eftir að enda í kvikmynd.“



**BALTASAR KORMÁKUR** Heyrði fyrst af Krukkuborg í menntaskóla.

Í bók Arnaldar er Krukkuborgin í eigu einhvers sérvitrings í Hafnarfirði en Baltasar segist hafa ákveðið að færa safnið nær raunveruleikanum.

Prófessor Hannes Blöndal er yfirmaður fræðasviðs Háskólans og Líffærasafnið heyrir undir hann. „Það hefur aldrei verið nein leynd yfir þessu safni og það er opið fyrir læknanema og notað af þeim,“ segir Hannes. „Safnið á rætur aftur til áranna 1920-30 og var upphaflega í rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg. Sýnin eru langflest íslensk, en nokkur eru reyndar erlend.“

Ýmsir hafa fengið aðgang að safninu, til dæmis var hluta af því stillt upp á Menningarnótt fyrir nokkrum árum. Hannes segir þó enga ástæðu til að auglýsa safnið sérstaklega og sér það ekki sem skemmtisafn til að svala forvitni almennings.

„Grænleita birtan sem safnið hefur yfir sér í Mýrinni er ekki viðvarandi, heldur eitthvað sem kvikmyndagerðarmennirnir bættu við til að gera þetta kvikmyndavænna. Annars er ekkert feikað,“ segir Hannes. „Jú, ég er búinn að sjá Mýrina og er ánægður með hana. Ég skildi reyndar ekki alveg hlutverk Kára Stefánssonar í myndinni. Heyrði ekki betur en hann færi bara með sömu rulluna og vanalega.“

**gunnarh@frettabladid.is**





**INGVAR E. SIGURÐSSON SEM ERLENDUR Í MÝRINNI** Djúpt sokkinn í rannsóknir í Krukkuborg.


**Höldum óhreinindum á mottunni**

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

…fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
…hindrar að gólfið innandyra verði hált
…heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

**Sigþóra Gunnarsdóttir**
Sölumaður í verslun RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

TUNGLIÐ RV6217


Grænlenskir sleðahundar við Heklurætur:

# Ágætlega frægir

Á Rangárvöllum búa Berglind Erlendsdóttir og Dennis Pettersen og reka hundasleðafyrirtækið Dogsledding.is. „Við byrjuðum með þetta árið 1999 en höfðum verið að safna grænlenskum sleðahundum og þjálfa í nokkurn tíma fyrir það,“ segir Berglind.

Þau bjóða upp á hundasleðaferðir á veturna á Mýrdalsjökli og um aðrar snævi þaktar slóðir, en nú í snjóleysinu er boðið upp á ferðir um helgar þegar hundunum er beitt fyrir hjólavagna og þeir dregnir um Heklurætur. „Það er nú bara til að halda hundunum í formi,“ segir Berglind. „Við látum þá hlaupa minnst átta km á dag en þeir geta farið 40-50 km á góðum degi.“

Berglind segir grænlensku sleðahundana mjög rólega og blíða og ef slæmt orð sé af þeim þá er það tilkomið vegna slæmrar meðferðar. „Þetta eru fjölskylduvænar ferðir og við fáum gesti á öllum aldri. Fólk þakkar hundunum ferðina með því að klappa þeim og hundarnir hafa aldrei svo mikið sem glefsað. En þeir eru vissulega ansi nálægt úlfinum, þeir gelta til dæmis ekki heldur spangóla. Svo eru þetta mikil hópdýr. Við erum með þrjú sleðalið – eyki, eins og það heitir – með níu hundum í hverju liði og hvert lið heldur sig út af fyrir sig. Það er sterk goggunarröð hjá þeim og forystuhundurinn nýtur virðingar, enda ber hann mesta ábyrgð. Forystuhundarnir heita Rasta, Petro og Ghandi.“



**HUNDARNIR Í PÁSU** Draga sleða og hafa leikið með Björk og Angelinu Jolie.

Berglind segir alltaf nóg að gera og margir hafa komið oft í ferðir hjá þeim. „Þetta eru ágætlega frægir hundar og búnir að vera í mörgum verkefnum, t.d. auglýsingum og bíómyndum.“ Hundarnir hafa sést í tónlistarmyndböndum hjá Björk og Quarashi og þeir sáust í kvikmyndunum Tomb Raider og Guy X, svo eitthvað sé nefnt. „Þeir voru líka í breska barnaþættinum Blue Peter og í framhaldi af því komu margir breskir ferðamenn. Þeir voru mjög spenntir fyrir því að vera með sömu hundunum og höfðu verið í þættinum.“

**- glh**


BARILLA SPAGETTÍ Í KÍLÓPAKKNINGU
Kílópakkning
109 KR.
Ferskt grísagúllas frá Íslandsgrís
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
Kílóverð nú:
1019 kg KR.
Merkt verð 1698KR.
40% afsláttur við kassann
bonus.is
BARILLA FUSILLI KÍLÓPAKKNING
Kílópakkning
109 KR.
4 GRÍSABUFF Í RASPI
EKKERT BRUDL
GRÍSABUFF Í RASPI
4 STK. Verð nú:
139 KR.
Merkt verð 199KR.
30% afsláttur við kassann
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Njótum dagsins!
FROSNIR ÝSUNAGGAR
800g POKI verð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Frosnir og forsteiktir ýsunaggar í raspi-800g
Frosnir og forsteiktir ýsubitar í raspi-800g
FROSNIR ÝSUBITAR
800g POKI verð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
ORKUDRYKKUR
89 KR.
500 ml
Stutt geymsluþol
SJÁÐU VERÐIÐ!
Frosinn KS lambabógur- slátrun 2006
...fyrir góðan dag!
FROSINN LAMBABÓGUR
Kílóverð nú:
595 kg KR.
Merkt verð 699KR.
33% meira magn
SAMA VERÐ!
33% MEIRA MAGN
379 KR.
24 rúllur
ERAN/Landlist
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi einstaklinga með einnefni eftir aldri




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BANDARÍSKA ÞINGIÐ

# *Yfirburðastöðu repúblikana ógnað*

Kosningar um sæti í fulltrúadeild Bandaríkjaþings fara fram í nóvember og allt virðist stefna í að demókratar nái þar meirihluta. Kosið verður einnig um þriðjung sæta í öldungadeildinni, en þar virðist baráttan vera jafnari. Repúblikanar hafa nú meirihluta í báðum deildum.

**Hvernig er bandaríska þingið uppbyggt?**
Bandaríska þingið er í tveimur deildum, fulltrúadeild og öldungadeild. Fulltrúadeild skipa 435 atkvæðisbærir þingmenn og fjórir áheyrnarfulltrúar. Hver þeirra er fulltrúi kjördæmis og er kosinn til tveggja ára. Sætum í fulltrúadeild er skipt milli ríkja eftir mannfjölda, en hvert ríki á tvo öldungadeildarþingmenn, óháð mannfjölda. Öldungadeildarþingmennirnir eru því 100 talsins og er kjörtímabil þeirra heil sex ár. Lög þurfa samþykki beggja deilda til að öðlast gildi. Þingið fundar í þinghúsinu á Capitol-hæð í höfuðborginni Washington. Frá og með 2006 er 109. löggjafarþing Bandaríkjanna í gangi.



**Hver er munurinn á deildunum?**
Deildirnar eru jafnar að nafninu til. Þó þarf samþykki öldungadeildar til að tilnefningar Bandaríkjaforseta í til dæmis ráðherra- eða dómarastöður taki gildi. Vantrauststillögur þurfa að fara í gegnum fulltrúadeild.

**Hvert er valdsvið þingsins?**
Allt löggjafarvald alríkisins er í höndum þingsins, samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna. Vald þingsins takmarkast líka af henni, því sumt er í höndum ríkjanna sjálfa eða fólksins í landinu. Þingið getur sett lög um al- og utanríkisviðskipti, breytt sköttum, skipulagt dómstólana, skipulagt heraflann og lýst yfir stríði auk annars.

**SPURT & SVARAÐ**
TETRA-FJARSKIPTAKERFIÐ

## *Ísland brautryðjandi*



**BJÖRN BJARNASON** Dóms- og kirkjumálaráðherra.

Björn Bjarnason, dóms-og kirkjumálaráðherra, var einn þriggja ráðherra sem á föstudag komst að samkomulagi um að stofnað verði nýtt fjarskiptafyrirtæki, Öryggisfjarskipti ehf., sem á að byggja upp og reka fullkomið fjarskiptakerfi, Tetra-fjarskiptakerfið, sem notað verður við öryggis- og neyðarþjónustu á öllu landinu.

**Hvað er Tetra-fjarskiptakerfið?** Stafrænt fjarskiptakerfi sem er sérstaklega gert fyrir neyðar- og öryggisþjónustu, það er langdrægt hóptalkerfi, sími og gagnaflutningakerfi.

**Af hverju er mikilvægt að koma kerfinu upp?** Ísland er brautryðjandi í að nota slíkt kerfi á jafn víðtækan hátt og nú verður gert, upplýsingar berast hratt og vel og stjórnun og samhæfing verður markviss. Unnt er að ferilvakta öll farartæki og mannafla, sem eru að störfum, sem styttir viðbragðstíma.

**Hverju breytir kerfið?** Á næstunni verður sendum fjölgað, svo að næsta vor er gert ráð fyrir, að kerfið nái til landsins alls. Með því verður einfaldlega bylting í fjarskiptum vegna öryggis- og neyðarþjónustu.

# Skarðsbók slegin íslenskri þjóð

**Þess er nú minnst að 40 ár eru liðin frá því að Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri afhenti íslensku þjóðinni Skarðsbók postulasagna sem íslenskir bankar höfðu keypt á uppboði í Lundúnum. Skarðsbók var fyrsta skinnbókin sem endurheimt var til landsins.**

Skarðsbók varð fyrsta handritið sem Handritastofnun Íslands og nú Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk til varðveislu og ber hún safnmarkið SÁM 1. Af þessu tilefni hefur stofnunin gefið út rit þar sem dr. Jóhannes segir frá hinum flókna og spennandi aðdraganda þess að handritið var keypt. Næstkomandi laugardag verður Skarðsbók komin á handritasýningu Árnastofnunar í Þjóðmenningarhúsi þar sem hún verður til sýnis með öðrum handritum.

**Skarðsbók postulasagna**
Skarðsbók var líklega skrifuð í klaustrinu að Helgafelli fyrir Orm lögmann Snorrason á Skarði um 1360. Hún er safnrit eins og flestar hinna stærri skinnbóka og eru á hana skráðar ellefu postulasögur, upphaflega 95 blöð sem skrifuð voru af þremur mönnum. Ormur lögmaður gaf bókina kirkjunni á Skarði þar sem hennar er getið með eignum kirkjunnar allt til ársins 1827. Þá bregður svo við að bókin hverfur. Var það trú norrænna fræðimanna á þessum tíma að Skarðsbók væri með öllu glötuð.

**Sir Thomas Phillipps**
Árið 1891 skýrði Eiríkur Magnússon í Cambridge frá því að hann hafi vorið 1890 séð íslenskt skinnhandrit í skrá um handritasafn Sir Thomas Phillipps sem við nánari eftirgrennslan reyndist vera Codex Scardensis eða Postulasögurnar frá Skarði.

Phillipps þessi var sérvitringur sem talinn er hafa átt mesta handrita- og bókasafn sem nokkru sinni hefur verið dregið saman af einum manni. Hann arfleiddi dótturson sinn að handritasafni sínu sem gerði það að ævistarfi að selja handritin sem afi hans hafði safnað með mikilli fyrirhöfn. Eftir stríðið voru þau handrit sem eftir voru af Phillipps-safninu seld bræðrunum Lionel og Philip Robinson sem áttu bókaverslun í London. Þeirra á meðal var Skarðsbók.

**Bankamenn reyna handritakaup**
Haustið 1959 sat bankastjórn Landsbanka Íslands á rökstólum um hvernig mætti minnast 75 ára afmælis bankans með verðugum hætti. Bankastjórnin hafði spurnir af því að Skarðsbók væri í eigu bóksala í London og jafnvel til sölu. Sú hugmynd fæddist að minnast afmælis bankans með því að kaupa handritið og færa Háskólanum það að gjöf. Hófst nú eftirgrennslan hjá Robinson-bræðrum en þau svör fengust að þeir ætluðu sér ekki að selja handritið að svo komnu. Þeir bræður vildu ekki selja frá sér handritið öðruvísi en með uppboði enda erfitt að verðleggja svo gamalt og fagurt verk. Uppboð var ekki á dagskrá bræðranna og áform um kaup bókarinnar því lögð til hliðar um sinn.



**SKARÐSBÓK** Bókin var upphaflega 95 síður að lengd en á löngu ferðalagi fækkaði þeim um eina. Þegar bókin var keypt voru öll blöðin stök og illa farin.

**Fyrsta, annað og þriðja**
Haustið 1965 bárust þær fréttir að til stæði að selja Skarðsbók á uppboði hjá hinu fornfræga uppboðsfyrirtæki Sotheby & Co. Strax var farið að íhuga hvort Seðlabankinn gæti skipulagt átak bankastofnana til að bjóða í Skarðsbók. Seðlabankinn hafði á þessum árum undir höndum sjóð sem í voru lögð viðurlög sem innheimt voru af útgáfu innistæðulausra ávísana. Hugmyndin var sú að verulegur hluti kaupverðs handritsins gæti komið úr þessum sjóði, en afganginum yrði síðan skipt milli allra bankanna í landinu. Ríkisstjórnin var höfð með í ráðum og haft var samband við formenn stjórnarandstöðuflokkana. Það var einróma niðurstaða allra að vinna að málinu en jafnframt halda því leyndu fram yfir væntanlegt uppboð.

Norskur fornbókasali, Torgrim Hannas að nafni, var fenginn til að mæta á uppboðið fyrir hönd íslensku bankanna. Einnig var samið við Hambros-banka í London um að senda fulltrúa á uppboðið til að greiða fyrir bókina og taka hana í sína vörslu. Þeim var svo greint frá því að þeim væri heimilt að greiða allt að 35 þúsund sterlingspund fyrir bókina.



**LISTAVERK MIÐALDA** Upphafsstafir eru stærstir við upphaf hverrar sögu, og eru myndir af postulunum þar fagurlega dregnar.

Þegar að uppboðinu kom var ljóst að mikill áhugi var fyrir hinu fagra íslenska handriti. Bæði Morgunblaðið og Vísir sendu blaðamenn til að fylgjast með uppboðinu og í frásögnum þeirra má lesa um hið rafmagnaða andrúmsloft sem var í salnum þennan dag.

**Útlegðinni lokið**
Síðasta boð átti Torgrim Hannas, 36.000 sterlingspund eða tæpar 42 milljónir að núvirði. Ljóst var að hurð hafði skollið nærri hælum því bandarískur handritasafnari hafði boðið á móti honum allan tíman. Hannas ætlaði sér ekki að bjóða hærra enda hafði hann ekki heimild til þess. Strax að uppboðinu loknu var hringt í Seðlabankann með þau tíðindi að tekist hefði að kaupa handritið og var þeim fregnum fagnað af banka- og ráðamönnum þjóðarinnar. Skarðsbók var á leiðinni heim eftir langa útlegð.

**Ómetanlegur fengur**
Einhverjum þykir Skarðsbók postulasagna kannski hafa verið dýru verði keypt. Það má þó ljóst vera að með framtaki íslenskra bankamanna var ómetanlegum menningarfjársjóði íslensku þjóðarinnar tryggður veglegur sess innan um önnur stórvirki forfeðranna. Það verður seint fullþakkað.

## Skarðsbók postulasagna

Skarðsbók er gerð á þeim tíma þegar bókagerð stóð á sem hæstu stigi á Íslandi. Hún er í stóru broti og auðséð er að sá sem lét skrifa bókina hefur viljað hafa hana sem glæsilegasta í útliti. Letrið er með stærsta móti eftir því sem gerist í íslenskum handritum, kapítulafyrirsagnir skrifaðar með rauðu bleki en upphafsstafir eru dregnir með ýmsum litum. Eru litirnir fjölskrúðugri og með meiri blæbrigðum en í flestum öðrum íslenskum handritum. Upphafsstafir eru stærstir við upphaf hverrar sögu og eru myndir af postulunum þar fagurlega dregnar.

Áður en handritið var sent til Íslands var gert við það. Viðgerðin fólst í því að slétta og styrkja einstök blöð eftir þörfum og festa þau hvert og eitt við kjalgeira úr sauðskinni, en til hlífðar voru ný, ljós sauðskinnsblöð sett á milli allra blaðanna. Bókin var síðan bundin í spjöld úr mahóní með kili úr hvítu svínsleðri og henni komið fyrir í kassa úr rósaviði fóðruðum að innan. „Í þessum umbúnaði fer vel um Skarðsbók, svo að nú ætti hún að geta varðveitzt öldum saman og óbornum kynslóðum til ánægju og metnaðarauka," skrifar Ólafur Halldórsson, sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, um bókina þegar viðgerð hennar var lokið.

Jóhannes Nordal, fyrrverandi Seðlabankastjóri, skrifaði mörgum árum síðar um reynslu sína þegar hann sá handritið fyrst og er til vitnis hversu tilkomumikið handritið er. „Á borðinu lá Skarðsbók okkur til sýnis í hinu lausa pappírsbandi sem Sir Thomas Phillipps hafði látið vinnuhjú sín sauma og ganga frá eftir sinni fyrirsögn. Þótt umbúnaðurinn væri fátæklegur, var handritið að mestu í góðu ástandi og heillandi að líta hinar glæsilegu síður þess í fyrsta sinn."



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

**Markaðsnefnd um íslenska hestinn**

**Styrkumsókn**

Markaðsnefnd um íslenska hestinn auglýsir eftir umsóknum um styrki til markaðstengdra verkefna erlendis. Nefndin starfar á vegum landbúnaðarráðuneytisins en Útflutningsráð Íslands fer með daglega umsýslu nefndarinnar.

*Markmið með starfi nefndarinnar eru:*
- *að auka útflutningsverðmæti hrossa.*
- *að auka verðmæti framleiðsluvara sem tengjast íslenska hestinum.*
- *að auka hlutfall ferðamanna sem nýta sér hestatengda ferðaþjónustu.*

Til að ná þessum markmiðum hefur nefndin til ráðstöfunar fjármagn til styrkja. Megináhersla er lögð á styrkveitingar til útgáfu- og kynningarmála, markaðssetningar og annarra verkefna sem styðja við hrossaræktendur, framleiðendur og ferðaaðila sem heildstæða atvinnugrein. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og samtök. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Umsóknarfrestur er til 13. nóvember nk.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutunarreglur nefndarinnar og umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Útflutningsráðs Íslands **www.utflutningsrad.is**.

ÞJÓNUSTA Í ÞÁGU ÚTFLYTJENDA Í 20 ÁR
20
1986-2006
www.utflutningsrad.is
Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is
PIPAR • SÍA • 60594



Cayenne Turbo S

Porsche fær þig til þess að njóta akstursins,
þú velur lengri leiðina heim.

Porsche Cayenne.

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
**Ný heimasíða: www.porsche.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Langt í land að launajafnrétti náist:

## Karlæg gildi kvenna

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í síðustu viku voru birtar niðurstöður úr rannsókn sem Capacent gerði fyrir félagsmálaráðuneytið um launamyndun og kynbundinn launamun.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru vægast sagt köld kveðja til kvenna ári eftir að um 50 þúsund íslenskar konur sameinuðust í miðbæ Reykjavíkur um kröfuna um sömu laun fyrir sömu vinnu og 31 ári eftir að konur lögðu niður störf í heilan dag til að sýna fram á gildi vinnu kvenna.

Óútskýrður munur á launum karla og kvenna, að teknu tilliti til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma, er hinn sami og fyrir tólf árum. Konur eru með 15,7% lægri laun en karlar árið 2006 en voru með 16% lægri laun en karlar árið 1994. Á sama tíma hefur þó allnokkur breyting átt sér stað í starfsumhverfi og starfsháttum þeirra fyrirtækja sem þátt tóku í rannsókn Capacent. Konum í fullu starfi hefur fjölgað og viðhorf kvenna til starfs síns hefur breyst en þetta hefur ekki skilað sér í minni kynbundnum launamun.

24. október í fyrra, daginn sem íslenskar konur sýndu í verki þá samstöðu sem ríkir um hina sjálfsögðu kröfu um jöfn laun karla og kvenna í sambærilegu starfi með sambærilega ábyrgð, kynnti félagsmálaráðherra jafnlaunavottunarkerfi. Þetta kerfi átti að veita fyrirtækjum gæðavottun um launajafnrétti. Markmiðið var að hvetja til þess að kynbundnum launamun yrði útrýmt. Skemmst er frá að segja að lítið hefur spurst til þessa átaks síðan.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um jafnan rétt kvenna og karla. Meðal verkefna nefndarinnar sem að þeirri endurskoðun vinnur er að skoða þau ákvæði laganna sem taka til launajafnréttis.

Endurskoðun laga og hugsanlegar breytingar á þeim, ásamt átaki og hvatningu til þess að konur og karlar fái sömu laun fyrir sambærileg störf eru góðra gjalda verð og jafnvel nauðsynleg. Þegar upp er staðið verða það þó ekki þessar formlegu leiðir sem munu leiða til þeirrar sjálfsögðu niðurstöðu að óútskýranlegum launamun milli kynja verði útrýmt. Til þess þarf grundvallarviðhorfsbreytingu sem nær til karla og kvenna alls staðar í samfélaginu.

Sem betur fer koma fram teikn í rannsókn Capacent um að slík viðhorfsbreyting eigi sér stað. Konur eru til dæmis mun líklegri nú en fyrir tólf árum til að hafa sóst eftir launahækkun og þær virðast einnig upplifa ábyrgð sína meiri en áður.

Stjórnendur sem rætt var við í rannsókn Capacent mátu það líka sem svo að í yngsta aldurshópi kvenna á vinnumarkaði ríkti annað viðhorf en meðal hinna eldri. Stjórnendum þótti, að minnsta kosti sumum, sem yngri konur væru fylgnari sér en þær eldri og sýndu meira frumkvæði til starfsframa og krefjandi verkefna.

Athygli vekur að stjórnendur flokka þessa eiginleika ungra kvenna sem karllæg gildi. Og kannski er það einmitt þarna sem hundurinn liggur grafinn. Árið 2006, 31 ári eftir að konur lögðu niður störf til að vekja athygli á vinnuframlagi sínu, er litið á sjálfsagðan hlut eins og að sækjast eftir ábyrgð og starfsframa sem karllæg gildi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Norðmenn sleppa alltaf

Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri Kynningar og markaðar (KOM), bar sig heldur aumlega í frétt Morgunblaðsins í gær. Ástæðan var sú að Ísland kom ekki til greina sem ráðstefnustaður að ári fyrir stjórnendur fyrirtækja sem selja og framleiða sjávarafurðir. Hér væru hafnar hvalveiðar í atvinnuskyni og einhverjir gætu ekki hugsað sér að koma til landsins sökum þess. Tekjutapið væri nokkuð. Og hvaða staður varð þá fyrir valinu? Jú, Björgvin í Noregi. Hins vegar fylgdi ekki sögunni að Norðmenn veiða mest allra þjóða af hval í atvinnuskyni.



### Dulin mistök

Árni Páll Árnason vaknaði við vondan draum í gærmorgun. Í blaði sem Samfylkingin gaf út og fylgdi Fréttablaðinu var sagt að hann sæktist eftir öðru sæti á framboðslistanum í Suðvesturkjördæmi. Hann var þó sannfærður um að þarna væri ekki um að ræða dulin skilaboð frá forystu flokksins heldur mannleg mistök. Gunnar Svavarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir munu því eftir sem áður keppa um sætið við Árna Pál.

### Fljúga í embætti

Það kemur ekki á óvart að íslensk stjórnvöld sækist eftir því að Halldór Ásgrímsson verði næsti aðalritari Norrænu ráðherranefndarinnar. „Einstaklingar, sem gegnt hafa ráðherraembættum, virðast eiga greiðan aðgang að störfum sem ráðstafað er af opinberum aðilum. Þannig hefur um helmingur ráðherra sem átti sæti í ríkisstjórn á tímabilinu 1987-2006, eða 47 prósent þeirra, fengið störf fyrir tilstilli opinberra aðila, ýmist beint í kjölfar þess að þeir hafa látið af embætti eða síðar," segir í lokaritgerð Ástu Möller alþingismanns, en hún útskrifaðist með meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands á laugardaginn. Skrifaði Ásta um störf, stöðu og hlutverk ráðherra. Góður undirbúningur það, enda stefnir Ásta á þriðja sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík.



bjorgvin@frettabladid.is

# Hvalalosti



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Hvalveiðar og hleranir

Hvers vegna heyja menn stríð? Hvers vegna finna menn ekki friðsamlegri leið til að skera úr ágreiningi? Þessar spurningar eru ævagamlar, og svörin eru margvísleg og misgóð eftir aðstæðum. Adam Smith færði frumleg rök að þeirri hugmynd í Auðlegð þjóðanna (1776), að almenningur hefði öðrum þræði yndi af styrjöldum fjarri heimahögum, hefði gaman af að fylgjast með frásögnum af bardögum í blöðunum líkt og margir á okkar dögum hafa gaman af stríðsmyndum og væri því fús að kosta styrjaldir með sköttum og skyldum, úr öruggri fjarlægð. Kóngar og keisarar kæmust því upp með að heyja fleiri og lengri stríð en ella. Fjölmiðlar um okkar daga leggja mikið rými undir stríð og selja auglýsingar eftir því, en styrjaldir vekja samt mismikla athygli. Íraksstríðið síðan 2003 hefur tekið mikið rúm í fjölmiðlum, en borgarastyrjöldin í Kongó síðustu ár, miklu mannskæðara stríð, var að mestu háð utan við ratsjár evrópskra og amerískra fjölmiðla. Þjóðarmorðið í Darfur í Súdan vekur ekki heldur mikla athygli eða umtal og heldur því áfram.

Stundum fara stjórnarherrar í stríð til að dreifa athygli almennings frá óþægilegum innanlandsmálum. Ég segi stjórnarherrar, því að konur fara sjaldan í stríð. Nýlegt dæmi um stríðsrekstur af innanlandsástæðum er innrás Argentínuhers í Falklandseyjar vorið 1982 undir forustu Leópolds Galtíeri hershöfðingja. Þannig var, að herforingjar höfðu hrifsað til sín öll völd í Argentínu sex árum áður, 1976, lokað löggjafarþinginu, innleitt stranga ritskoðun, bannlýst stjórnmálaflokka og verkalýðsfélög og ráðizt í víðtækar hreinsanir meðal meintra andstæðinga. Hreinsanirnar eru kallaðar „Óhreina stríðið" þarna suður frá og kostuðu þrettán til fimmtán þúsund manns lífið, oft að lokinni fangavist og pyntingum. Mæður sumra þeirra þúsunda, sem hurfu sporlaust, gerðu kjarkaða uppreisn gegn herforingjunum og vöktu heimamenn og heimsbyggðina til vitundar um mannréttindabrotin og morðin, sem herforingjastjórnin hafði gert sig seka um. Barnlausir hershöfðingjar urðu síðar uppvísir að því að hafa rænt ungabörnum sumra fórnarlamba sinna og ættleitt þau; sérstök leyniskrifstofa sá um þennan verkþátt. Argentínsku mæðurnar áttu á brattann að sækja vegna ritskoðunar, útgöngubanns og almenns og lamandi ótta við leyniþjónustu herforingjastjórnarinnar. Efnahagslífið var bókstaflega í hers höndum, verðbólgan æddi áfram og mældist í þriggja stafa tölum, erlendar skuldir hrönnuðust upp, og innlendur iðnaður og aðrir útflutningsatvinnuvegir komust í alvarlegar kröggur. Af öllum þessum ástæðum varð herforingjastjórnin, sem hafði hrifsað til sín völd til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu, verr og verr þokkuð meðal almennings. Nú voru góð ráð dýr.

*Stundum fara stjórnarherrar í stríð til að dreifa athygli almennings frá óþægilegum innanlandsmálum. Ég segi stjórnarherrar, því að konur fara sjaldan í stríð.*

Og þá datt herforingjunum það snjallræði í hug að ráðast á Falklandseyjar í apríl 1982, en þær liggja tæpa 500 kílómetra undan ströndum Argentínu og höfðu lengi tilheyrt Bretum og sært þjóðarstolt margra Argentínumanna. Þarna bjuggu um tvö þúsund manns með 700.000 rollur. Ríkisstjórn Margrétar Thatcher á Bretlandi lét auðvitað ekki bjóða sér innrásina, heldur sendi herskip á vettvang og hrakti tíu þúsund manna her Argentínu burt frá eyjunum. Galtíeri og herforingjarnir í kringum hann misstu andlitið og hrökkluðust skömmu síðar frá völdum, og lýðræði komst á aftur í Argentínu árið eftir, 1983. Tímann, sem það tók að koma herforingjunum frá völdum, notuðu þeir meðal annars til að eyða gögnum um hreinsanirnar, pyndingarnar og fjöldamorðin, sem þeir höfðu skipulagt. Galtíeri var síðar náðaður ásamt mörgum öðrum herforingjum til að slá striki yfir fortíðina; það var umdeild ákvörðun. Argentína rétti smám saman aftur úr kútnum.

Þessi saga rifjast upp nú, þegar ríkisstjórn Íslands hefur fyrirvaralaust lýst yfir stríði eða svo gott sem með því að hefja hvalveiðar í óþökk margra annarra þjóða og kalla þannig yfir Íslendinga hörð mótmæli utan úr heimi, jafnvel hótanir um refsingar og átök á miðunum. Við megum samt ekki láta hvalveiðar og fréttir af mótmælum gegn þeim draga athyglina frá mikilvægari málum. Við þurfum að fá að vita, hverjir hleruðu símana hjá hverjum án dóms og laga, hvað var gert við gömlu gögnin, áður en þau voru brennd 1976, og nýrri gögn, hverjir brutu lög og svo framvegis. Saga landsins verður að vera rétt skráð.

# Örorkuna úr lífeyrissjóðunum

**UMRÆÐAN**
Lífeyrissjóðir



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Að undanförnu hefur mikið verið fjallað um þá ákvörðun tólf lífeyrissjóða að breyta framkvæmd greiðslna örorkulífeyris þannig að betur verði fylgt eftir ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Meðal annarra hafa risið upp ákveðnir alþingismenn sem kunnir eru af því að vilja færa gjafir á kostnað annarra og hafa haft uppi stór orð um mannvonsku þeirra sem að þessu standa. Hvatinn að baki þessum aðgerðum sem ég og aðrir stjórnendur lífeyrissjóða stöndum fyrir er ekki sá að við viljum skerða kjör öryrkja, þvert á móti. Okkur ber hinsvegar skylda til að fara að lögum og samþykktum lífeyrissjóðanna og það liggur fyrir að eftir því sem meira er greitt úr þeim vegna örorku, því minna verður eftir til greiðslu á ellilífeyri. Staða öryrkja, sem t.d. á við geðraskanir að etja, er samfélagslegt mál sem okkur öllum sem erum aflögufær ber að leysa. Það er ósanngjarnt og óeðlilegt að verkakona eða verkamaður sem greiðir í lífeyrissjóð sitji uppi með skertar ellilífeyrisgreiðslur vegna þess að öryrkjar eru líklegri til að lenda í lífeyrissjóði með þeim en öðrum. Það er á sama hátt óeðlilegt að ég sem er það lánsamur að hafa þokkalegar tekjur sleppi betur frá þessu vandamáli en ella væri.

Við þessu er einungis eitt ráð, þ.e. að örorkugreiðslur komi úr sameiginlegum sjóðum okkar landsmanna, en bitni ekki á ellilífeyri þeirra sem síst skyldi.

*Höfundur er stjórnarmaður í lífeyrissjóði.*

**GLEYMDIR OFURBÍLAR**
Sumir bílar urðu aldrei annað en prufueintök
BÍLAR 5



**ÖFLUG KENNSLU-AÐFERÐ**
Leiklist hefur verið iðkuð í ýmsum greinum í Háteigsskóla síðustu ár
NÁM 7





## ALLT HITT
**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Opinn** háskóli er röð fyrirlestra og viðburða sem eru opin almenningi hjá Háskóla Íslands. Ítalski rithöfundurinn Dacia Maraini heldur fyrirlestur fimmtudaginn 26. október kl.17.30 í Norræna húsinu um sýn hennar á ítalska samfélagið. Maraini fæddist í Flórens árið 1936. Hún hefur gefið út skáldsögur, ljóð og yfir þrjátíu leikrit. Hún hefur leikstýrt og framleitt átta kvikmyndir. Nánari upplýsingar: www.vigdis.hi.is.



**Carl's Cars** er lífsstíls tímarit um bíla sem líka fjallar um menningu, tónlist, tísku, kvikmyndir og hönnun. Tímaritið segir á heimasíðu sinni að blaðið sé um og fyrir sköpunargleði fólks, allt það skrítna sem fólk gerir og segir, og bílana sem það á og keyrir. Sjá nánar: www.carls-cars.com

**Nú** eru árshátíðirnar að byrja og fyrirtæki, skólar og aðrir hópar geysast af stað til að gera sér glaðan dag í skammdeginu. Akureyri, höfuðstaður Norðurlands, hefur upp á margbreyttan matseðil að bjóða ásamt skemmtanalífi og menningu. Sjá nánar: www.akureyri.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 25. október, 298. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.48 | 13.12 | 17.35 |
| Akureyri | 8.40 | 12.56 | 17.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Það er hollt að fara burt, horfa heim úr fjarska og upplifa menningu annarra landa ," segir séra Önundur, nýkominn úr mastersnámi í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Líkt og í dótakassa

***Er séra Önundur Björnsson á Breiðabólsstað í Fljótshlíð fékk ársleyfi fór hann til Berkeley í Bandaríkjunum að nema áfallahjálp og pólitíska siðfræði.***

„Berkeley er rétt utan við San Fansisco og við háskólann þar fann ég nokkurs konar guðfræðitorg með öllum hugsanlegum greinum. Ég upplifði mig bókstaflega í dótakassa. Þvílíkir fyrirlestrar og prófessorar sem voru í boði. Og það var sama um hvað var spurt á bókasafninu, Þórberg, Anderson ... allt var til!" segir séra Önundur sem fór utan í júlí í fyrra ásamt konu og börnum og dvaldi rúmt ár vestra.

Hann segir níu guðfræðiháskóla gefa út sameiginlegan námsvísi. „Þeir eru úr öllum áttum, kaþólskir, lúterskir, babtistar, hebrear. Menn geta innritast í einn skóla og svo siglt á milli," lýsir séra Önundur. Hann fór í siðfræði og lagði megináherslu á pólitíska siðfræði. „Viðmiðin þar eru hin kristnu gildi og síðan eru teknir til skoðunar og lestrar ýmsir pólitískir þræðir. Í þessu námi fékk ég góða yfirsýn yfir það hvernig kenningum og stefnum er beitt bæði til hins góða og hins neikvæða," útskýrir hann.

Fyrir utan siðfræðina lagði séra Önundur áherslu á áfallahjálp, sérstaklega í stórslysum og náttúruhamförum. „Þeir eru sérfræðingar á því sviði Kaliforníumenn, því þeir eru alltaf að bíða eftir stóra skjálftanum sem getur riðið yfir klukkan eitthvað í dag og einnig hefur byggst upp mikil þekking á áfallahjálp eftir hörmungarnar 11. september," segir séra Önundur. Hann lýkur lofsorði á prófessorinn sinn, sænskættaðan „með einhverjum finnskum varahlutum," eins og hann orðar það, sem veitti góða handleiðslu í fræðunum.

*gun@frettabladid.is*

TM
Sveigjanlegir möguleikar með TM - bíláláni
Bílalán TM
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is






MAZDA CX-7
Framúrstefnuleg hönnun og afburða aksturseiginleikar
Fjórhjóladrifinn bíll sem sameinar kosti alvöru jeppa og rúmgóðs fjölskyldubíls.
Kraftmikil 2.3 L. Turbo intercooled, 16 ventla, 4 cyl. vél sem skilar 244 hestöflum, 6 þrepa sjálfskipting o.fl.
Staðalbúnaður m.a. spólvörn og stöðugleikakerfi.





X4 ehf.
Opið virka daga kl. 10-18:30
Laugardaga kl. 12-16
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is
Komdu og reynsluaktu!
www.x4.is

**Teppi**
Gott er að geyma eitt teppi í bílnum. Ef bílinn skyldi gefa sig á köldum degi er gott að geta hjúfrað sig inn í hlýtt teppi meðan beðið er eftir hjálp.






Grumman Chevrolet sem er einn sinnar tegundar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Póstbíllinn sem vildi verða flugvél

***Á áttunda áratug síðustu aldar óskaði bandaríska póstþjónustan eftir nýjum póstbíl. Útkoman varð álkubbur á jeppagrind.***

Bílinn, sem kallast Grumman, þekkjum við flest úr kvikmyndum og sjónvarpi. Einn slíkur bíll er til á Íslandi í dag en hann er fenginn frá Varnarliðinu þar sem hann var notaður til að keyra póst til hermanna með heimþrá. Bíllinn er aðeins keyrður um 30 þúsund kílómetra, svo ekki hefur póstrúnturinn verið langur.

Atlantsolía er núverandi eigandi bílsins en fyrirtækið keypti bílinn á uppboði varnarliðseigna. Þar stóð hann eins og ljóti andarunginn milli bensínsvelgja og herjeppa.

Forsaga bílsins er sú að Bandaríska póstþjónustan vildi fá bíl sem væri áreiðanlegur, þægilegur í umgengni og auðveldur í viðhaldi. Hann átti að hafa mikla burðargetu og tog, og stýrið átti að vera hægra megin svo að pósturinn gæti afhent bréfin án þess að stíga út úr bílnum (sem auðvitað er mjög amerískt).

Bíllinn er framleiddur af hergagnaverksmiðjunni Grumman sem á rætur sínar að rekja til flugvélaframleiðslu. Þar kemur útskýringin á yfirbyggingu bílsins, sem er öll úr áli og minnir frekar á ferkantaðan flugvélaskrokk en bíl.

Bíllinn er byggður á Chevrolet S-10 grind og vél sem einnig voru notaðar í Blazer jeppa, nema hvað Grumman grindin er mjórri að framan til að minnka beygjuradíus.

Umræddur Grumman er frá árinu 1994 en hann kom beint hingað úr verksmiðjunni. Bílinn ætla Atlantsolíumenn að nota í kynningastarfi og til að sendast með það sem senda þarf. Þannig er hann strax byrjaður að borga sig upp en bíllinn kostaði litlar 200 þúsund krónur. Hvað er það fyrir góðan póstbíl? *tryggvi@frettabladid.is*




Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, tekur sig vel út við stýrið.



Póstþjónustan vildi stóra stuðara og hún fékk líka stóra stuðara.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
Úrval af stærðum upp í 33"
31" heilsársdekk
verð frá kr. 12.900
Við míkróskerum og neglum!
TRIANGLE
GT RADIAL
Opið á laugardögum 9-13
ALORKA
www.alorka.is
Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
MIXA • fít • 60497

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Langendorf
malarvagnar
Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

# Fylgihlutir í bílinn

***Hugmyndir að tækjum og tólum til að lífga upp á bílinn og gera ökuferðina skemmtilega.***

Sumir eru þeirrar skoðunar að bíllinn sé eingöngu samgöngutæki sem kemur okkur á milli staða. Þeir eru þó vafalaust fleiri sem taka alls kyns þætti með í reikninginn við val á ökutæki til að tryggja að útkoman verði sem best, svo sem hestöfl, eyðslu, almenn þægindi, farangursrými, ljósabúnað og ekki hvað síst hönnun. Hvað er annars gaman við það að keyra góðan en forljótan bíl? Bíllinn verður að vera glæsilegur að utan sem innan. Vanti eitthvað upp á síðastnefnda þáttinn er auðvitað alltaf hægt að velja um alls kyns skemmtilega fylgihluti í bílinn, bæði til að lífga upp á hann og gera ökuferðina sem ánægjulegasta.

*- rve*



Vasaljós frá Bílanausti.



Radarvari frá Bílanausti.



Áttaviti frá Bílanausti.



Talstöð frá Bílanausti.



Ilmglös frá Stillingu.



Teningar upp á punt frá Bílanausti.



Broskall frá Stillingu.



Þráðlaust Sony heyrnartól frá Bílanausti.



Þrír bílanna notast við Bluetec tækni sem á að gera þá enn sparneytnari.

# Frá París til Peking

***36 Mercedes-Benz E320 díselbílar lögðu á laugardaginn af stað í langferð frá París til Peking.***

Ferðinni er ætlað að vekja athygli á sparneytni Benz-díselvéla en ferðin er ekki kappakstur heldur sparaksturskeppni. Leiðin er 14.000 kílómetra löng en hún er í grófum dráttum sú sama og farin var þegar Scipione Borghese sigraði í Beijing-Paris trans-continental kappakstrinum fyrir 99 árum.

Áætlað er að það taki ökumennina 360, sem skiptast á að keyra bílana, 28 daga að komast á leiðarenda. Það tók Borghese 52 daga að fara sömu vegalengd og til gamans má geta að bíll hans eyddi um 33 lítrum á hundraðið.

*- tg*


Jeppadekkin frá




Fáanleg í flestum stærðum fyrir 15,16,17 og 18" felgur

Fjallasport
4x4 specialist
Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Arctic Trucks jeppamiðstöð



Dagur Jónasson

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.



Eyjólfur M. Teitsson

Notaðir og nýir jeppar

Allir jepparnir eru ástandsskoðaðir



Toyota Land Cruiser 100 VX - 4,7 bensín sjálfskiptur. 06/2000. ek. 81 þ. km. **AT35*** breyting. Verð 3.690.000



Toyota Land Cruiser VX - 3,4 bensín sjálfskiptur. 05/2000. ek. 86 þ. km. 35" breyttur. Verð 2.590.000



Toyota Land Cruiser GX - 3,0 dísel sjálfskiptur. 07/2004 ek. 41 þ. km. **AT38*** breyting. Verð 5.700.000



Toyota Land Cruiser LX - 3,0 dísel sjálfskiptur. 05/2005 ek. 56 þ. km. Ný **AT35*** breyting. Verð 5.200.000



Toyota Land Cruiser LX common rail sjálfskiptur. 10/2000 ek. 120 þ. km. 35" breyting. Verð 2.550.000



Nissan Patrol SE+ - 2,8 dísel 5 gíra 02/1999. ek. 175. þ. km. 38" breyting. Verð 2.480.000



Toyota Land Cruiser VX - 4,0 bensín sjálfskiptur. 05/2003 ek. 80 þ. km. 33" breyting. Verð 4.290.000

TILBOÐ



MMc Pajero - 3,2 dísel sjálfskiptur. 02/2003 ek. 139 þ. km. 33" breyttur. Tilboðsverð 2.990.000

Vantar góða jeppa á skrá.
Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Klettháls.

*Arctic Trucks breyting.

06-0039 KC

ARCTIC TRUCKS®

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

# Nýju lífi blásið í bílagoðsögn

***Nýr Ford Mustang, sem hefur eldri árgerðir að fyrirmynd, nýtur vinsælda víða um heim og virðast Íslendingar hafa hrifist með, eins og sjá má af fjölda bíla hér á götum úti.***

„Hönnun hins nýja Ford Mustang þykir hafa heppnast gríðarlega vel,“ segir Sigurbjörn Hjaltason, söluráðgjafi Ford hjá Brimborg, sem hefur umboð fyrir Mustangbíla á Íslandi.

„Bíllinn er mjög nútímalegur í útliti þrátt fyrir að byggja á hönnun eldri árgerða, því allra besta frá árunum 1966-70,“ heldur Sigurbjörn áfram. „Sérstaða bílsins virðist einmitt felast í því til hversu breiðs aldurshóps hann höfðar. Menn á sextugsaldri þekkja línurnar og eru jafn hrifnir af honum og þeir yngri.“

Að sögn Sigurbjarnar hefur hann fengið gríðarlega góðar viðtökur í Bandaríkjunum. The Wall Street Journal Magazine valdi bílinn til að mynda bestu sportbílakaup í Bandaríkjunum 2006 og farið er lofsamlegum orðum um hann í blaðinu Family Car, þar sem fjöldi hestafla, aukið rými og góðar bremsur eru meðal þess sem honum eru talinn til tekna. Er talað um að þar sé á ferð vandaður sportbíll með mikla notkunarmöguleika.

Íslendingar virðast ekki hafa farið varhluta af æðinu þar sem Mustang bílum hefur fjölgað töluvert á götum úti að undanförnu. Hjá Brimborg eru ýmsar útfærslur fáanlegar af bílnum og með mismunandi aukabúnaði sem gefur kaupendum möguleika á að setja saman bíl eftir sínu höfði, að sögn Sigurbjarnar. Þannig er hægt að velja um V6 vél með 210 hestöflum og V8 vél með 300 hestöflum, og beinskiptingu eða sjálfskiptingu. Er verð frá 3.170.000 kr.

Þessar vinsældir nýja Mustang-bílsins ættu ekki að koma á óvart þar sem sigurganga bílsins er að segja má samfelld. Fyrsti bíllinn, hvítur blæjubíll með rauðu innvolsi, var markaðssettur í Bandaríkjunum árið 1964 og seldist í milljón eintökum á um 18 mánuðum og setti þar með sölumet. Síðan þá hefur hann selst mjög vel.

Auk þess sem Mustang var og er tiltölulega ódýr miðað við gæði, virtist eitt helsta aðdráttarafl hans fólgið í miklu úrvali aukabúnaðs sem gerði viðskiptavinum kleyft að laga hann að eigin smekk. Ekki skemmdi sportlegt útlit bílsins fyrir, sem hefur síðan tekið ákveðnum breytingum í tímans rás.

Hvað sem öllum breytingum kann síðan að líða má hins vegar vera ljóst að hönnun bílsins er klassísk, eins og sannast kannski best af þeirri eftirspurn sem virðist vera eftir Ford Mustang bílsins nú, bíls sem sameinar það besta úr bílum frá ólíkum tímaskeiðum.

*roald@frettabladid.is*



Bíllinn er ekki aðeins fallegur að utan heldur einnig innan, auk þess sem hann þykir rúmgóður.



Nýi Mustang bíllinn þykir einstaklega flottur í útliti, en eldri árgerðir voru hafðar sem fyrirmynd við hönnun hans.



Sigurbjörn er hæstánægður með viðtökurnar sem bíllinn hefur hlotið. Þær eru ekki að ástæðulausu þar sem hann þykir hafa allt til að bera sem prýða á góðan sportbíl, auk þess að búa yfir miklu notagildi.



Mustang-bílar eru eftirsóttir um allan heim enda fallegur, hraðskeiður og þægilegur í akstri.



Mustang-bílar hafa verið til síðan 1964 og hafa notið mikilla vinsælda frá fyrstu tíð.




1994 Jaguar XJ220 S TWR. TWR gerð Jaguar XJ220 er mun kraftmeiri og léttari en einfaldari gerðin.


1994 Schuppan 962CR. Le Mans kappaksturskappinn Vern Schuppan hannaði þennan bíl.


1991 Lotec C1000. Eini bíll sinnar tegundar. Hann var hugsjón manns frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum sem óskaði eftir að eignast hraðskreiðasta bíl í heimi sem væri í einkaeign. Hann hafði samband við Mercedes sem aftur hafði samband við Lotec til að hanna boddíið. Númerið 1000 stendur fyrir þúsund hestöflum.


2000 TVR Cerbera Speed 12. Aðeins er til eitt eintak af þessum bíl sem stundum er kallaður bíll djöfulsins þar sem hann lítur út fyrir að geta borðað Mini Cooper bíla í morgunmat.

# Gleymdir ofurbílar

***Á vefsíðunni www.supercars.net er listi yfir ofurbíla sem náðu aldrei vinsældum.***

Blaðamenn ofurbílasíðunnar Supercars.net stefna að því að minna örlítið á suma af þeim bílum sem hafa ekki náð almannahylli. Þeir birta því lista yfir nokkra þessara bíla sem eru ekki endilega þeir hraðskreiðustu í heimi en eru afrakstur hugmyndaríkra bílasmiða sem hafa frekar hugsað um ofurbílaeiginleikana en almennt notagildi. Þessir bílar voru því ekki framleiddir nema í nokkrum eintökum og eru einir dýrustu bílar sem framleiddir hafa verið.


1993 Isdera Commendatore 112i. Þetta er einn af sjaldgæfustu ofurbílunum. Það sýnir til dæmis hversu erfitt er að fá myndir af honum aðrar en þær sem teknar voru við frumsýningu hans.


1994 Dauer 962 LeMans átti að vera tenging milli sportbíls og kappakstursbíls. Hönnunarkostnaður var gífurlegur og fáir sem gátu og vildu kaupa.


1998 Mega Monte Carlo Aixam-Mega. Aðeins fimm bílar af þessari gerð voru framleiddir.


2000 Innotech Mysterro. Eini bíllinn á allri síðu Supercars.net sem kemur frá Tékklandi. Aðeins einn af þessari tegund var framleiddur.


VIÐSKIPTAVINURINN

Í FYRSTA SÆTI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

**Eigð'ann**

Eignastu bílinn með hjálp Glitnis

- **Bílalán**
- **Bílasamningur**

**Leigð'ann**

Greiddu aðeins fyrir afnot af bílnum

- **Einkaleiga**
- **Rekstrarleiga**

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

**Helgarferðir** í sumarbústaði eru vinsælar á haustmánuðum. Pakkið í ferðatöskuna kvöldið áður, þá er allt tilbúið þegar vinnudeginum lýkur daginn eftir og hægt að halda strax af stað.





British Airways vinnur að leiðum til að draga úr mengun á sviðum starfsemi sinnar.

# Borgað fyrir mengun

***British Airways býður viðskiptavinum sínum að vega upp á móti þeirri mengun sem skapast af ferðalagi þeirra með fjárframlagi.***

British Airways hefur skuldbundið sig til að vinna að leiðum til að draga úr mengun eins og kostur er á öllum sviðum starfsemi sinnar. British Airways er eina flugfélagið sem býður viðskiptavinum sínum að vega upp á móti þeirri mengun sem hlýst af ferðalagi þeirra með flugfélaginu með því að leggja ákveðna upphæð í sjóð sem varið er í aðgerðir gegn mengun. Það gera viðskiptavinir með því að smella á sérstakan flýtihnapp á vefsetri félagsins, reikna mengunina sem hlýst af ferðalaginu og greiða samsvarandi upphæð til aðgerða gegn mengun.

British Airways er einn kostunaraðila ráðstefnu Samtaka alþjóðlegra stjórnenda í ferðaiðnaði, ACTE (Association of Corporate Travel Executives), sem fram fór í Barcelona um síðustu helgi. Á ráðstefnunni voru ræddar hugsanlegar leiðir sem ferðaiðnaðurinn getur tileinkað sér til að draga úr áhrifum iðnaðarins á loftslagsbreytingar.

Í tengslum við ráðstefnu ACTE á Spáni voru ráðstefnugestir hvattir til að velja þau farartæki til og frá flugvellinum sem menga minnst og ganga til þeirra fyrirlestra sem þeir ætluðu að sækja.

*- jóa*

## Í fréttum er þetta helst

NÝTT FRÉTTABRÉF LEIÐSÖGUMANNA ER KOMIÐ ÚT.




Lýsing á hvalaskoðunarferð með leiðsögumönnum Eldingar, umfjöllun um Vatnajökulsþjóðgarð, stærsta þjóðgarð Evrópu, og grein um vaxandi umsvif skemmtiferðarskipa við Ísland er meðal efnis í nýútkomnu fréttabréfi leiðsögumanna. Þar er líka fjallað um aukið ferðafrelsi Kínverja og tollalækkun fyrir ferðaþjónustu. Leiðsögumenn eru nokkuð uppteknir af hvalnum eins og fleiri og því er lýst í bréfinu að fjöldinn sem hafi farið í hvalaskoðunarferðir með Hafsúlunni hafi slegið öll met í sumar.

Ritstjóri fréttabréfsins er Stefán Helgi Valsson.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Bíll úr flokki A

# Vika á Spáni

frá 13.200* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

# Siglt á skipaskurði

***Helgi Pétursson og fjölskylda fóru í heldur óvanalega ferð fyrr í haust. Fjölskyldan leigði sér bát og sigldi í viku á skipaskurðum í Suður-Frakklandi.***

„Þetta er einstaklega skemmtilegur ferðamáti og sérlega hentugur fyrir fjölskyldur og vinahópa," segir Helgi Pétursson. Hann fór ásamt konu sinni, Birnu Pálsdóttur, bróður sínum, frænda og eiginkonum þeirra til Suður-Frakklands fyrr í haust. Þar leigði fjölskyldan sér bát og sigldi um í viku á skipaskurðinum Canal du Midi.

„Við vorum á ferðinni í fyrstu vikunni í september þegar enn var verulega heitt yfir daginn," segir Helgi. „Þetta var allt mjög áreynslulaust. Við dóluðum í gegnum vínakra og frönsk smáþorp í blíðunni."

Ferðafélagarnir leigðu bátinn af fyrirtækinu Crown Blue Line, sem sérhæfir sig í útleigu af þessu tagi og býður báta til leigu í Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Bretlandi og Írlandi. Báturinn sem þau leigðu var 42 feta langur með þremur káetum, hver um sig með snyrtingu og sturtu. „Í bátnum var allt til alls. Í raun mætir maður bara með fötin í töskunni, allt annað fylgir bátnum, rúmföt, handklæði og allt slíkt."

Báturinn var afhentur í bænum Castelnaudary, skammt vestan við Carcassonne. Á einni viku sigldu þau til bæjarins Port Cassafieres sem stendur við strendur Miðjarðarhafsins.

„Við flugum frá Stansted til Carcassonne og svo til baka frá Montpellier," segir Helgi. „Þetta gekk allt snurðulaust fyrir sig með Ryanair og allt bókuðum við þetta og greiddum á Netinu. Við meira að segja pöntuðum borð á litlum frönskum sveitaveitingastað og allt stóð eins og stafur á bók. Við erum nú ekki mikið frönskufólk en alls staðar var fólk boðið og búið að aðstoða okkur og þjónustan lipur og þægileg."

Hópurinn sigldi bátnum sjálfur eftir stutta yfirferð á helstu atriðum. „Þetta er mjög einfalt," segir Helgi. „Báturinn gengur ekki nema um sex til sjö mílur sem er ósköp fínt, hægt er að stýra bæði niðri og ofan á stýrishúsinu, sem við gerðum nú mest, enda veðrið til þess. Eitt okkar var við stýrið, hin sáu um að halda við bátinn í skipastigum eða hvíldu sig undir sólhlífinni. Mig minnir það hafi verið bróðir Ísleifur sem sagði, eftir að við vorum komin í gegnum fyrsta skipastigann, að nú lægi ekkert annað fyrir en að skila bátnum eftir sjö daga. Hann hitti naglann á höfuðið, enda var stressið í lágmarki. Við höfðum allt til alls, gátum lagt að hvar sem er, hvenær sem er og næturstaður valinn eftir hendinni eftir því hvar við vorum staðsett."

Helgi og skipsfélagar sigldu á Canal du Midi sem er elsti skipaskurður Evrópu. Canal du Midi var grafinn fyrir um þrjú hundruð árum til þess að opna flutningaleið án þess að þurfa að sigla fyrir Pýrenea-skagann. „Þetta er mjög falleg leið, margir skipastigar og einn þeirra meira að segja sjö hæða," segir Helgi. Hann segir ekki flókið að sigla stigana, oftast hefðu þrír til fjórir bátar haft samflot inn í hólfin. Síðan hefðu tveir úr áhöfninni haldið í til þess að báturinn rækist ekki í aðra báta eða veggi og stokkið um borð þegar lokar á hólfunum opnuðust og haldið var áfram.

Helgi segir að skipaskurðirnir séu aldagamlar flutningaleiðir, sem enn séu notaðar. „Oftast háttar því þannig til að torgin í þorpunum snúa niður að skipaskurðinum, vínverksmiðjan, bakaríið og slátrarinn," segir Helgi. „Því má segja að maður geti búið í miðbænum á hverjum stað."

Á þessum vikutíma sigldi hópurinn að jafnaði um fjóra til fimm tíma á dag, en þau stöldruðu einnig í kastalaborginni Carcassonne sem er að stofni til frá árinu 1130 og er á heimsminjaskrá UNESCO. „Annars voru þetta falleg lítil sveitaþorp, kaffihús og veitingahús á bakkanum, fólk á gangi eða að veiða og svo brugðum við okkur af og til í heimsóknir í víngerðir héraðanna. Í einu þeirra sáum við risatunnur sem tóku um 48 þúsund lítra af víni hver. Mikil vínrækt er auðvitað á þessum slóðum og gaman að smakka vín fram smáum framleiðendum. Þau voru sum hver mjög góð og sérvalin," segir Helgi.

„Þetta er sérlega skemmtilegur ferðamáti fyrir fjölskyldur og vinahópa," segir Helgi. „Allir hafa eitthvað fyrir stafni, menn spá í umhverfið og kennileiti. Það þarf að gæta að þegar siglt er í skipastigana og huga að annarri umferð báta. Það myndast skemmtileg stemming á kvöldin þegar nokkrir bátar liggja saman við bryggju þar sem fólk frá öllum heimshornum lætur sér líða vel og spjallar saman."

Hvað kostnað varðar segir Helgi að það fari auðvitað eftir stærð bátsins, en hann segir að þessi ferðamáti sé svo sannarlega ekki dýrari en flug og bíll og auðvitað allt annars eðlis. Þetta sé fyrst og fremst mjög afslappandi og öðru vísi ferðalag og þeirra ferð hafi svo sannarlega verið ógleymanleg.


Á leið í gegnum skipastiga. Tveir úr áhöfninni halda við bátinn og gæta þess að hann rekist ekki á aðra báta.


Siglt á Canal du Midi.


Helgi þótti vel geymdur í eldhúsinu. Hér er hann að elda kjúklingabringur í rjómasósu með vínberjum og skinku handa ferðafélögum sínum.


Aðstaða til að leggja að er víða mjög góð á skipaskurðinum. Bátur íslensku ferðafélaganna fyrir miðri mynd.

Hér fylgja vefslóðir fyrir þá sem vilja kynna sér frekar þennan óvanalega ferðamáta.

www.crownblueline.com
www.canaldumidi.com
www.canaldumidi.org

**Upprifjun** á námsefni eftir hverja kennslustund hjálpar huganum að festa aðalatriðin í minni. Ágætt er að punkta niður helstu atriði kennslustundar á blað sama dag og hún fór fram.



„Það er svo auðvelt að kveikja í nemendum með því að bregða á leik,“ segir Ása Helga sem hér er innan um nemendur 1. bekkjar í Háteigsskóla. FRÉTTABLADID/GVA

# Öflug kennsluaðferð

*Leiklist hefur verið iðkuð í ýmsum greinum í Háteigsskóla síðustu ár. Fréttablaðið kíkti inn í kennslustund.*

Það er sigið á seinni hluta tímans. Kennarinn Ása Helga Ragnarsdóttir er búin að lesa ævintýrið um Hlina kóngsson fyrir sex ára nemendurna og nú eru þeir að túlka söguna með látbragði og einni og einni setningu. Þeir hafa greinilega tekið vel eftir og eiga ekki í nokkrum vandræðum með að leika Hlina, tröllskessuna, Signýju og svanina.

„Leiklistin brýtur upp hefðbundna skólastarfið og gerir það fjölbreytt. Þá setja nemendur sig í spor þeirra sem þeir eru að læra um og efnið festist í minni við að upplifa það. Þess vegna er leiklist svo góð aðferð til kennslu margra greina,“ segir Ása Helga þegar við erum sestar niður, ásamt Rannveigu Þorkelsdóttur sem einnig kennir leiklist við skólann. Rannveig var með nemendur í að búa til leikhljóð við sögur á sama tíma og nemendur Ásu Helgu æfðu Hlina kóngsson.

Þær Ása Helga og Rannveig eru báðar menntaðar í leiklist og kennslu. Saman hafa þær þróað námsefni í nokkrum fögum, svo sem íslensku, sögu, landafræði og lífsleikni þar sem leiklist er notuð til kennslunnar enda hefur Háteigsskóli verið móðurskóli í þeim fræðum síðustu ár. Þær fara líka í aðra skóla, halda námskeið og útbreiða fagnaðarerindið og segja aðferðina henta á öllum stigum: Leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. „Yngstu börnunum er gjarnan kennt gegnum ævintýrin. Boðskapurinn er meðal annars að þekkja mun á



„Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini vakni,“ segir Signý og gægist frá hlið inn í hellinn hjá Hlina kóngssyni. Aftan við standa tröllskessurnar tvær sem hafa tekið hann til fanga og svanirnir sem blaka vængjum.

réttu og röngu og að taka afleiðingum gerða sinna. Svo kemur íslenskan sterk í gegnum ævintýrin. Á efri stigunum er auðvelt að tengja leiklist til dæmis inn í sögukennslu. Oft þarf kennarinn ekki nema eitt gott höfuðfat til að koma sér í hlutverk, gæða efnið lífi og skerpa athygli nemenda. Eða skálma inn með skjalatösku sem sendiboði konungs!“

Þær segja að nemendur sem eigi erfitt með að lesa á bók njóti sín vel í tímum þar sem leiklist er blandað inn í kennsluefnið. Aðferðirnar efli ótvírætt félagsleg tengsl nemenda, vinni gegn einelti og sporni gegn námsleiða. „Börnin þora svo vel að vera þau sjálf – sem einhver annar,“ útskýra þær að lokum.

*gun@frettabladid.is*

# Leikskóladeild tíu ára

***Háskólinn á Akureyri fagnar 10 ára afmæli leikskólabrautar á morgun og föstudag.***

Nokkrir fyrirlestrar verða í boði kennaradeildar Háskólans á Akureyri í tilefni tíu ára afmælis leikskólabrautarinnar og einnig verður opið hús í leikskólunum Hólmasól, Iðavelli, Naustatjörn og Tröllaborgum. Þeir sem flytja mál sitt í tilefni afmælisins eru Guðmundur Heiðar Frímannsson forseti kennaradeildar, Kristín Dýrfjörð kennari og frá Bretlandi kemur Alison Clark og heldur hátíðarfyrirlestur.

Fjögur kjörsvið eru í boði í leikskólakennaranámi við Háskólann á Akureyri og eru það nýmæli í menntun leikskólakennara hérlendis.

Þau eru listir, náttúruvísindi, hugvísindi og einstaklingsmiðað nám og eru sum þeirra kennd í samvinnu við aðrar deildir skólans.



Lýðræði í leikskólum er ofarlega í huga íslensku fyrirlesaranna. Guðmundur Heiðar Frímannsson, forseti kennaradeildar, fjallar um skóla, menntun og lýðræði og Kristín Dýrfjörð kennari fjallar um lýðræði í leikskólum í anda Dewey. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þannig hefur námið eflst, valmöguleikar nemenda aukist og sérþekking sem til staðar er í öðrum deildum HA nýst í þágu leikskólakennaranámsins.

## Tölvuleikur fyrir ungt fólk frá SÞ

DAGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA ER Í DAG, 24. OKTÓBER.

Félag Sameinuðu þjóðanna í Danmörku hefur útbúið tölvuleikinn Operation Wangagulu til að gefa okkur innsýn í aðstæður sem við þekkjum fæst, þ.e. átök og fátækt. Í landinu Wangagulu ríkir gríðarleg fátækt og óöld. Þú hefur ráðið þig til Sameinuðu þjóðanna í hálft ár eða 180 daga til hjálparstarfa. Hvað getur þú gert?

Leikurinn er á dönsku og er hugsaður sem verkefni fyrir elstu bekki grunnskóla eða jafnvel fyrstu bekki framhaldsskólans. Honum er ætlað að gefa innsýn í ýmis verkefni Sameinuðu þjóðanna. Má þar nefna málefni flóttamanna, aðstoð eftir hamfarir af ýmsu tagi og svo þróunarverkefni sem oft taka langan tíma.

Á vef Námsgagnastofnunar eru ýmsar upplýsingar um samtökin, friðargæslu og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og sérstofnanir samtakanna. Á vef utanríkisráðuneytisins eru ýmsar upplýsingar um friðargæslu.

Allar nánari upplýsingar um leikinn er að finna hjá Námsgagnastofnun: www.namsgagnastofnun.is. Allar nánari upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar er að finna á upplýsingaskrifstofu samtakanna fyrir Norðurlöndin: www.un.dk/Icelandic/New/index.htm

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**NÝTT!!** 6. vikna hraðlestrarnámskeið **7. nóv.**
**NÝTT!!** 3 vikna hraðnámskeið **10. nóv.**
**AKUREYRI** – 3 vikna hraðnámskeið **2. nóv.**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

allt
matur
Alla föstudaga

exit.is

// ISIC, IYTC og ITIC skírteinin
Þú ferðast ekki án þeirra. Afslættir og víðtæk þjónusta.
ISIC skírteinið er útbreiddasta afsláttar- og námsmannaskírteinið í heimi.
IYTC er afsláttarskírteini fyrir ungt fólk á aldrinum 12 - 25 ára, sem ekki er í námi. ITIC er alþjóðlegt kennaraskírteini með margvíslegum fríðindum.



BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 25. október 2006 – 41. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**Úrskurður Samkeppniseftirlitsins**
Sjúkdómseinkenni á lyfjamarkaði



8

**Stórt rannsóknarverkefni HÍ**
Hvaða kraftur knýr útrásina?



10-11

**Verslanir Europris**
Stækka með hverju ári



16

# Sektum verði beitt við innheimtu ársreikninga

Stjórnvöld fái markvissari heimildir til að innheimta ársreikninga. Óreiða í bókhaldi er helsta ástæða þess að reikningum er skilað seint, stundum samkeppnisástæður.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Innan ráðuneytis fjármála er unnið að frumvarpi um breytingar á lögum um ársreikninga, sem gera munu aðferðir stjórnvalda til að innheimta ársreikninga mun beittari. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stjórnvöld fái heimild til þess að sekta þau félög sem draga að skila inn ársreikningum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Allt eins er búist við að frumvarpið verði lagt fyrir þingheim á haustþingi, en ekki liggur ljóst fyrir hver sektarupphæðin gæti orðið hverju sinni virði fyrirtæki ekki þann frest sem þau hafa.

Á herðum allra félaga hvílir sú skylda að skila inn ársreikningum sínum eða samstæðureikningum, ef það á við, til ársreikningaskrár, hvort sem hlutafélög, samvinnufélög eða samlagshlutafélög eiga hlut að máli. Ársreikningar eru opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að.

Samkvæmt núgildandi lögum miðast sá frestur, sem félagsstjórnir hafa til að skila inn ársreikningi, við einn mánuð eftir að reikningurinn hefur hlotið samþykki en þó í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Þrengri tímamörk gilda þó um félög sem hafa skráð hlutabréf sín eða skuldabréf á markað. Þeim ber að skila inn ársreikningi þegar í stað eftir samþykkt hans en þó í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok reikningsárs.



**ÁRSREIKNINGAR** Stjórnvöld vilja herða viðurlög við því að skila ekki inn ársreikningum eins og stjórnum félaga ber að gera innan ákveðins tíma. MARKAÐURINN/GVA

Úrræði stjórnvalda í dag eru talin of tímafrek og því ómarkviss. Ársreikningaskrá sendir út orðsendingar til þeirra félagsstjórna er virða ekki tímamörk, þar sem skorað er á viðkomandi aðila að skila inn reikningi. Sé ekki orðið við þeim tilmælum hefur Ársreikningaskrá þau ein úrræði að kæra málið til ríkisskattstjóra sem getur svo vísað málinu áfram til ríkislögreglustjóra til frekari rannsóknar. Miðað við núverandi fyrirkomulag getur því langur tími liðið áður en ársreikningur skilar sér að lokum til yfirvalda.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins eru skil á ársreikningum almennt góð en tvennt skýrir einkum þann drátt sem stundum verður. Annars hjá félögum þar sem rekstur er í mikilli óreiðu og helst það þá í hendur við þann drátt sem verður á skilum á skattskýrslu. Þetta er aðalástæðan. Hins vegar draga stjórnir stundum að skila inn reikningum sínum til yfirvalda af samkeppnissjónarmiðum; vilja ekki að samkeppnisaðilar komist í reikningana.

# Fons skoðar kaup í Astraeus

**FlyMe ætlaði sér helmingshlut í Astraeus en kaupin gengu til baka. Fons var þar til fyrir skömmu stærsti hluthafinn í FlyMe.**

Fjárfestingafélagið Fons skoðar nú kaup á hlutabréfum í breska leiguflugfélaginu Astraeus samkvæmt heimildum Markaðarins og er niðurstöðu að vænta innan skamms.

Eins og kunnugt er stóð til að FlyMe, sænska lággjaldaflugfélagið sem lengi vel var að stærstum hluta í eigu Fons, myndi kaupa rúman helmingshlut í Astraeus fyrir um 770 milljónir króna eða sex milljónir punda. Kaupin gengu til baka en í staðinn samdi FlyMe um þurrleigu á tveimur Boeing 737-700 frá Astraeus.

Breska leiguflugfélagið er að fullu leyti í eigu stjórnenda þess og breska fjárfestingasjóðsins Aberdeen Murray Johnstone. Astraeus er með höfuðstöðvar á Gatwick og flýgur með átta hundruð þúsund farþega á ári til sinna áfangastaða, meðal annars til landa eins og Ghana og Sierra Leone í Vestur-Afríku. Velta félagsins á síðasta ári nam meira en ellefu milljörðum króna.

- eþa

## Hætta við fjármögnun

Ekkert verður af fyrirhuguðum samruna heildsöluverslanakeðjunnar Nisa og matvöruverslanakeðjunnar Costcutter þar sem Kaupþing, HSBC og Barclays, sem áttu að fjármagna samrunann, hafa dregið sig út úr samningnum.

Forsaga málsins er sú að hópur meðlima Nisa, sem er sameignarfélag, fór þess á leit við bresk samkeppnisyfirvöld að þau skoðuðu sérstaklega samstarf félaganna. Það óvissuástand sem skapaðist við það gerði það að verkum að bankarnir sáu sér þann kost vænstan að draga sig út úr samningnum. Var það meðal annars gert á þeim forsendum að erfitt gæti reynst að selja lánið niður til annarra banka, auk þess sem óvissa ríkti um hversu lengi rannsókn málsins gæti staðið yfir.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er enn mjög sterkt samband milli félaganna og ágætar líkur á að viðræður verði teknar upp að nýju. Kaupþing myndi þá líklega koma að samrunanum, enda á bankinn tuttugu prósenta hlut í Costcutter. - hhs

## Erlendar skuldir tvöfaldast

Gengisbundnar skuldir heimilanna hafa tvöfaldast frá áramótum og námu 56 milljörðum króna í septemberlokað hluta aukningarinnar megi rekja til gengisbreytinga en jafnframt þess að almenningur hefur aukið við erlendar skuldir sínar að undanförnu, enda hafi gengisáhættan minnkað.

Langstærsti hluti skulda heimilanna við bankakerfið er í formi verðtryggðra langtímalána, eða um 74 prósent af heildarskuldum. Þessar skuldir hafa hækkað töluvert vegna hárrar verðbólgu að undanförnu en jafnframt virðist sem lántaka hafi einnig aukist.

Í nýbirtum tölum Seðlabankans kemur fram að skuldir heimila við bankakerfið hafa aukist um tæpan fjórðung frá áramótum og námu alls 670 milljörðum króna í lok september. - hhs

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Bæta við** | Fjárfestingafélagið Grettir fór upp fyrir tíu prósenta hlut í Avion Group í vikunni. Frá byrjun október hefur heildarhlutur félagsins farið úr einu prósenti í 11,5 prósent.

**Anza kaupir** | ANZA hf. hefur keypt þann hluta af starfsemi finnsk/sænska upplýsingatæknifyrirtækisins TietoEnator sem veitir aðilum tengdum opinbera geiranum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þjónustu.

**Nær samruna** | Formleg undirritun samkomulags um kaup OMX á Kauphöll Íslands fór fram í vikunni. Umsvif OMX aukast og jókst hagnaður félagsins um þrettán prósent milli ársfjórðunga.

**Ógilding staðfest** | Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá því í sumar um að ógilda samruna lyfsölu- og lyfjaskömmtunarfyrirtækjanna DAC og Lyfjavers.



**Slagnum lokið** | Actavis Group hefur selt allt hlutafé sitt í króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA til Barr Pharmaceuticals. Barr er orðið þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims.

**Saxbygg fjárfestir** | Saxbygg hefur eignast kjölfestuhlut í eignarhaldsfélagi utan um Steni sem framleiðir húsaklæðningar fyrir byggingariðnaðinn í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.

**Mikil aukning** | Hagnaður Nýherja nam 238 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar af var 154 milljóna króna hagnaður á þriðja ársfjórðungi sem var 3.500 prósenta aukning milli ársfjórðunga.

**Hægir á** | Dregið hefur úr veltuaukningu í dagvöruverslun sem bendir til þess að þensla fari minnkandi. Í síðasta mánuði var veltan heldur minni en að meðaltali síðustu mánuðina þar á undan.

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,9%*

GBP 5,6%*

USD 6,2%*

EUR 3,6%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. september - 2. október 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 35% |
| Alfesca | -1% | 21% |
| Atlantic Petroleum | -9% | 39% |
| Atorka Group | 0% | 1% |
| Avion Group | 9% | -25% |
| Bakkavör | -1% | 15% |
| Dagsbrún | -1% | -16% |
| FL Group | 3% | 26% |
| Glitnir | 8% | 36% |
| KB banki | -2% | 16% |
| Landsbankinn | -2% | 8% |
| Marel | -1% | 24% |
| Mosaic Fashions | 3% | -7% |
| Straumur | 0% | 9% |
| Össur | 2% | 11% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Sund jók hagnað um 67 prósent

### Arðsemi eigin fjár yfir eitt hundrað prósent.

Sund ehf. hagnaðist um 5.471 milljónir króna í fyrra sem var 67 prósenta aukning frá árinu 2004 þegar hagnaður félagsins var tæpir 3,3 milljarðar.

Arðsemi eigin fjár var meiri en hundrað prósent.

Félagið er eitt umsvifamesta fjárfestingafélag landsins en meðal helstu eignarhluta þess eru hlutbréf í Blátjörn, stærsta hluthafanum í Tryggingamiðstöðinni, Fjárfestingafélaginu Gretti, Landsbankanum, Straumi-Burðarási og Kaupþingi.

Heildareignir Sunds voru um 22,3 milljarðar króna í árslok, þar af voru fjárfestingarverðbréf 14,5 milljarðar. Jukust eignir Sunds um 157 prósent á milli ára. Eigið fé félagsins stóð í tæpum 10,5 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall því um 47 prósent.




**MEÐAL STÆRSTU HLUTHAFA Í TM** Sund skilaði 5,5 milljarða hagnaði í fyrra. Félagið er í eigu þriggja einstaklinga.

Sund naut góðs af hagstæðum skilyrðum á verðbréfamörkuðum en söluhagnaður af verðbréfum nam rúmum 4,4 milljörðum.

Þrír hluthafar eiga Sund að öllu leyti: Gunnþórunn Jónsdóttir, Jón Kristjánsson og Gabríela Kristjánsdóttir, öll með þriðjungshlut. - eþa

# Atorka kaupir í Amiad

Atorka Group hefur tilkynnt til Kauphallarinnar í Lundúnum að félagið eigi nú 14,1 prósenta hlut í Amiad Filtration Systems. Áður var hlutur Atorku um 12,4 prósent.

Eignarhlutur Atorku í Amiad er metinn á 450 milljónir króna.

Amiad er fyrirtæki í miklum vexti sem framleiðir og dreifir vatnshreinsibúnaði og hefur höfuðstöðvar í Ísrael. Atorka hefur einnig bundið fjármuni í iðnaðarfyrirtækjunum Interbulk, NWF Group og Romaq Holding sem eru skráð í Lundúnum. - eþa

# Kaupþing enn stærst

Kaupþing er enn stærsta fyrirtæki landsins samkvæmt nýútkominni samantekt Frjálsrar verslunar á 300 stærstu fyrirtækjum landsins á síðasta ári. Landsbankinn færist hins vegar úr fimmta sæti í annað og í þriðja sæti er svo Avion Group. Icelandic Group er í fjórða sæti og fimmta stærsta fyrirtæki landsins er svo Bakkavör Group og stekkur í það sæti úr því 16. árið áður.




„Þetta er sko enginn fjórblöðungur," segir Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, glaðbeittur, enda ritið hið veglegasta, 232 síður í bókarformi og hafsjór upplýsinga. Í ritinu má þannig sjá að mestan hagnað fyrir skatta hafi Kaupþing verið með og að mesta tapið hafi verið hjá Íslenskri erfðagreiningu. Stærsti vinnuveitandinn er svo Bakkavör Group. Þá má í 300 stærstu sjá hvar hæstu launin voru greidd í fyrra, miðað við árslaun í milljónum króna. Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga greiðir mest, 13,2 milljónir, Straumur-Burðarás kemur þar á eftir með 11 milljónir og Eik fasteignafélag í þriðja sæti með 10,2 milljónir króna. - óká

# Straumsmenn til starfa

Fjárfestingafélag í eigu Kristins Björnssonar, Magnúsar Kristinssonar og Þórðar Más Jóhannessonar hefur tekið til starfa.

Eigið fé félagsins er um 35 milljarðar króna, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, en helstu eignir þess eru hlutabréf í FL Group og Kaupþingi sem Kristinn og Magnús fengu í skiptum fyrir bréf sín í Straumi-Burðarási.

Til að byrja með verður félagið staðsett í Kauphallarhúsinu við Laugaveg 182 og fara Þórður Már og Aðalsteinn Jónasson, fyrrverandi forstöðumaður lögfræðisviðs Straums, fyrir starfseminni. - eþa

# Styttist í stór kaup hjá Ticket

### Hagnaður jókst um 77 prósent á milli ára.

Matthías Páll Imsland, stjórnarformaður norrænu ferðaskrifstofukeðjunnar Ticket, segir að mikil tækifæri liggi í því að stækka Ticket. Á næstunni verði tilkynnt um kaup á stórri ferðaskrifstofu sem feli í sér mikil samlegðaráhrif og þýði að öllu óbreyttu að bæði velta og hagnaður á næsta ári muni aukast. „Aðaláhersla Ticket er að vaxa í Noregi og Svíþjóð og Danmörk er innan seilingar. Við viljum verða leiðandi afl á Norðurlöndum."

Ticket jók hagnað eftir skatta um 77 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við árið 2005. Alls nam hagnaður félagsins 186 milljónum króna og er þetta besta tímabil í sögu Ticket. Velta félagsins er um 35 milljarðar króna á ári og kemur 75 prósent sölunnar frá rekstrinum í Svíþjóð.

Matthías Páll segir að innkoma Fons, sem á 28 prósent í Ticket, hafi valdið því að félagið sé orðið djarfara og skili betri rekstrarárangri. „Við sáum til dæmis að við gátum fært fram okkar þekkingu hvað varðaði samninga við bílaleigur og flugfélög." - eþa

# Kólnunin kann að vera dulin á fasteignamarkaði

### Vísitala fasteignaverðs hefur hækkað milli mánaða. Lítil velta kann að þýða að verðmyndin skekkist og lækkanir komi fram síðar. Ólíklegt er að mælingin hafi áhrif á Seðlabankann.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Lítil velta kann að þýða að kólnun á fasteignamarkaði sé dulin að mati sérfræðinga. Mælingin er ekki talin munu hafa teljandi áhrif á mat Seðlabankans á efnahagshorfum fyrir stýrivaxtaákvörðun hans um mánaðamótin.

Fasteignamat ríkisins birti fyrir helgi vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu fyrir septembermánuð. Þar kom fram að hún hafði hækkað um 0,7 prósent frá fyrra mánuði á sama tíma og spáð hafði verði hóflegri lækkun í það minnsta.

Gildi vísitölu íbúðaverðs hefur aldrei mælst hærra en nú í september og hefur hækkað um tæp 57 prósent síðan í ágúst 2004. Greiningardeild Kaupþings segir að þótt lítil velta síðustu mánaða endurspegli dræma eftirspurn á fasteignamarkaði hafi íbúðaverðslækkanir ekki fylgt í kjölfarið. „Hluti af skýringunni gæti verið að um þessar mundir seljist einkum vænlegri eignir og betur staðsettar á meðan lélegri íbúðir lendi frekar í sölutregðu," segir Þórhallur Ásbjörnsson, sérfræðingur á greiningardeild Kaupþings. Hann segir því ekki ólíklegt að mælingin skekkist að þessu marki og að hækkun íbúðaverðs sé ofmetin. „En miðað við hvað veltan var róleg kemur dálítið á óvart að ekki hafi orðið verðlækkun líkt og oft hefur sést áður þegar velta hefur verið lítil á fasteignamarkaði," segir hann, en bætir um leið við að von gæti verið á einhverri lækkun þegar sala hrekkur í gang og lækkun á íbúðum sem hafa verið lengi í sölu tekur að telja. „Á hinn bóginn er því ekki að neita að fyrst íbúðaverð er ekki að lækka að nafnvirði þá er maður kannski aðeins bjartsýnni á framhaldið, það er að ekki sé einhver gríðarleg lækkun framundan." Þórhallur gerir ekki ráð fyrir því að íbúðaverðsvísitalan hafi mikil áhrif á væntanlega vaxtaákvörðun Seðlabankans sem horfi til fleiri þátta. „Okkur finnst langlíklegast að Seðlabankinn haldi í horfinu og stýrivextir verði óbreyttir."




**NÝBYGGING VIÐ SÓLTÚN Í REYKJAVÍK** Sérfræðingar telja að einhver lækkun fasteignaverðs eigi eftir að koma fram á næsta ári. Bæði sé mikið framboð af nýju húsnæði og eins kunni verð að lækka á eignum sem lengi hafa verið í sölu. MARKAÐURINN/GVA

Gunnar Árnason, sérfræðingur efnahagsmála hjá SPV, tekur í sama streng og gerir ráð fyrir því að Seðlabankinn láti ná af hækkunum stýrivaxta. Sömuleiðis segir hann líklegt að á næsta ári eigi eftir að koma fram einhver lækkun á íbúðaverði, enda ráði í þessum efnum lögmál framboðs og eftirspurnar. „Það á eftir að koma dálítil framboðsskefla enda mikið af nýjum íbúðum í pípunum. Menn hafa náð að fresta einhverju, það er látið vera að byrja á verkefnum, en væntanlega haldið áfram með verkefni í gangi og hálfkláruðum húsum lokað. Þess vegna finnst mér líklegt að búast megi við einhverjum verðlækkunum á næsta ári."

13,6%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í september 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN

SHARP®

# Höfundar LCD tækninnar

Japanski tæknirisinn SHARP var fyrstur til þróa og framleiða LCD skjáina – tækni sem nú er að leysa gömlu lampasjónvörpin af hólmi. SHARP á því heiðurinn af þeirri skemmtilegu byltingu sem allur heimurinn nýtur nú góðs af. Treystu SHARP! Þeir fundu upp sjónvarp nútímans. Veldu SHARP!

## 2007 ÁRGERÐIRNAR KOMNAR Í HÚS ...

Skjástærðir: 32” og 37“
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32”**
**Kynningarverð: 199.900.-**
**SHARP LC37GA9E 37”**
**Kynningarverð: 259.900.-**






## OG BETRI EN NOKKRU SINNI FYRR!

Skjástærðir: 32” og 37”
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32BV8E 32”**
**Kynningarverð: 169.900.-**
**SHARP LC37BV8E 37”**
**Kynningarverð: 229.900.-**

## 20” LCD SHARP SJÓNVARP – TILVALIÐ Í ELDHÚSIÐ OG BÚSTAÐINN – Á ÓTRÚLEGU VERÐI:



Skjástærð: 20”
Upplausn: 640 x 480 (4:3)
Contrast: 500:1
Birta: 430 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
Íslenskt textavarp
OPC Sjálfvirkur birtuskynjari
Tengi: SCART, AV/S-Video, hljóðútgangur, heyrnartól

**SHARP LC20SH1E 20”**
**Verð: 69.900.-**

HD ready

LCD sjónvörp í þessum gæðaflokki hafa aldrei verið ódýrari!

ORMSSON

| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 |

KVIKA

# Ýsan í fyrsta sæti

Framboð af fiski jókst nokkuð á milli vikna á fiskmörkuðum í síðustu viku og fékkst nokkuð hátt meðalverð fyrir hvert kíló eða 158,80 krónur á kíló fyrir 1.642 tonn af fiski. Til samanburðar var mjög lítið framboð í síðustu viku enda seldust einungis 1.200 tonn af fiski á markaðnum. En meðalverðið var mjög hátt eða 166,25 krónur og hafði sjaldan verið hærra.

Líkt og fyrri vikur var ýsa söluhæsta tegundin. Meðalverð fyrir slægða ýsu var 167,54 krónur á kíló sem er 4,71 krónu minna en í síðustu viku.



**FISKUR Í KARI** Þorskur var í síðustu viku sem fyrri vikur annar söluhæsti fiskurinn á mörkuðum. MARKAÐURINN/VILHELM

Þá var þorskur sem fyrr í öðru sæti en kílóið af slægðum fiski fór á 251,93 krónur sem er 9,23 króna hækkun á milli vikna. - jab

# Viðskiptanefnd leitar tækifæra hér

Fjölmenn viðskiptasendinefnd frá Nýfundnalandi og Labrador kemur hingað til lands 1. nóvember og verður hér í fjóra daga. Í nefndinni eru um 40 manns frá 14 fyrirtækjum sem sækja Ísland heim í því augnamiði að koma á viðskiptasamböndum við íslensk fyrirtæki, auk þess að kynna sér íslenska sögu og menningu.

Í nefndinni eru fulltrúar frá fyrirtækjum á sviði fata- og skartgripahönnunar, bifreiðavarahluta, auglýsinga- og markaðsmála, prjónaiðnaðar og bókaútgáfu, svo eitthvað sé nefnt.

Í fréttatilkynningu um heimsóknina segir að undirtektir íslenskra fyrirtækja hafi þegar verið mjög góðar og virðist ljóst af viðbrögðunum að áhugi er á auknum viðskiptum við þennan heimshluta. - jab



**ST. JOHN Á NÝFUNDNALANDI** Viðskiptasendinefnd frá Nýfundnalandi og Labrador kemur hingað í nóvember til að koma á viðskiptasamböndum við fyrirtæki.

# Avion Group skapar mikla atvinnu

Avion Group hefur verið valið annað framsæknasta fyrirtæki Evrópu á lista Europe's Entrepreneurs for Growth og heldur öðru sætinu á Europe's 500 listanum yfir mest vaxandi og atvinnuskapandi fyrirtæki í Evrópu annað árið í röð. Kögun er í 7. sæti, Össur í 67. sæti en Creditinfo Group Ltd. í því 81. Þá er TM Software í 122. sæti listans.

Í niðurstöðunum sem birtar voru í gær kemur fram að meðalstór fyrirtæki eru leiðandi í atvinnuaukningu í Evrópu og hafa skapað 150.000 ný störf í Evrópu á undanförnum þremur árum.

Íslensku fyrirtækin fimm sköpuðu 5.947 ný störf á tímabilinu frá 31. desember 2002 til sama dags þremur árum síðar og mældist árleg aukning 72 prósent sem er um fimmfalt meðaltal í Evrópu.

Avion fjölgaði starfsmönnum úr 672 í 4500 á þessu þriggja ára tímabili og nemur aukningin um 570 prósentum. Aukningin nam 916 prósentum hjá Kögun en var minni hjá hinum fyrirtækjunum þremur.



**STJÓRNARFORMAÐUR AVION GROUP** Avion Group er í 2. sæti á lista tímaritsins Europe's 500 yfir mest vaxandi og atvinnuskapandi fyrirtæki í Evrópu. MARKAÐURINN/STEFÁN

Í fréttatilkynningu frá Avion Group er haft eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni félagsins, að valið sé mikill heiður fyrir félagið og staðfesting á því öfluga starfi sem Avion Group hafi unnið undanfarin misseri. - jab

# Baugur hafnar orðrómi um yfirtöku á Moss Bros

## Hugmyndin er að búa til Mosaic Fashions á sviði herrafatnaðar samkvæmt frétt Retail Week.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Stjórnendur Baugs Group eru sagðir vera að undirbúa yfirtökutilboð í bresku herrafatakeðjuna Moss Bros samkvæmt frétt Retail Week. Þetta munu þeir gera í samvinnu við Tom Hunter og Kevin Stanford. Moss Bros er sem kunnugt er að stærstum hluta í eigu Unity Investments, fjárfestingafélags í eigu Baugs, FL Group og Stanfords. Hlutur Unity er um 29 prósent.

Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi, segir að fréttin sé byggð á getgátum einum og ekkert yfirtökutilboð sé í smíðum. Áður hefur komið fram að stjórnendur Baugs vilja ganga frá yfirtökunni á House of Fraser (HoF) áður en ráðist verður í næstu stórverkefni.

Samkvæmt frétt blaðsins er hugmyndin sú að gera Moss Bros að eins konar Mosaic Fashions herrafatanna þannig að keðjan verði regnhlíf yfir fleiri herrafatakeðjur. Mosaic var lítið fyrirtæki eins og Moss sem óx, meðal annars með yfirtökum, upp í stórfyrirtæki sem er metið á fimmtíu milljarða króna. Moss er verðlagt á tæpa níu milljarða króna.

Þar sem Unity er stærsti hluthafinn í Moss ætti það ekki að eiga í vandræðum með að ráðast í yfirtöku í samvinnu við stjórnendur félagsins kjósi menn að fara út í þá sálma.

Moss Bros hefur átt undir högg að sækja líkt og margar tískuverslunarkeðjur í Bretlandi og skilaði slöppu milliuppgjöri. Félagið, sem er þriðji stærsti smásalinn í sölu á jakkafötum á eftir Marks & Spencer og Burton, skilaði helmingi minni hagnaði fyrir skatta á fyrri hluta ársins en á sama tímabili árið 2005. Alls nam hagnaður eitt hundrað milljónum króna.



**ÞRIÐJA STÆRSTA HERRAFATAKEÐJAN** Baugur er sagður vilja kaupa Moss Bros til að búa til nýtt Mosaic Fashions á sviði herrafatnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/MOSS BROS PLC.

SJÓÐUR 10
ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA
39,9%
Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.09.2006*
BESTA ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA SJÓÐA SÍÐUSTU 24 MÁNUÐI**
Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.
KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:
- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
** Sjá ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is



# Útiloka ekki vaxtahækkun

Seðlabankinn tekur ákvörðun um stýrivexti á fimmtudag í næstu viku. Vextirnir eru nú 14 prósent. Greiningardeild Glitnis telur mestar líkur á að bankinn haldi stýrivöxtum óbreyttum en segir þó ekki loku fyrir það skotið að vextir verði hækkaðir um 25 punkta. Gerist það fara stýrivextir í 14,25 prósent.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Bankinn tekur ákvörðun um stýrivexti í næstu viku. Glitnir segir mestar líkur á óbreyttum vöxtum. MARKAÐURINN/HEIÐA

Deildin segir í Morgunkorni sínu í gær að færa megi rök fyrir óbreyttum vöxtum. Gengi krónunnar hafi hækkað töluvert, verðbólguhorfur batnað og verðbólguálag á fjármálamarkaði dregist snarlega saman. Þá hefur íbúðaverð staðnað á síðustu mánuðum, að sögn deildarinnar. - jab




# DÚNALOGN

| | |
|---|---|
| Gerð: **Cintamani Eygló CM-712** | |
| Litir: **Beinhvítur, svartur, mosagrænn og rauður** | |
| Einangrun: **95% dúnn, 5% fiður** | Fóður: **Polyester** |
| Ytra byrði: **Polyester** | Loðkragi: **Ekta skinn** |
| Þyngd: **780 gr.** | Verð: **Kemur á óvart** |

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

www.cintamani.is

## Volvo Estate bestur í ástarbrímanum

Bifreiðar frá sænsku bílasmiðunum hjá Volvo hafa löngum þótt örugg farartæki. Nú hefur heldur betur bæst í viðurkenningaflokkinn því skutbíllinn Volvo Estate nýtur nú þess vafasama heiðurs að vera hentugasti bíllinn fyrir pör í ástarhug.



**VOLVO** Breskum pörum þykir skutbíll frá Volvo hentugasti bíllinn til að svala ástleitni sinni.

Breska götublaðið Sun hefur eftir könnun nettryggingafyrirtækis þar í landi að flest pör horfi til rýmis í bílum þegar löngunin kemur yfir það en þar hefur Volvo Estate vinninginn. Eins og gefur að skilja voru skutbílar og bílar af stærri gerðum í efstu sætum.

Af þeim fjögur þúsund einstaklingum sem tóku þátt í könnuninni sögðust 68 prósent ekki geta haldið aftur af sér í bílnum og neyðst til að gera hlé á ferð sinni. Einn af hverjum tíu sagðist hins vegar ekki hafa stöðvað ökutæki sitt á meðan lönguninni var svalað.

Þá vitnar blaðið til talsmanns tryggingafyrirtækisins, sem segir að þegar ástarbríminn nái hámarki hjá pörum á ferð í bíl sé nokkur hætta á að innanstokksmunir skemmist. **- jab**

# Rocky mætir á Goodison Park

Robert Earl er orðinn næststærsti hluthafinn í enska úrvalsdeildarliðinu Everton eftir að hann keypti 23 prósenta hlut af Paul og Anita Gregg fyrir helgina. Kaupverðið var um 1.150 milljónir króna sem þýðir að klúbburinn er metinn á fimm milljarða króna.

Eitt af því sem Earl ætlar að gera er að draga augu heimsins að Everton. Hann hefur boðið góðvini sínum Sylvester Stallone á Goodison Park. „Sylvester Stallone dáir fótbolta og ég sagði honum frá samningnum. Hann segist vilja koma. Hann



**MIKILL SPORTFÍKILL** Rocky hefur boðað komu sína á Goodison Park eftir áramót í boði Roberts Earl, nýs hluthafa í Everton.

hefur nýlega lokið við gerð síðustu Rocky-myndar og verður í Englandi í janúar/febrúar að kynna hana," segir hann á Soccernet.com.

Earl byggði upp mikil auðæfi á keðjunum Planet Hollywood og Hard Rock Cafe og í gegnum þær fjárfestingar hefur hann kynnst fjölda kvikmyndastjarna. Bandaríski fjárfestirinn styður náinn vin sinn Bill Kenwright, stjórnarformann Everton, og ætlar sér ekki að gera yfirtökutilboð í félagið. Meðal þeirra tækifæra sem Earl er sagður horfa á er nýr heimavöllur Everton, sem er á teikniborðinu, en talið er líklegt að hann vilji kaupa réttinn á heiti leikvangsins. **- eþa**

# Hagnaður Google tæplega tvöfaldast

Hagnaður bandaríska netfyrirtækisins Google nam 733 milljónum bandaríkjadala eða rúmum fimmtíu milljörðum króna á þriðja fjórðungi ársins. Þetta er um 92 prósenta meiri hagnaður en fyrir ári.

Hagnaður Google hefur aukist talsvert í áranna rás en í fyrra skilaði fyrirtækið 381 milljarðs dala eða 26 milljarða króna hagnaði og var það sjöfalt meiri hagnaður en á þriðja ársfjórðungi 2004.

Í ár námu tekjur Google, sem að mestu eru komnar frá sölu auglýsinga, 2,7 milljörðum dala eða 184,6 milljörðum króna og er það sjötíu prósenta aukning á milli ára.

Eric Schmidt, forstjóri Google, er sagður afar ánægður með afkomu enda hefur markaðshlutdeild fyrirtækisins stækkað talsvert síðustu misserin.

Fyrirtækið mun hafa 45 prósenta hlutdeild á netmarkaðnum en til samanburðar eru netveitan Yahoo með 28 prósent og hugbúnaðarrisinn Microsoft með tólf prósent af kökunni. Búast má



**GOOGLE** Eric Schmidt, forstjóri Google, er afar ánægður með afkomu fyrirtækisins sem jók hagnað um 92 prósent á milli ára.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

við að hlutur Google stækki á næstunni, sér í lagi eftir kaup á myndskrárveitunni YouTube.

Greiningaraðilar á Wall Street í Bandaríkjunum eru sammála Schmidt og segja Google hafa umtalsverða yfirburði yfir keppinautana á netmarkaðnum. **- jab**

# Uppsagnir boðaðar hjá Aer Lingus

### Forstjóri Ryanair segir fjölda manns hjá Aer Lingus verða sagt upp kaupi Ryanair flugfélagið.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Michael O'Leary, forstjóri írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair, boðaði í lok síðustu viku umfangsmiklar uppsagnir hjá samlöndum sínum hjá flugfélaginu Aer Lingus verði yfirtökutilboði Ryanair í flugfélagið tekið. Uppsagnirnar yrðu hluti af hagræðingu í rekstri flugfélagsins, að hans sögn.

Aer Lingus var að langstærstum hluta í eigu írska ríkisins þar til í septemberlok en þá seldi ríkið meirihluta bréfa sinna í almennu hlutafjárútboði. Ríkið er eftir sem áður stærsti einstaki hluthafinn með um 28 prósenta hlut en starfsmenn Aer Lingus og lífeyrissjóður flugmanna hjá félaginu eiga góðan hluta ásamt almennum fjárfestum.





**MICHAEL O'LEARY** Forstjóri Ryanair segir umfangsmiklar uppsagnir fyrirhugaðar hjá Aer Lingus verði af yfirtöku Ryanair á félaginu.
MARKAÐURINN/AFP

Ryanair tryggði sér sextán prósenta hlut í Aer Lingus en jók hann fljótlega í um nítján prósent og gerði í kjölfarið yfirtökutilboð í alla hluti þess. Yfirtökutilboðið hljóðar upp á 1,5 milljarða evra, um 130 milljarða íslenskra króna. Það svarar til 2,8 evra á hlut, sem er 0,6 evrum yfir útboðsgenginu.

Bæði írska ríkið og starfsmenn Aer Lingus hafa sett sig upp á móti tilboðinu og segja það ekki endurspegla virði þess. Þá hefur Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, sömuleiðis ítrekað, nú síðast um helgina, að ríkið muni ekki selja hlut sinn í félaginu.

Forstjóri Ryanair lagði hins vegar mikla áherslu á það fyrir helgina, að gangi hluthafar ekki að yfirtökutilboði félagsins muni Aer Lingus verða áfram lítið flugfélag sem sinni innanlandsflugi og stækki lítið. Þá séu miklar líkur á að gengi bréfa í Aer Lingus muni hríðlækka taki huthafar ekki yfirtökutilboði Ryanair.

Kaupthing Liquidity Funds





Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD og EUR

*Nafnávöxtun í EUR á ársgrundvelli fyrir tímabilið 25/9/06 - 24/10/06

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI

# Þýskir forstjórar á ofurlaunum í fyrra

Laun stjórnenda hjá fyrirtækjum í Þýskalandi hækkuðu að meðaltali um 11 prósent í fyrra en það er talsvert umfram almennar launahækkanir.

Það voru hagsmunasamtök þýskra hluthafa sem stóðu fyrir því að kanna hver laun forstjóra í landinu voru í fyrra.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að þýskir forstjórar voru með þrjár milljónir evra, jafnvirði 260 milljóna íslenskra króna, í meðallaun á síðasta ári. Það jafngildir rúmlega 21,6 milljónum króna á mánuði. Stjórnarmenn fyrirtækja voru á sama tíma hálfdrættingar forstjóranna með 1,7 milljónir evra á ári. Það jafngildir rúmum 147 milljónum króna eða 12,2 milljónum króna á mánuði.

Josef Ackermann, forstjóri Deutsche Bank, trónaði á toppnum líkt og fyrri ár með 8,5 milljónir evra eða 736,4 milljónir króna í grunnlaun í fyrra. Það er 190,6 milljóna króna hækkun frá árinu á undan. Ackerman ætti að hafa fyrir salti í grautinn því þetta jafngildir því að hann hafi haft 61,3 milljónir króna í mánaðarlaun.

Stórfyrirtæki í Þýskalandi hafa fram til þessa ekki þurft að birta upplýsingar um laun stjórnenda og hafa verið treg til þess. Frá og með næsta ári þurfa þau hins vegar að gera það lögum samkvæmt. **- jab**





**LAUNAHÆSTI FORSTJÓRINN** Josef Ackermann, forstjóri Deutsche Bank, hefur ástæðu til að brosa enda var hann launahæsti forstjórinn í Þýskalandi í fyrra með 61,3 milljónir króna í mánaðarlaun.
MARKAÐURINN/AFP

# Lexus IS
# Bíll ársins 2007

*Í flokki smábíla og millistærðarbíla: Renault Clio*

*Í flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla: Lexus IS.*

*Í flokki jeppa og jepplinga: Hyundai Santa Fe*

*Í flokki sportbíla: Porsche Cayman*




Stilling

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2007
BÍLABLAÐAMANNA

TM

www.billarsins.is

# Samkeppniseftirlitið mundar lækningartólin

**Sjúkdómseinkenni má greina á lyfjamarkaði, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, í viðtali við *Óla Kristján Ármannsson*. Vikugömul staðfesting úrskurðarnefndar á ákvörðun eftirlitsins frá því í sumar færir því vopn í hendurnar í baráttunni við fákeppni. Tvær óskyldar lyfjakeðjur voru sagðar markaðsráðandi saman. Það sama kann að eiga víðar við.**

Fordæmið sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála gaf þegar hún staðfesti nýverið ógildingu Samkeppniseftirlitsins á samruna Lyfjavers og Lyfja og heilsu kann að skipta máli þegar teknir verða til skoðunar aðrir markaðir en lyfjamarkaður.

Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins fara lyfsölukeðjurnar Lyfja og Lyf og heilsa saman með markaðsráðandi stöðu á markaði og mat þess að staðan gerði fyrirtækjunum kleift að samhæfa hegðun sína á markaðnum án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda. Telur Samkeppniseftirlitið úrskurð áfrýjunarnefndar hafa talsvert fordæmisgildi og að hann geti auðveldað Samkeppniseftirlitinu að vinna gegn skaðlegri fákeppni á ýmsum mörkuðum hér.



UMFERÐ Í REYKJAVÍK Í viðskipta- og athafnalífi hér er staðan víða sú að fá stór fyrirtæki deila með sér ákveðnum mörkuðum. Má þar nefna tryggingar, flutninga- og bankastarfsemi sem dæmi. Staðfest hefur verið ákvörðun Samkeppniseftirlits þar sem lyfsölukeðjum eru settar skorður því þær fari saman með markaðsráðandi stöðu. MARKAÐURINN/HEIÐA

**VIÐMIÐ NÝTAST Á ÖÐRUM MÖRKUÐUM**

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir ekkert hægt að fullyrða um hvort svipuð staða sé uppi á öðrum mörkuðum og á lyfsölumarkaði án þess að það sé kannað sérstaklega. „Mjög mikilvægt er samt að þarna er með nokkuð skýrum hætti búið að draga upp hvaða viðmið eru höfð til hliðsjónar þegar sameiginleg markaðsráðandi staða er metin. Þau viðmið nýtast við athuganir á öðrum mörkuðum.“

Páll Gunnar segir þetta vera í annað sinn sem fyrirtæki séu af áfrýjunarnefnd samkeppnismála talin fara með sameiginlega markaðsráðandi stöðu en árið 2001 fjallaði úrskurðarnefnd á sambærilegan hátt um samruna á fóðurmarkaði þar sem ógilt voru kaup Mjólkurfélags Reykjavíkur svf. og Lýsis hf. á öllum hlutabréfum í Fóðurblöndunni hf. Á árinu 2000 taldi samkeppnisráð, í áliti þar sem lagst var gegn fyrirhugaðri sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka, að viðskiptabankarnir væru sameiginlega markaðsráðandi. „Niðurstaða áfrýjunarnefndar núna er mjög skýr og mikilvægt að fá þetta staðfest, sérstaklega fyrir hagsmuni neytenda því sú staða kann að vera uppi á fleiri mörkuðum að fákeppni kunni að vera þannig úr garði gerð að enginn einn sé markaðsráðandi en samt sé samkeppni hindruð.“



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Páll Gunnar, sem er forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu óheimilt að beita meðölum í samkeppni sem minni fyrirtæki sem ekki eru ráðandi á markaði mega nota að vild. MARKAÐURINN/HRÖNN

Páll Gunnar segir ljóst að hér séu fleiri markaðir þar sem einhverjir tveir eða þrír séu stærstir. „Til dæmis í byggingaverslun og svo eru náttúrlega fáir stórir aðilar á vátryggingamarkaði. Það þýðir ekki að hægt sé að fullyrða að uppi sé sameiginlega markaðsráðandi staða á þeim mörkuðum. Til að meta það þarf ítarlega rannsókn að gefnu tilefni.“

Að fenginni þessari niðurstöðu á lyfjamarkaði segir Páll Gunnar ljóst að stóru lyfjakeðjurnar verði að horfa a stöðu sína frá þessum sjónarhóli. „Miklar skyldur eru lagðar á fyrirtæki sem eru markaðsráðandi, hvort sem þau eru það ein og sér eða sameiginlega. Þau þurfa að passa upp á að þau séu ekki að hindra samkeppni frá smærri keppendum og misnota aðstöðu sína.“

**EINKENNI Á SJÚKUM MARKAÐI**

Markaðurinn hefur hins vegar heimildir fyrir því að nokkurrar óánægju gæti meðal smærri fyrirtækja á lyfjamarkaði með þá túlkun að Lyfja og Lyf og heilsa fari saman með markaðsráðandi hlut. Engin ákvæði laga eru sögð verja smærri fyrirtæki gegn ofurefli sem í lyfjakeðjunum felist og þeim frjálst að opna verslanir ofan í smærri apótekum, en þar séu menn í raun lokaðir í sínum rekstri og megi ekki selja hann til keðjanna vegna mats eftirlitsins á stöðu þeirra. Segja menn keðjurnar ekki mega kaupa, en þeim sé heimilaður svokallaður innri vöxtur, sem þýði að þær megi bæta við sölustöðum að vild.

Hvað finnst forstjóra Samkeppniseftirlitsins um þau rök að með túlkun sinni á rekstrarumhverfinu sé verið að loka litlu aðilana inni í rekstri sínum? „Ég get ekki fallist á þau sjónarmið,“ segir Páll Gunnar. „Þessum reglum er einmitt ætlað að vernda samkeppni á þessum markaði og koma í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki veiki keppinauta sína með óeðlilegum aðgerðum. Auðvitað getur í samrunamálum litið íþyngjandi út þegar einhver vill losna við rekstur sinn en fær ekki að selja stóru aðilunum því þar með sé markaðsráðandi staða þeirra styrkt þannig að verði samkeppnishamlandi. En grunnhugsunin með þessum reglum er að tryggja samkeppnislega gerð markaða og stuðla þannig að því að samkeppni geti þrifist á viðkomandi markaði. Ef allt er með felldu þá eru fleiri kaupendur að fyrirtækjum en bara markaðsráðandi keppinautar. Það er einkennilegur markaður þar sem enginn annar er til í að kaupa fyrirtæki en markaðsráðandi aðili sem sér sér hag í að minnka með því samkeppni. Því er það rökleysa að halda fram

**„Miklar skyldur eru lagðar á fyrirtæki sem eru markaðsráðandi, hvort sem þau eru það ein og sér eða sameiginlega. Þau þurfa að passa upp á að þau séu ekki að hindra samkeppni frá smærri keppendum og misnota aðstöðu sína.“**



að reglurnar skaði minni aðilana,“ segir hann og telur ákveðið sjúkdómseinkenni á markaðnum að einhverjum smærri fyrirtækjum þyki að sér vegið þegar með aðgerðum sé unnið gegn samkeppnishindrunum.

**EINN MÁ ANNAR EKKI**

Þá segir Páll Gunnar að sé sú staða uppi á tilteknum markaði að eitt eða fleiri fyrirtæki fari með markaðsráðandi stöðu geti það meðal annars takmarkað möguleika þeirra til að vinna þannig í samkeppni að setja upp verslanir nálægt samkeppnisaðilum. „Þetta snýr ekki bara að samrunamálum, heldur líka að því hvernig fyrirtækin haga sér almennt í samkeppninni, t.d. hvort menn séu að misnota markaðsráðandi stöðu sína með undirboðum, með því að sækja hart að viðskiptavinum smærri keppenda eða með öðrum slíkum aðferðum.“

Þá liggur í hlutarins eðli að aukið aðhald og eftirlit er til staðar á markaði þar sem einhver einn eða fleiri fara með markaðsráðandi stöðu. „Séu menn í þessari stöðu er mjög líklegt að keppinautarnir kvarti yfir þeim, og að Samkeppniseftirlitið taki einstök mál til skoðunar. Á markaðnum, hvort sem það er Samkeppniseftirlitið sjálft eða keppinautar, þá skynja menn það mjög fljótt komi upp einhver svona staða og það að vera í markaðsráðandi stöðu setur mönnum miklar skyldur að þeim sé ekki heimilt að vinna með sama hætti í samkeppninni eins og ef þeir væru smærri aðilar á dreifðari markaði. Háttsemi á borð við undirverðlagningu eða aggresíva ásókn í viðskiptavini keppinautanna getur verið ólögmætt fyrir fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu en fullkomlega eðlilegt fyrir smærri fyrirtæki.“

Af orðum Samkeppniseftirlitsins um mikilvægi staðfestingar ákvörðunarinnar um samrunann á lyfjamarkaði frá því í sumar verður vart annað ráðið en að mælistikan sem þar var beitt verði lögð á aðra markaði þar sem fáir stórir eru á markaði. Páll Gunnar segir hins vegar ekkert liggja fyrir um það enn hvernig Samkeppniseftirlitið komi til með að nýta sér fordæmið sem gefið hefur verið. „Það getur verið í tilefni af kvörtunum eða í athugunum að eigin frumkvæði, og einnig vegna tilkynninga um samruna. Athuganir af þessu tagi eru eins misjafnar og þær eru margar.“



**Í VERSLUNARLEIÐANGRI** Matvörumarkaður er einn þeirra sem rætt hefur verið um sem mögulegan vettvang fákeppni. MARKAÐURINN/VALLI

# Spurning um virka tvíkeppni eða samhæfða fákeppni

**Í Evrópu þekkjast þess mörg dæmi að óskyld fyrirtæki séu talin fara með ráðandi stöðu á markaði. Staðan getur átt við nokkur fyrirtæki í einu.**

„Að einhver komist í einkasöluaðstöðu er til þess fallið að hækka verð og bæta afkomuna hjá viðkomandi. Þegar tveir aðilar selja á markaði hafa þeir ákveðinn hvata til samkeppni, en þeir hafa líka við vissar aðstæður hvata til að stunda þögula samhæfingu án beinna samskipta,“ segir Axel Hall, hagfræðingur og aðjúnkt við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Axel segir að í meginatriðum liggi nokkur skilyrði til grundvallar tilvist sameiginlegrar markaðsráðandi stöðu tveggja eða fleiri á markaði. Varan eða þjónustan sem seld er þarf að vera einsleit, fyrirtækin geta fylgst vel hvert með öðru og verið svipuð að gerð og stærð. Þá þurfa þau að starfa á markaði með aðgangshindrunum þar sem til staðar er fælingarmáttur sem heldur þeim við niðurstöðu hinnar sameiginlegu markaðsráðandi stöðu. „Þetta er kölluð þögul samhæfing og getur þá birst í að verð verður hærra en það hefði orðið ef til staðar væri virk samkeppni. Um þetta snerist þessi staðfesting á sameiginlega markaðsráðandi stöðu í grófum dráttum,“ segir hann.

Sú staða getur komið upp að fleiri en tvö fyrirtæki séu talin fara saman með markaðsráðandi stöðu með þögulli samhæfingu. „Það hefur gerst í evrópskum samkeppnisrétti,“ segir Axel. „Til hefur komið að þrír og jafnvel fleiri aðilar væru taldir stunda þögula samhæfingu. Til dæmis er nýtt mál í Evrópu sem varðar fyrirtæki sem gefa út geisladiska. Þar var um að ræða samruna sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafði hleypt í gegn en undirréttur sambandsins vísaði frá og horfði til þess að mögulega væri að myndast sameiginlega markaðsráðandi staða. Þó voru fyrir á markaði nokkrir stórir aðilar.“ Axel segir því ekkert nýtt við það að litið sé svo á að fleiri en eitt fyrirtæki geti farið saman með markaðsráðandi stöðu, enda dæmin mörg frá Evrópu, þótt mál Lyfjavers og Lyfja og heilsu sé bara annað í röðinni hér. Fyrsta málið af þessu tagi sem kom til kasta samkeppnisyfirvalda hér snerist um samruna fóðurfyrirtækja árið 2001.



**AXEL HALL AÐJÚNKT VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK** Axel segir að til staðar þurfi að vera ákveðin skilyrði á markaði til þess að fyrirtæki sem á honum starfa geti talist fara saman með markaðsráðandi stöðu. MARKAÐURINN/GVA


# Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.



Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study
Problems per 100 Vehicles
Lower score indicates higher initial quality

| Rank | | Problems |
|---|---|---|
| 1 | Porsche | 91 |
| 2 | Lexus | 93 |
| 3 | Hyundai | 102 |
| 4 | Toyota | 106 |
| 5 | Jaguar | 109 |
| | Industry Average | 124 |

Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study(SM) (IQS)



Frá kr. 1.390.000
Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Með mesta rýmið í sínum flokki



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000
SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér



| LÖND UTAN EVRÓPU* |
| --- |
| Kasakstan |
| Mongólía |
| Kína |
| Japan |
| Tailand |
| S-Kórea |
| Víetnam |
| Indland |
| Indónesía |
| Sádi-Arabía |
| Sameinuðu arabísku furstadæmin |
| Ástralía |
| Nýja-Sjáland |
| Alsír |
| S-Afríka |
| Chile |
| Brasilía |

** Lönd utan Evrópu þar sem íslensk fyrirtæki hafa starfsemi. Listinn er ekki tæmandi.*

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands ýtti nýlega úr vör umfangsmiklu rannsóknarverkefni þar sem leitast verður við að skýra ástæður þess árangurs sem íslensk fyrirtæki virðast vera að ná á erlendri grundu. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fékk þrjá stjórnendur íslenskra útrásarfyrirtækja til að velta velgengninni fyrir sér.

# Hvaða kraftur knýr íslens

Fyrir síðustu aldamót hafði hugtakið „útrás" ekki aðra þýðingu í hugum fólks en þá að „fá útrás". Var það notað um að losa um einhverjar hömlur innra með sér, kannski með því sleppa sér í danssveiflu, fá sér vel í aðra tána eða sprengja sig á hlaupabrettinu í World Class. Margt hefur breyst síðan þá og í dag eru allir sammála um merkingu þessa orðs sem er nú tákn fyrir glæsta, en oft á tíðum óskiljanlega, framgöngu íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Þessi mikli gangur hefur ýmist vakið aðdáun eða tortryggni, eða jafnvel hvort tveggja í laumi, en sennilega fyrst og fremst forvitni hins almenna borgara sem enn sér „milljónamæringinn" sem vellauðugan mann og á erfitt með að hugsa í milljörðum.

Hugmyndin að ítarlegri rannsókn á fyrirbærinu vaknaði í kolli Snjólfs Ólafssonar prófessors nú í sumar. Hún fékk góðan hljómgrunn meðal annarra kennara viðskipta- og hagfræðideildar, enda eru þeir forvitnir eins og annað fólk og í stakk búnir til að skoða útrásina með fræðimannagleraugum. Hafist var handa við undirbúning verkefnisins fyrir um sex vikum og var meðal annars leitað til útrásarfyrirtækjanna sjálfra eftir fjárstuðningi. Þar fengust strax jákvæð viðbrögð og því var unnt að ráða Auði Hermannsdóttur, sem nýverið lauk meistaranámi í viðskiptafræði, í fullt starf við verkefnið. Auk Snjólfs eru þrír í verkefnastjórn, þeir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Þórhallur Guðlaugsson og Runólfur Smári Steinþórsson en fleiri munu koma að verkefninu á einn eða annan hátt þegar fram líða stundir.

**FRÆÐILEGAR OG HAGNÝTAR NIÐURSTÖÐUR**

Markmiðið með rannsókninni er að auka þekkingu meðal fræðimanna, ráðgjafa, embættismanna, stjórnmálamanna, stjórnenda og annarra og er stefnt á að niðurstöðurnar verði bæði fræðilegar og hagnýtar. Eftir um það bil tvö ár er svo stefnt á að nægilega mikil þekking hafi skapast til að efni verði komið í spennandi bók um íslensku útrásina. Þar að auki er ætlunin að birta ítarlega grein í virtu erlendu fagtímariti.

„Við teljum það mjög áhugavert sem útrásarfyrirtækin eru að gera og að árangurinn sé einstakur. Hvort hann er það á svo eftir að koma í ljós þegar líður á verkefnið og hvað skapast til að koma í ljós," segir Snjólfur. „Til þess að geta greint það á faglegan hátt af hverju, og hvort, íslensku útrásarfyrirtækin eru að ná svo góðum árangri þurfum við að byrja á að lýsa útrásinni. Það þarf til dæmis að skilgreina hver viðmiðin verða. Er Bakkavör til dæmis íslenskt fyrirtæki eða er það breskt fyrirtæki sem Íslendingar eiga? Hér var einu sinni til félag sem hét Icelandair sem allir landsmenn þekktu. Því var síðan breytt í FL Group og undir því var Icelandair Group en fyrir nokkru var sá hluti seldur. Eftir stendur FL Group sem á ekkert í Icelandair Group. Hlutirnir gerast hratt í viðskiptum og þetta gerir okkur í sumum tilvikum erfitt fyrir. Þetta sýnir þó fyrst og fremst hversu spennandi þetta verkefni er sem við ætlum að fara að glíma við," segir Snjólfur.

**MIKILVÆGAR ÞJÓÐFÉLAGSUMBÆTUR**

Ýmislegt hefur breyst í íslensku þjóðfélagi að undanförnu sem hefur skapað íslenskum fyrirtækjum hagstæðari vinnuskilyrði. Viðskiptaráð Íslands hefur fylgst náið með framgangi íslenskra fyrirtækja í útlöndum. „Það eru nokkrir þættir sem útskýra þessa miklu og hröðu útrás síðustu ára. Í fyrsta lagi má nefna EES-samninginn sem opnaði markaði fyrir vöxt utan Íslands. Þá höfðu breytingar á skattaumhverfi mjög hvetjandi áhrif á fyrirtæki til að vaxa frekar og sú staðreynd að Ísland er lítill markaður gerði það að verkum að vöxt varð að sækja erlendis," segir Halla Tómasdóttir, fram-



**ÖSSUR Í BANDARÍKJUNUM** Ein af sex starfsstöðvum Össurar í Bandaríkjunum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, um stjórnun íslenskra fyrirtækja:

## „Íslenskt" ekki endilega aðalmálið

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, var staddur í bíl sínum í Kaliforníu í brakandi þurrki og sóls þegar hann var truflaður við aksturinn. Var hann beðinn um að lýsa því hvaða þátt hann teldi stjórnun íslenskra fyrirtækja eiga í því hversu greiðlega hefur gengið hjá þeim á erlendri grundu. Sagðist hann í reynd ekki telja að íslenskum fyrirtækjum sé á nokkurn hátt stjórnað öðruvísi en öðrum fyrirtækjum í hinum engilsaxneska eða skandinavíska heimi.



**JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSURAR** „Ég held að þetta íþróttatungumál eigi ekki við í viðskiptum. Við Íslendingar erum ekkert endilega betri en aðrir þótt við séum alveg örugglega jafngóðir."

„Það sem þó hefur örugglega komið íslenskum fyrirtækjum hraðar áfram en öðrum, hvað varðar stjórnun, er hve margir íslenskir stjórnendur hafa dvalið langdvölum erlendis við vinnu og ekki síst við nám. Ég held að það sé alveg vert að athuga hvort Lánasjóður íslenskra námsmanna hafi ekki bara skipt gríðarlega miklu máli fyrir útrásina," segir Jón og bætir við að frá upphafi Össurar hafi stjórnendur fyrirtækisins alltaf átt það sameiginlegt að hafa stundað nám eða vinnu í útlöndum. „Á þeim tíma þegar Össur var lítið fyrirtæki höfðum við ekki efni á að kaupa alþjóðlega stjórnendur. Ef ég hefði þá borið okkur saman við tvö hundruð manna fyrirtæki annars staðar í Evrópu, hefði það hlutfall starfsfólks sem hefði lært í útlöndum verið mun hærra hjá Össuri. Ég held að þetta sé mikill styrkleiki fyrir minni íslensk fyrirtæki."

Jón telur að það þurfi að fara varlega með það að halda því fram að Íslendingar séu óvenjugóðir í stjórnun, eða öðru ef því er að skipta. "Ég held að þetta íþróttatungumál eigi ekki við í viðskiptum. Við Íslendingar erum ekkert endilega betri en aðrir þótt við séum alveg örugglega jafngóðir."

Jón segir ýmislegt greinilega hafa ýtt undir útrásina, eins og mikill vilji íslenskra fjárfesta til að leggja til fé. Þar að auki stuðli aldurssamsetning þjóðarinnar og gott lífeyriskerfi að því að fjármagn streymi fram og því þurfi að finna farveg. Það að íslenskt stjórnkerfi sé ekki mjög þungt í vöfum hafi einnig sitt að segja þar sem auðveldar og hraðar reynist að ýta hindrunum úr vegi en annars staðar.

„Ég er alls ekki að gera lítið úr íslenskum stjórnendum með þessum orðum, íslenska útrásin virðist að mörgu leyti vera að heppnast mjög vel. Ég er mjög stoltur af Össuri og við höfum náð frábærum árangri en ég held að það sé ekki út af því, fyrst og fremst, að við erum íslenskt fyrirtæki. Það væri mjög mikil einföldun að segja það."



| EVRÓPA* |
|---|
| Austurríki |
| Belgía |
| Búlgaría |
| Danmörk |
| Eistland |
| England |
| Finnland |
| Finnland |
| Frakkland |
| Georgía |
| Holland |
| Írland |
| Ítalía |
| Lettland |
| Litháen |
| Lúxemborg |
| Makedónía |
| Malta |
| Noregur |
| Portúgal |
| Pólland |
| Rúmenía |
| Rússland |
| Serbía |
| Skotland |
| Slóvakía |
| Slóvenía |
| Spánn |
| Sviss |
| Svíþjóð |
| Tékkland |
| Tyrkland |
| Ungverjaland |
| Úkraína |
| Þýskaland |

* Lönd í Evrópu þar sem íslensk fyrirtæki hafa starfsemi. Listinn er ekki tæmandi

# ...sku útrásina?

kvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Einkavæðing bankanna var síðan vítamínsprauta og sýnir best hversu mikilvægt er að fyrirtæki séu í einkarekstri en ekki ríkisrekstri. Þessar breytingar í umhverfinu voru mikilvægar og okkar vel menntaða fólk sem gjarnan er með alþjóðlega framhaldsmenntun og mikinn frumkvöðlakraft nýtti sóknarfærið. Þá má einnig nefna að sú staðreynd að lífeyrissjóðseignir okkar eru miklar og aðgangur að slíku fjármagni var mikilvægur.“

Halla telur einnig að nýjar aðferðir við vöxt erlendis hafi einfaldlega virkað betur en eldri aðferðir. Áður hafi íslensk fyrirtæki gjarnan sent íslenska starfsmenn utan með það að markmiði að markaðssetja og koma á framfæri íslenskum vörum. Nýja módelið hafi frekar verið að kaupa fyrirtæki með markaðsstöðu og gott erlent starfsfólk. Í mörgum tilfellum hafi stefna þeirra og reynsla nýst íslenskum fyrirtækjum um leið og kraftur Íslendinga hefur smitað frá sér og haft jákvæð áhrif á starfsemi þessara erlendu hefðbundnu fyrirtækja.

**NÁTTÚRULEGIR EIGINLEIKAR Í BLAND VIÐ HVETJANDI UMHVERFI**

Sá kraftur sem einkennir íslenskt viðskiptalíf um þessar mundir er að mati Höllu sambland af náttúrulegum eiginleikum og hvetjandi umhverfi. Hún telur stærstu ógnina sem Ísland gæti staðið frammi fyrir vera að þessi fyrirtæki, sem nú eru orðin svona stór og öflug, gætu kosið að flytja starfsemi sína til útlanda. „Það er keppikefli að hafa hér áfram samkeppnishæft viðskiptaumhverfi með lágum sköttum, einföldum reglum og vel menntuðu fólki. Viðskiptalíf okkar er nú fjölbreyttara en nokkru sinni og því betur undir það búið að taka á sig áföll.“

Halla segir að brýnt sé að átta sig á að við séum ekki búin að sanna að við getum rekið þessi yfirteknu fyrirtæki og sameinað svo vel verði, þannig að hægt verði að standa undir þeirri arðsemi sem þarf þegar um skuldsett kaup er að ræða. „Við þurfum úthald til að tryggja að samrunar og yfirtökur gangi eftir og nái markmiðum sínum. Það mun ekki skýrast fyrr en að nokkrum árum liðnum hvort að okkur takist það og líklegt er að í einhverjum tilfellum takist það ekki sem skyldi, enda sýna rannsóknir að 60 prósent alþjóðlegra samruna mistakist eða nái ekki markmiðum sínum.“

**VIÐFANGSEFNIN FJÖLMÖRG**

Viðfangsefni og hugsanlegar rannsóknarspurningar verkefnisins eru margar. Meðal þess sem verður skoðað er hvað ræður vali á fyrirtæki sem á að yfirtaka og hvaða ferli fer í gang í kjölfar yfirtökunnar. Þar að auki verður fjármálageirinn og samkeppnisstaða Íslands skoðuð. Meðal hugsanlegra undirkafla verkefnisins eru starfsumhverfi á Íslandi, sérstaða íslenskrar fyrirtækjamenningar, ef hún er þá einhver, og stjórnunarhættir.

Markaðurinn leitaði til þriggja stjórnenda íslenskra útrásarfyrirtækja, þeirra Svöfu Grönfeldt, aðstoðarforstjóra Actavis, Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar, og Ármanns Þorvaldssonar, forstjóra Kaupþings Singer & Friedlander. Var hvert þeirra beðið um að velta einu atriði fyrir sér sem hugsanlega gæti verið hluti skýringarinnar á góðum árangri íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. Svör þeirra og vangaveltur birtast hér á opnunni.

**Nýja módelið hafi frekar verið að kaupa fyrirtæki með markaðsstöðu og gott erlent starfsfólk.**

---

Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, um samþættingu fyrir og eftir samruna:

## Einföld ferli og skýr markmið



**ACTAVIS Á INDLANDI** Í þessu húsi eru rannsóknarstofur Actavis í Bangalore á Indlandi.

Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, segir samþættingu fyrir og eftir samruna lykilatriði í útrás Actavis. “Ef við náum ekki að samþætta, þá njótum við ekki þeirra ávaxta sem sóst var eftir með yfirtökunni í upphafi. Skilvirkar aðferðir við samþættngu hafa því geysimikil áhrif á ytri vaxtarmöguleika fyrirtækisins,” segir hún.

Samkvæmt stjórnunarfræðunum eru fimm meginástæður fyrir því að sameiningar mistakast: óskýr markmið í upphafi, vanmat á mikilvægi þess að samþætta ákveðna þætti strax og yfirtakan á sér stað, slök samvinna stjórnenda, bæði innan fyrirtækisins sem og við það fyrirtæki sem verið er að yfirtaka, og síðast en ekki síst vanmat stjórnenda á því að fylgja samþættingunni skipulega eftir.

Kjarninn í hugmyndafræði Actavis þegar kemur að samþættingu er að setja skýr markmið og einfaldleika í forgang. “Við viljum vita nákvæmlega hvað við fáum út úr sameiningunni áður en félag er keypt, bæði þegar kemur að krónum og aðgerðum. Við greinum líka að hve miklu leyti þarf að samþætta þetta ákveðna fyrirtæki starfsemi móðurfélagsins. Við samþættum ekki samþættingarinnar vegna, heldur bara á þeim sviðum sem skila okkur auknum tekjum eða meiri sparnaði.”

Markmiðin með yfirtökunni eru sett áður en kaupin fara fram. Þau eru skýr þannig að auðvelt sé að fylgja því eftir að markmiðin náist innan þeirra tímamarka sem við setjum okkur. Við fylgjum síðan aðgerðaráætlunum eftir viku fyrir viku meðan á samþættingarferlinu stendur. Þá kemur að því að framfylgja boðorði númer tvö - einfaldleikanum. “Við reynum að lágmarka þá breytingu sem verður á móðurfélaginu og yfirtekna félaginu, því allar slíkar breytingar hægja á gangi félagsins. Við leggjum jafnframt mikið kapp á að missa ekki góða stjórnendur frá yfirteknu fyrirtækjunum til að sem minnst truflun verði á starfsemi þeirra. Við leggjum því mikla vinnu í greiningu á stjórnendum fyrirtækjanna við gerð áreiðanleikakannanna þegar yfirtaka stendur fyrir dyrum. Í þriðja lagi reynum við að einfalda alla ferla og skipurit innan fyrirtækjanna til þess að hlutverk og ábyrgð séu skýr frá upphafi.” Þessu til viðbótar er umbun þeirra sem tengjast samrunanum háð því hversu vel tekst til.

Samrunar og yfirtökur orðin hluti af daglegum veruleika starfsfólks Actavis og því skyldi engan undra að félagið hafi svo skýra samþættingarstefnu. Til merkis um það má nefna að félagið yfirtók átta félög á síðasta ári og hefur yfirtekið meira en 20 félög á síðustu árum. Actavis telst nú meðal fimm leiðandi samheitalyfjafyrirtækja heims með um tíu þúsund starfsmenn í meira en þrjátíu löndum.



**SVAFA GRÖNFELDT, AÐSTOÐARFORSTJÓRI ACTAVIS** „Skilvirkar aðferðir við samþættngu hafa því geysimikil áhrif á ytri vaxtarmöguleika fyrirtækisins.”

---



**KAUPÞING Í LONDON** Frá höfuðstöðvum Kaupþings Singer & Friedlander í London.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander, um fyrirtækjamenningu:

## Eftir höfðinu dansa limirnir

Fyrir um fjórum árum fóru þeir Ármann Þorvaldsson og Helgi Bergs fyrir hönd Kaupþings til London til að undirbúa starfsemi bankans í Bretlandi. Þremur árum og sjötíu starfsmönnum síðar keypti Kaupþing bankann Singer & Friedlander, sem hefur verið sameinaður við Kaupþing í Bretlandi undir nafninu Kaupthing Singer & Friedlander og er Ármann forstjóri sameinaðs banka. Undir honum starfa nú 500 manns, sem komu frá Singer & Friedlander, um 70 manns sem komu frá Kaupþingi í Bretlandi og um 50 sem hafa verið ráðnir til starfa eftir sameininguna. Viðhorf til vinnu og menning bankanna tveggja var mjög ólík. Undanfarið ár hefur Ármann því unnið hörðum höndum að því að breyta menningu Singer & Friedlanders, sem fyrir metnaðarfulla Kaupþingsmenninguna þótti heldur til þunglamaleg.



**ÁRMANN ÞORVALDSSON, FORSTJÓRI KAUPÞINGS SINGER & FRIEDLANDER.** „Hundur er alltaf hundur, jafnvel þótt maður segi honum að vera köttur.”

Síðan um áramótin hefur Kaupþing ráðið 150 manns til starfa og 110 hafa hætt eða verið sagt upp. Starfsmannabreytingar segir Ármann hafa verið óhjákvæmilegar, enda sé mjög erfitt að breyta kúltúr án þess að breyta um starfsfólk. „Frá því að við sameinuðumst hafa margir nýir framkvæmdastjórar bæst í hópinn og aðrir þurft að fara fyrir vikið. Stærsta málið er nefnilega alltaf að breyta stjórnendunum sem hafa mikil áhrif á fólkið í kringum sig. Eftir höfðinu dansa limirnir.“ Hann segir þó margt starfsfólk hafa hæfileika til að aðlagast nýjum aðstæðum og breyttu hugarfari.

Ármann segist fyrst og fremst líta til þess að starfsfólk sameinaðs banka hafi líkan hugsanagang og gengur og gerist innan Kaupþings. „Við hugsum fyrst og fremst um að ráða og halda í fólk sem er mjög drifið, kann og vill ná árangri. Ef það býr yfir þeim eiginleikum – þá á það vel við okkar menningu.“ Hann segir jafnframt hæfileika til þess að byggja upp persónuleg sambönd gríðarlega mikilvægan eiginleika sem leitað sé eftir í starfsfólki.

Íslensk fyrirtæki hafa farið nokkuð ólíkar leiðir að sinni útrás hvað varðar samþættingu eftir samruna. Að mati Ármanns er að sama skapi mjög misjafnt hversu stórt hlutverk fyrirtækjamenningin hefur spilað í þessari þróun. „Stefnan hjá Kaupþingi verður alltaf, í það minnsta til lengri tíma litið, að búa til eitt fyrirtæki með sameiginlega menningu. Í mörgum öðrum tilfellum hefur útrásin byggst á því að kaupa fyrirtæki og láta þeim eftir að stjórna sínum rekstri. Á þann hátt held ég að menning fyrirtækisins breytist lítið. Jafnvel þótt Íslendingarnir hafi þá menn í stjórn og stjórninni hafi einhver áhrif, þá verður það ekki nóg til að breyta rótgrónum kúltúr fyrirtækis.“

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Tap neytenda af samkeppnismisnotkun er óháð því hvort fyrirtækin græða á því.

# *Dauði, brauð og stærð kökunnar*

**Hafliði Helgason**

Málshátturinn, eins dauði er annars brauð, er tamur þjóðinni, enda erum við að uppruna veiðimenn og bændur. Merking málsháttarins tekur á sig ýmsar myndir í umræðunni.

Þannig var lengi vel talsverður kór sem hrópaði hátt þegar fyrirtæki skiluðu góðum hagnaði. Ofsagróði og okur var þá gjarnan nærtækustu hugtökin og sprottin af bjargfastri trú á þennan ágæta málshátt, reyndar viðsnúnum. Hugmyndin til grundvallar upphrópunum er þá að eins brauð sé á einhvern hátt annars dauði. Ekki verður dregin önnur ályktun að slíkri röksemdafærslu en að hugmyndin liggi í því að grunnstærð verðmæta sé á einhvern hátt óbreytanleg. Það er nauðsynleg forsenda ef menn ætla að komast að þeirri niðurstöðu að gróði eins sé ávallt á kostnað annars.

Nýverið birtist röksemdafærsla sem virðist byggjast á svipaðri forsendu. Sú ályktun var dregin upp þegar niðurstaða dómkvaddra matsmanna vegna samráðs olíufélaganna var á þá lund að þau hefðu ekki hagnast á samráðinu, eða í það minnsta minna en samkeppnisyfirvöld hafa haldið fram. Af þessu var svo dregin sú ályktun að hér væri komin sönnun fyrir óverulegu tjóni neytenda af samráðinu.

**Það er því fyllilega gilt sjónarmið að neytendur hafi orðið fyrir skaða af samráði vegna þess að samráðið frestaði hagræðingu og skilvirkni í rekstri fyrirtækjanna. Þá gildir einu hvort fyrirtækin sjálf högnuðust eða ekki. Olíumálið á að verða lærdómsferli.**

Þessi röksemdafærsla heldur ekki vatni fremur en sá þráláti misskilningur nokkurra stjórnmálamanna að eins gróði sé ávallt annars tap. Það hlálega er að sennilega neyddust þeir sem svo tortryggja gróðann að fallast á röksemd olíufélaganna, þar sem grunnforsendan er sameiginleg. Það er eftir þeirri einföldu reglu rökfræðinnar að ef menn fallast á forsendur og rökfærsla er gild, þá neyðast menn til að falla á niðurstöðuna.

Vandinn er sá að forsendan er röng. Kakan er ekki óbreytanleg. Það kann vel að vera að olíufélögin hafi ekki hagnast á samráði, það þýðir hins vegar ekki að neytendur hafi ekki tapað á því. Samkeppni knýr menn til að leita nýrra leiða. Þannig er líklegt að í hörðu samkeppnisumhverfi leiti menn allra leiða til að hagræða í rekstri og skapa sér ný sóknarfæri með ýmiss konar vöru og þjónustu sem þeir geta selt. Ef samkeppnisumhverfi er eðlilegt, þá njóta bæði fyrirtækin og viðskiptavinirnir hagsaukans af stjórnvísi í fyrirtækjunum.

Það er því fyllilega gilt sjónarmið að neytendur hafi orðið fyrir skaða af samráði vegna þess að samráðið frestaði hagræðingu og skilvirkni í rekstri fyrirtækjanna. Þá gildir einu hvort fyrirtækin sjálf högnuðust eða ekki. Olíumálið á að verða lærdómsferli. Að hluta til má rekja málið til ákveðins tíðaranda, þar sem ríkið ákvað verð á vöru á þjónustu. Sú miðstýring er einnig til þess fallin að hafa af neytendum hagræði í rekstri fyrirtækjanna. Það eru enn svæði í íslensku viðskiptalífi sem lúta slíkri miðstýringu og slíkt tefur framþróun og hagræðingu af nákvæmlega sömu ástæðu og samráðið. Niðurstaðan er líka sú sama; neytendur borga.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Öflugri mannauðsstjórnun nauðsynleg fyrir nútímafyrirtæki

ORÐ Í BELG



**Sturla Jóhann Hreinsson**
starfsmannastjóri Nýherja, AppliCon og stundakennari við HR.

Nútíma viðskiptaumhverfi þar sem samkeppni verður sífellt harðari krefst þess að mannauður fyrirtækja nýtist til fulls. Sá kraftur og frumkvæði sem býr í starfsfólkinu gegnir í flestum tilvikum lykilhlutverki við sköpun verðmæta – hvort heldur sem er í sprotafyrirtækjum eða hefðbundnum atvinnugreinum. Til að viðhalda þessum krafti verða fyrirtæki að hugsa sem best um starfsfólk sitt og leggja metnað í að halda vel utan um allar starfsmannaupplýsingar. Sú vinna sem lögð er í þessa skipulagningu og stjórnun mannauðs skilar fyrirtækjum verulegum ábata sé rétt á málum haldið.

**„HANDAVINNAN“ MINNKUÐ**

En nauðsynleg, hefðbundin umsýsla og utanumhald er ávallt tímafrek fyrir þá sem sinna starfsmönnum fyrirtækja. Hver kannast ekki við tímann sem fer í útreikning vinnustunda, fjarvista, launavinnslu, orlofsútreikninga og upplýsingagjöf varðandi þessi atriði, svo nokkuð sé nefnt? Rannsóknir benda til að tveir þriðju hlutar heildarvinnutíma mannauðsstjórnenda fari gjarnan í umsýslu af þessu tagi. Það er því eftir töluverðu að slægjast fyrir framsýn fyrirtæki ef hægt er að minnka þann tíma sem fer í reglubundin skylduverk og „handavinnu“ og auka í staðinn þann tíma sem varið er til stjórnunar mannauðs í takt við kröfur viðskiptavina og markaða.

Upplýsingakerfi taka í vaxandi mæli mið af þessari þróun og bjóða upp á samþættingu mannauðsupplýsinga við önnur gögn fyrirtækisins. Með hagnýtingu upplýsingakerfa á þessu sviði má minnka stórlega þann tíma sem verja þarf í umsýsluna. Aukin sjálfvirkni og möguleikar á að starfsmenn jafnt sem stjórnendur geti nálgast grunnupplýsingar og breytt þeim gegnum vefviðmót létta mikið undir. Fyrir vikið sparast mikill tími í mannauðsdeildum, tími sem nýta má til verka sem skapa meira virði fyrir fyrirtækin.

**ÞARFAGREINING MIKILVÆG**

Mannauðskerfi eru í boði hjá ýmsum þjónustuaðilum hérlendis, t.d. AppliCon, H-Launum, Landsteinum og Skýrr, svo nokkur fyrirtæki séu nefnd. Mikilvægast er að huga vel að umfangi og þarfagreiningu þegar mannauðskerfi er valið. Fyrirtæki með fjölbreytta alþjóðlega starfsemi þurfa t.d. annars konar kerfi en smærri fyrirtæki sem starfa eingöngu á heimamarkaði.

Starfsemi Nýherja og dótturfélaga erlendis sem hérlendis gerir miklar kröfur til mannauðskerfis fyrirtækisins. Nýherji notar kerfi frá AppliCon þar sem haldið er utan um allar grunnupplýsingar starfsmannsins, menntun hans og þjálfun auk þess sem fullkomið launakerfi er samtengt mannauðskerfinu. Jafnframt býður ráðningarkerfi upp á vefviðmót þar sem umsækjendur geta slegið inn upplýsingar og sent inn gögn. Öll eru kerfin samtengd öðrum upplýsingakerfum fyrirtækisins og spara því einnig tíma í öðrum deildum. Góðar aðgangsstýringar auðvelda yfirmönnum aðgengi að réttum upplýsingum, hvort heldur að grunngögnum starfsmanna eða að handhægum skýrslum um mannauð fyrirtækisins.

**BETRI YFIRSÝN OG AUKIÐ HAGRÆÐI**

Mín reynsla af notkun mannauðskerfis frá AppliCon við störf mín hjá Nýherja er að tímasparnaður er verulegur og mikilvægar upplýsingar sem erfitt væri að nálgast eru mun aðgengilegri. Starfsmannastjórinn hefur því mun betri yfirsýn yfir verksvið sitt sé slíkt kerfi notað. Jafnframt hefur hann rýmri tíma til að vinna að arðbærum verkefnum vegna þess að mun stærri hluti hinnar hefðbundnu „handavinnu“ vinnst nú sjálfvirkt í kerfinu. Þannig eykur mannauðskerfið ekki einungis hagræði innan fyrirtækisins heldur getur það bætt framlegð þeirra sem vinna við starfsmannastjórnina. Vissulega eru aðstæður mismunandi milli fyrirtækja og taka þarf tillit til mismunandi þarfa og aðstæðna hverju sinni en engu að síður er ljóst að víða er sóknarfæri hvað varðar nýtingu upplýsingatækninnar við stjórnun mannauðs í íslenskum fyrirtækjum.



UM VÍÐA VERÖLD

## Verðmætir starfsmenn

Á síðasta áratug hafa fyrirtæki víða um heim hafið mælingar á þekkingarverðmætum sínum. Þekkingarverðmæti eru þau verðmæti sem ekki koma fram í hefðbundnum ársreikningum fyrirtækja svo sem hæft starfsfólk, rannsóknir, netsamstarf, tengsl og hugverk.

Talið er að sænska fyrirtækið Skandia hafi rutt brautina með að meta þekkingarverðmæti fyrirtækja. Árið 1994 birti Skandia með ársreikningi sínum viðauka um þekkingarverðmæti. Mat fyrirtækja á eigin verðmætum hefur hingað til mest verið byggt á skráningu hefðbundins bókhalds, en þegar um óáþreifanlegar eignir er að ræða dugar þessi skráning skammt. Mikill munur getur verið á bókfærðu virði og markaðsvirði fyrirtækja og sérfræðingar telja að markaðsvirði felist meðal annars í óáþreifanlegum eignum eins og færni einstaklinga, innra og ytra skipulagi ásamt eigin fé. Óáþreifanlegar eignir hafa gengið undir heitinu þekkingarverðmæti eða Intellectual Capital. Þau verðmæti eru talin ómissandi í þekkingarfyrirtækjum og verða æ mikilvægari í öllum tegundum fyrirtækja. Sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að meta þekkingarverðmæti sín og margir telja að slíkar skýrslur verði jafn mikilvægar í framtíðinni og ársreikningar eru í dag.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á mælingu þekkingarverðmæta frá árinu 1982. Sænski prófessorinn Göran Ross, höfundur bókarinnar Managing Intellectual Capital in Practice, hefur bent á að þróunin undanfarin ár hafi verið frá því að líta á fjármagn sem meginauðlind fyrirtækja yfir í að líta á þekkingarverðmæti sem mikilvægustu auðlindina. Hann bendir á rannsóknir sem sýna að árið 1982 hafi 62 prósent eigna fyrirtækja verið metin út frá fjárhagslegum mælikvörðum og 38 prósent hafi legið í þekkingarverðmætum. Hins vegar hafi þetta breyst og árið 2000 hafi aðeins 20 prósent verðmæta fyrirtækja legið í fjárhagslegum mælikvörðum þeirra en 80 prósent legið í þekkingarverðmætum og væntingum fjárfesta.



**Sif Sigfúsdóttir**
**MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Aukinn kaupmáttur á Íslandi

Laun landsmanna hækkuðu um hálft prósent í september, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar, sem birtir voru á mánudag. Greiningardeild Kaupþings benti á það í Hálffimmfréttum sínum og Hagstofan síðar sama dag, að ef litið sé til síðustu 12 mánuða þá hafi laun hækkað að meðaltali um 10,8 prósent á sama tíma og almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs hafi hækkað um 7,6 prósent. Kaupmáttur landsmanna hafi því aukist um rúm 3 prósent á tímabilinu.

„Þar sem vísitala neysluverðs tekur mið af hækkun fasteignaverðs gefur það líklega réttari mynd að mæla kaupmátt út frá hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Á síðustu 12 mánuðum hefur kaupmáttur samkvæmt þeirri mælingu aukist um tæp 5 prósent. Það vekur óneitanlega athygli að þrátt fyrir yfirstandandi verðbólguskot þá hefur 12 mánaða breyting í kaupmætti haldist jákvæð á síðustu mánuðum. Ljóst er að mikil þensla er til staðar á vinnumarkaði eins og fjallað var um í Hálffimmfréttum á föstudaginn sem eykur enn frekar á launaþrýsting í hagkerfinu.

Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um tæp 4 prósent á þriðja ársfjórðungi miðað við um 1,7 prósent hækkun launa hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum. Þá hækkun má aðallega rekja til nýgerðra kjarasamninga ASÍ og SA sem tóku gildi í byrjun fjórðungsins.

Fyrir þá breytingu höfðu laun opinberra starfsmanna og bankamanna hækkað talsvert meira og ef litið er á fyrri helming ársins hækkuðu þau um 6,7 prósent miðað við um 5,5 prósent á almennum markaði.“ Að sögn greiningardeildarinnar, sem gerir ráð fyrir því að verðbólga muni ganga niður fremur hratt í byrjun næsta árs og að verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands verði náð á seinni helmingi ársins.



SPÁKAUPMAÐURINN

## Alltaf á floti

Ég er búinn að stafla upp í Glitni að undanförnu með góðum árangri. Bankinn hefur verið að taka við sér undanfarin misseri, eftir að forstjórinn gat farið að einbeita sér að öðru en að passa bakið á sér. Glitnir hefur verið á mikilli siglingu að undanförnu. Tekið stærstu dílanna og nýtur kjölfestuhluthafa í stórum verkefnum.

Fyrirtækjasviðið hefur verið að koma í ljós og svo virðist þetta offshore dæmi sem enginn skilur, einmitt hafa þann kost að enginn skilur það og þeir þurfa því ekki að vera að atast í jafn mikilli samkeppni á því svæði fyrir vikið. Sniðugt hjá þeim.

Hitt sem ég er að veðja á er að stórir hluthafar bankans sitja á óleystu vandamáli sem er eignin í Straumi - Burðaráss. Flestir á markaði eru á því að til einhvers konar uppgjörs muni koma. Líklegast verði uppskipti á eignum og Straumur sigli inn í FL Group, Glitni og Landsbankann. Aðrir segja að Kalli Werners muni taka hlut í Straumi. Þar leggja menn til grundvallar að Karl hefur unnið með Björgólfi Thor í Actavis og getur hugsanlega leyst hluti með Björgólfi sem hinir geta ekki. Hinn möguleikinn er að Karl kaupi ásamt fleirum Björgólf út úr Straumi og þar með verði eignarhaldið svipað og á Glitni. Kannski að nýtt fjárfestingarfélag undir stjórn fyrrverandi forstjóra Straums kæmi aftur að málum. Hver veit!

Ég skal ekki segja hver verður niðurstaðan. Mér finnst einhvers konar uppgjör óumflýjanlegt, en það skiptir ekki öllu máli. Líklegt er að spenna muni skapast um fyrirtækið og það hefur áhrif á gengi bréfa. Mér finnst því góður möguleiki á að maður geti hagnast á þessu svæði vegna átaka og spennu. Mér er í sjálfu sér sama hver er ástæða þess að ég græði.

Annars hef ég varann á mér. Ég er ekki viss um að markaðurinn eigi mikið inni í bili. Krónan er orðinn sterkari en innistæða er fyrir til lengdar og eignir í útlöndum gefa ágætlega af sér. Ég hef verið að bæta verulega við erlenda stöðu síðan í fyrra. Gerði smá hlé þegar krónan féll. Gamla reglan um eggin og körfuna er í fullu gildi og ég ætla ekki að fara á skjálftavaktina þótt krónan falli. Þegar grynnkar í einum vasanum, þá er gott að hafa annan sem fyllist hraðar en maður hefur tök á að tæma.

Þannig er það nú með mann eins og mig sem alltaf er á floti þótt aðrir sökkvi.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

KOSNINGAVETURINN ER AÐ HEFJAST!

Vikulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason
og vel valdir álitsgjafar fara yfir helstu þjóðmálin

SILFUR EGILS
Á sunnudögum kl. 12:25 í opinni dagskrá á Stöð 2



GOTT FÓLK McCANN


Nýr Volvo S80
Nú er Frumsýning
Komdu í Brimborg
Bíldshöfða 6
BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




Volvo. For life.

Nýr - endurhannaður Volvo S80 vinnur með þér hvort sem er í kyrrstöðu eða á ferð. Yfirvegað og fágað útlit er í einstöku jafnvægi við háþróaða tækni Volvo S80. Gagnvirkt samskiptakerfi Volvo S80 kallar fram einstaka upplifun fyrir lúxus og öryggi. Komdu í Brimborg. Upplifðu nýtt tækniundur og meiri lúxus frá Volvo.

**Nýr Volvo S80 vinnur með þér bæði kyrrstæður og á ferð**

Háþróað árekstrarvarnarkerfi er nýr búnaður sem velja má í Volvo S80, en með því ryður Volvo, sem fyrr, nýja braut í umferðaröryggismálum. Skynji varinn umferð bíla framundan sem þú nálgast of hratt lætur hann þig vita með tónmerki og upplýstri aðvörun á framrúðu. Bregðist þú ekki strax við setur kerfið sjálfkrafa aukinn þrýsting á hjálparhemlunarbúnaðinn til að gera þér kleift að draga úr hraða á öruggan hátt og minnka högg við hugsanlegan árekstur. Lifðu í öryggi. Lykillinn í Volvo S80 er einnig hluti af öryggiskerfi hans, háþróað samskiptakerfi ökumanns og bíls, sem lætur þig m.a. vita hafir þú gleymt að læsa. Þú getur einnig valið um aðlögunarhæfan hraðastilli, þar sem þú ákveður vegalengd í næsta bíl. Minnki bilið hægir bíllinn á sér. Hjartsláttarskynjari – enn ein nýjungin frá Volvo - segir þér sé óboðinn gestur í bílnum! Öryggi er lúxus.

Veldu Volvo.



V8, 315 hestafla vél með 440 Nm togi er nú kostur í Volvo S80. Skoðaðu Volvo S80 með sídrifi og átaksdeili fyrir hámarks drifgetu og akstursánægju. Kynntu þér einnig nýtt háþróað fjöðrunarkerfi sem mætir mismunandi yfirborði vegar og aksturssstíl þínum.

Lifðu í lúxus.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Öryggi er lúxus. Lifðu í öryggi.
Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

# Verslanir Europris stækka með hverju ári

Einungis fjögur ár eru síðan Europris opnaði sína fyrstu verslun hér á landi við Lyngháls í Reykjavík. Fimmta og stærsta verslunin fram til þessa opnaði við Dalveg í Kópavogi á laugardag en fyrirhugað er að reisa stærri verslun á næsta ári. Matthías Sigurðsson, framkvæmdastjóri Europris, var glaður í bragði þegar Jón Aðalsteinn Bergsveinsson náði tali af honum og fræddist um hugmyndafræði Europris og næstu framtíðaráform.




**EUROPRIS Í KÓPAVOGI** Nýjasta verslun Europris opnaði við Dalveg í Kópavogi á laugardag. Þetta er fimmta og stærsta verslun fyrirtækisins sem á rætur að rekja til frænda okkar í Noregi. MARKAÐURINN/ANTON

Verslanakeðjan Europris opnaði nýja verslun við Dalveg í Kópavogi á laugardag. Þetta er fimmta verslun Europris sem er opnuð hér á landi og jafnframt sú stærsta, einir 1.500 fermetrar að flatarmáli. Verslanir Europris eru vel staðsettar enda hver í sínu horni á höfuðborgarsvæðinu, ein úti á Eiðisgranda, önnur á Lynghálsi, sú þriðja í Skútuvogi og nú við Dalveg í Kópavogi. Þá er ein á Selfossi. Verslunin fyrir austan fjall og sú úti á Granda eru um 1.400 fermetrar að stærð og þær næststærstu.

Að sögn Matthíasar Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Europris, eru um 60 fastir starfsmenn hjá Europris að ótöldu starfsfólki sem vinni hjá fyrirtækinu með skóla og í afleysingum. Með tilkomu nýju verslunarinnar bætast fimm til sex fastir starfsmenn við hópinn en tíu til fimmtán manns í heildina þegar kvöld- og helgarfólk er talið með.

### EUROPRIS Í NORSKUM ANDA

Matthías og fjölskylda hans hafa rekið Europris hér á landi síðastliðin fjögur ár. Hugmyndin er ættuð frá Noregi en þar eru 160 Europris-verslanir auk þess sem fimm eru handan landamæranna í Svíþjóð. Þá er fyrirhugað að opna Europrisverslun í Finnlandi. Allar verslanirnar eru í höndum sama aðila í Skandinavíu en Matthías og fjölskylda fengu rekstrarleyfi hjá honum fyrir verslanarekstur hér.

Verslanirnar á Norðurlöndunum og hér eru svipaðar að mörgu leyti. Þær eru svipaðar að uppbyggingu, vöruval það sama og hugmyndafræðin af sama meiði.

Það er einmitt hugmyndafræðin sem aðgreinir Europris frá öðrum verslunum. Hún felst meðal annars í því að tengja saman gæði og lágt vöruverð fyrir alla viðskiptavini Europris. Matthías leggur áherslu á að versluninni hafi ávallt tekist að ná fram mjög lágu verði með því að gera sameiginleg innkaup í félagi við Europris í Noregi. „Þegar mikið magn er keypt inn úti í heimi er gert ráð fyrir okkur líka," segir Matthías og bætir við að lager Europris á Íslandi sé í Fredrikstadt í Noregi og þaðan sendi fyrirtækið vörur einu sinni í viku. „Með þessu sleppum við í fyrsta lagi einum millilið, heildsalanum," segir Matthías og bendir aukinheldur á að Europris njóti þess að fá vöruna á lágu kostnaðarverði vegna sameiginlegra innkaupa með Europris í Noregi.

Svo hagstæð eru innkaupin að Matthías er þess fullviss að verslunin hafi átt þátt í lækkun á vöruverði hér á landi á þeim fjórum árum sem eru liðin síðan fyrsta verslunin var opnuð. „Við höfum náð að bjóða svo gott verð á ýmsum vörum að þessar vörur hafa hreinlega lækkað á markaðnum," segir Matthías og bendir á að hann hafi kannað þetta sjálfur. „Reiðhjól sem kostuðu um 30 til 40.000 krónur fyrir fjórum til fimm árum kosta ekki nema um 10.000 krónur hjá okkur. Markaðurinn hefur allur lækkað," segir hann og ítrekar að Europris hafi verið leiðandi í lækkun á vöruverði hér á landi.

### STEYPUHRÆRIVÉLAR OG KEX

Þegar gengið er inn í verslun Europris vekur vöruúrvalið gjarnan athygli en á meðal vöruflokkanna má finna allt frá steypuhrærivélum, reyndar af minni gerðinni, til prjónagarns ásamt helsta þurrmat á borð við kex og kaffi auk hreinlætisvara, fatnaðar og reiðhjóla, svo fátt eitt sé nefnt. Mjólkurvörur og ferskar matvörur á borð við appelsínur og epli, kjöt og fisk eru hins vegar ekki í boði innan veggja Europris.

Það er einmitt vegna þess sem kúnnahópur Europris hagar sér öðruvísi en þeir sem koma í verslanir Hagkaupa eða Bónus, svo einhverjar verslanakeðjur séu nefndar. Vöruúrval byggist á fastaúrvali og síðan tilboðsvörum sem koma á tveggja vikna fresti allt árið. Þannig hafa viðskiptavinir aðgang að föstu vöruúrvali og svo frábærum tilboðum.

„Kúnninn kemur ekki daglega til okkar, heldur vikulega eða á hálfsmánaðar fresti," segir Matthías en bætir við að viðskiptavinir Europris séu af báðum kynjum og á öllum aldri. Þeir leiti auk þess ekki endilega eftir því sama og í öðrum verslunum enda sé vöruúrvalið mikið í Europris. „Við komum víða við á markaðnum og keppum ekki við neina eina verslun," segir Matthías og bendir á að verslunin höfði jafnt til þeirra sem fari í matvöruverslun sem búsáhaldaverslun og byggingavöruverslun. Í Europris sé mikið úrval á einum stað, að hans sögn.

### ENN STÆRRI VERSLUN Á AKUREYRI

Matthías leggur mikla áherslu á að vexti Europris sé hvergi nærri lokið. Fyrirtækið er komið með lóð fyrir nýja verslun í Hafnarfirði og er að leita að aðstöðu á Akureyri. Stefnt er að því að opna báðar verslanirnar á næsta ári „Þær verða sambærilegar en verslunin á Akureyri verður stærri en verslunin við Dalveg," segir Matthías Sigurðsson, framkvæmdastjóri Europris.



**Í NÝJU VERSLUNINNI** Matthías Sigurðsson, framkvæmdastjóri Europris, segir Europris ætla að opna tvær nýjar verslanir á Akureyri og í Hafnarfirði á næsta ári. Verslunin á Akureyri verður stærri en verslunin við Dalveg. MARKAÐURINN/ANTON




**VIÐSKIPTAVINIR Í NÝJU VERSLUNINNI** Kúnnahópur Europris hagar sér öðruvísi en í öðrum verslunum. Fólk kemur vikulega eða á hálfsmánaðar fresti í verslanirnar, að sögn framkvæmdastjórans. MARKAÐURINN/ANTON



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Straumur styrkir afburðarnemendur

Sextíu og fimm nemendur Háskólans í Reykjavík hlutu viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur á síðustu önn og voru þeir heiðraðir við hátíðlega athöfn í skólanum. Þessir nemendur komast þar með á svokallaðan Forsetalista Háskólans í Reykjavík, en því fylgir að fá felld niður skólagjöld við HR á yfirstandandi önn.

Við athöfnina var skrifað undir þriggja ára samstarfssamning á milli Háskólans í Reykjavík og Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. Félagið hefur um langt árabil styrkt nemendur viðskiptadeildar skólans, en nýi samningurinn felur í sér að Straumur-Burðarás greiðir skólagjöld allra bestu nemenda HR á næstu þremur árum. - hhs



**VIÐ HEIÐURSATHÖFNINA** Sextíu og fimm nemendur Háskólans í Reykjavík, sem fengu viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur á síðustu önn, fá skólagjöldin niðurfelld í boði Straums-Burðaráss.

# Netsímatækni kynnt á opinni ráðstefnu

Kynnt verður IP-símkerfatækni þýska fyrirtækisins Swyx á opinni ráðstefnu í húsakynnum Microsoft á Íslandi við Engjateig í Reykjavík á morkun. Swyx hefur vakið athygli fyrir nálgun sína á IP (internet protocol) tækninni og hlotið verðlaun fyrir þessa tegund símkerfa, en hún byggir á hreinni tölvunotkun í umhverfi Windows-stýrikerfisins.

Ráðstefnuna halda Microsoft, sem tækni Swyx byggist á og Svar tækni ehf. sem er með umboð fyrir Swyx hér á landi. Erlendir sérfræðingar koma frá Swyx til að kynna tæknina og er þátttaka ókeypis þótt fólk þurfi að skrá sig á ráðstefnuna. Hægt er að mæta hvort heldur sem er fyrir eða eftir hádegi. Frekari upplýsingar er að finna á vefnum www.swyx.is. - óká




**SWYX HUGBÚNAÐUR** Nokkur fyrirtæki hér hafa tekið símbúnað Swyx í notkun, svo sem Íslensk-ameríska, Alfesca, Hugvit, Íslensk getspá og fleiri til.


**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

NÝTT!! NÝTT!! **Fyrirtækjanámskeið**
3 vikna fyrirtækjanámskeið **1. nóv.**
Dagnámskeið frá kl. 13-16 í samstarfi við Námsflokka Hafnafjarðar
Skráning hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.





Humarhúsið




Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK · 150906





*"Við hjá Leonard gerum kröfur um gæði. Verslunarlausnin LS Retail, frá Landsteinum Streng, uppfyllir okkar kröfur fyrir starfsemi okkar í Kringlunni og Leifsstöð."*

*Sævar Jónsson, verslunareigandi.*

## Það getur verið erfitt að velja

*... en gerðu kröfur um gæði*

LS Retail, frá Landsteinum Streng, er verslunarlausn fyrir margþættan rekstur sem heldur utan um alla aðfangakeðjuna á einum grunni og býr til samfellt flæði allt frá afgreiðslukassa til skrifstofu. Þú færð skýrslur og heildaryfirsýn í umhverfi sem þú þekkir frá Microsoft og getur nýtt þér Outlook, Word, Excel og aðrar vörur frá Microsoft.

***LS Retail er verslunarlausn fyrir fólk sem gerir kröfu um gæði!***

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

**Meðal annarra lausna frá Landsteinum Streng eru:**

- Launakerfi
- Verkbókhaldskerfi
- Tímaskráningarkerfi
- Stjórnendalausnir
- Þjónustukerfi
- Tengslastjórnunarkerfi

**Microsoft Business Solutions Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum og rúmlega 27.800 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðirnir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).

Microsoft Dynamics

# Nýr sjóður nýtir kosti tveggja markaðssvæða

Landsbanki Íslands vinnur með AllianceBernstein.

**Landsbanki Íslands hefur í samstarfi við sjóðastýringarfyrirtækið AllianceBernstein sett á stofn nýjan erlendan skuldabréfasjóð sem kallast Landsbanki Diversified Yield Fund.**

**Mun þetta vera í fyrsta sinn sem AllianceBernstein fer í samstarf við íslenskt fjármálafyrirtæki með þessum hætti, en fyrirtækið er á meðal stærstu sjóðastýringarfyrirtækja heims með yfir 600 milljarða dollara í stýringu. Landsbankinn hefur hér haft umboð fyrir AllianceBernstein frá árinu 1994.**




VEFUR ALLIANCEBERNSTEIN Samstarfsfyrirtæki Landsbankans er með þeim stærstu í heimi á sínu sviði.

**Stefán H. Stefánsson framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Landsbankans segist mjög ánægður með samstarfið. „AllianceBernstein hefur verið öflugur samstarfsaðili bankans á sviði erlendra hlutabréfafjárfestinga í gegnum tíðina og við hlökkum mikið til að hefja samstarfið með þeim á sviði erlendra skuldabréfafjárfestinga,“ segir hann og kveður nýja hlutabréfasjóðinn njóta nokkurrar sérstöðu. „Þetta er í raun íslenskur sjóður sem unninn er í samstarfi við AllianceBernstein. Hann er skráður í íslenskum krónum, en er með erlenda markaðsáhættu. Þannig nýtum við bæði hátt vaxtastigið hér og svo áhættudreifinguna erlendis. Í þessu felst kannski nýjungin og það sem áhugavert er við sjóðinn, krónuávöxtun en erlend undirliggjandi áhætta.“**

**Landsbanki Diversified Yield Fund leggur áherslu á dreift eignasafn og er með það ávöxtunarmarkmið að skila að jafnaði tveimur til þremur prósentum yfir LIBOR-millibankakjörum í gegnum heila hagsveiflu. Mat Landsbankans er að sjóðurinn geti verið að skila ávöxtun í íslenskum krónum upp á 14 til 17 prósent auk þess að bjóða upp á góða áhættudreifingu og lága fylgni við aðra markaði.** - óká

# Starfandi stjórnarformenn algengir hér

Í fyrirlestri við HÍ í dag verður leitast við að svara spurningunni um hvort fjölgun starfandi stjórnarformanna sé fyrirtækjum til framdráttar.

Starfandi stjórnarformaður er í 59 prósentum fyrirtækja hér á landi samkvæmt rannsókn Ástu Dísar Óladóttur, aðjúnkts við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og doktorsnema við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS). Hún heldur fyrirlesturinn „Er fjölgun starfandi stjórnarformanna fyrirtækjum til framdráttar?“ klukkan 12.20 í stofu 101 í Odda í dag.

„Mér þótti áhugavert hversu mörg fyrirtæki hafa starfandi stjórnarformenn og eru jákvæð í garð þessa,“ segir hún en telur skýringuna á fjölda þeirra fyrirtækja sem haga stjórn sinni þannig að stjórnarformaðurinn sé nánast í fullu starfi við fyrirtækið vera þá að mörg þeirra tæplega 700 fyrirtækja sem leitað var til í rannsókninni séu lítil og með fáa starfsmenn.

Ásta Dís segir að henni þyki reyndar hugtakið „starfandi stjórnarformaður“ óþarfi og að í raun ætti bara að tala um stjórnarformenn. „Við eigum enga sérstaka skilgreiningu á þessu hugtaki á íslensku en í útlöndum er þetta alveg skýrt,“ segir hún og bendir á að þar sé talað um tvískipt hlutverk stjórnarformanna. „Það er þá þegar menn sinna bæði stöðu framkvæmdastjóra eða forstjóra og starfi stjórnarformanns. Þetta er eitthvað sem er ekki algengt í stærri fyrirtækjunum hér, en í þeim minni jú. Svo er hitt sem er executive chairman og það er meira eins og við þekkjum það.“

Ásta Dís segir eðlilegt að í stórum fyrirtækjum á borð við Kaupþing, Samskip og fleiri slík sé stjórnarformaður sem taki virkan þátt í stefnumótun og viðskiptaþróun fyrirtækisins. Þetta segir hún sérstaklega eiga við þegar tekjur fyrirtækjanna koma að stærstum hluta erlendis frá og þá hafa stjórnarformenn félaganna oftar en ekki stjórnað útrásinni sem stendur undir tekjumyndun fyrirtækjanna.

„Verkefni starfandi stjórnarformanna hér á landi felast heldur ekki í því að skuldbinda félög, heldur móta stefnu og leita tækifæra. Framkvæmd stefnunnar og úrvinnsla tækifæranna er almennt á hendi æðstu stjórnenda, í umboði stjórnar,“ segir hún. Spurningalisti var sendur til um 700 stjórnenda fyrirtækja hér og kom í ljós að vel ríflega helmingi þeirra finnst gott að hafa starfandi stjórnarformann, meðan tæpum fimm prósentum finnst það ómögulegt. - óká



ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR Ásta Dís, sem er aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild HÍ, heldur í dag fyrirlestur við Háskólann um starfandi stjórnarformenn. MARKAÐURINN/GVA




SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
BANG & OLUFSEN
B&O
www.bang-olufsen.com
Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Bankamenn í fullu fæði

Beðið hefur verið eftir rauntölum á markaði. Markaðurinn tók beina stefnu á hækkun, þegar afkomuspár birtust, en meira flökt hefur einkennt hann undanfarna daga. Nú hungrar menn eftir uppgjörunum. Og kannski reyndar fleiru, því gjarnan eru veitingar í boði þegar stærstu félögin kynna uppgjör sín. Þannig leit um tíma út fyrir fullt fæði á fimmtudag fyrir markaðsaðila. Straumur kynnir uppgjör sitt um morguninn og Bakkavör síðdegis. Til stóð að Landsbankinn kynnti sitt í hádeginu og menn því komnir í fullt fæði þann daginn. Landsbankakynningunni var hins vegar frestað til föstudags, en þó er ekki gert ráð fyrir föstu þann dag.

## Rúblur rata í Mogga

Björgólfsfeðgar hafa verið að styrkja stöðu sína í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Ólafsfell í eigu Björgólfs Guðmundssonar keypti á dögunum átta prósenta hlut. Feðgarnir ráða svo Straumi-Burðarási, auk þess sem úti á völlum markaðarins er hlutur Ólafs Jóhanns talinn fylgja þeim feðgum. Ef gengið er út frá því ráða feðgarnir með beinum eða óbeinum hætti um 40 prósenta hlut. Þá er talið að Björgólfur eldri eigi skuldabréf með breytirétti í útgáfufélagi Blaðsins. Einhverjir höfðu á orði hvort þeir sem hefðu uppi stóryrði um Baugsmiðla yrðu nú að vera sjálfum sér samkvæmir og tala um Björggamiðlana. Einn gárungi skemmti sér svo örlítið til viðbótar, vísaði til þess að auður feðganna ætti rætur í vel heppnuðu ævintýri í Pétursborg og hafði á orði að það hefði þá aldrei farið svo að rúblurnar rötuðu ekki á endanum í Moggann.

## Bakkelsið brenglar

Í hagfræðikennslustundum er klassískt að nota breytingar á veðri sem dæmi þegar útskýra á samspil framboðs og eftirspurnar. Hvað gerist þegar heitt er í veðri? Eftirspurnin eftir ís eykst því allir þurfa að kæla sig niður í ógurlegum sumarhitanum. Velta eins helsta samkeppnisaðila Bakkavarar, Northern Foods, dróst saman um 1,1 prósent á þriðja ársfjórðungi, meðal annars vegna þess að salan á bakarísvörum var dræm í sumar. Nú er spurningin hvaða áhrif veðrið hefur haft á sölu Bakkavarar. Félagið birtir uppgjör sitt fyrir þriðja ársfjórðung á morgun og gerir Greiningardeild Glitnis ráð fyrir fimmtán milljóna punda hagnaði.

**2,2** milljarðar króna sem slagur Actavis við hið bandaríska Barr Pharmaceuticals um króatíska lyfjafyrirtækið Pliva kostaði.

**3.500%** hagnaðaraukning Nýherja milli þriðju ársfjórðunga áranna 2005 og 2006.

**2,3** milljarðar króna sem Anza greiddi fyrir hluta af starfsemi finnsk/sænska upplýsingatæknifyrirtækisins TietoEnator.





STÆRSTI FRAMLEIÐANDI Á LÓFATÖLVUSÍMUM Í HEIMINUM

htc smart mobility

HTC, sem áður hét Qtek, er stærsti framleiðandi lófatölvusíma í heiminum. HTC stendur fyrir High Tech Computer og er fyrirtækið aðalsamstarfsaðili Microsoft í Windows PC stýrikerfum fyrir lófatölvusíma.

HTC sameinar síma og tölvu í einu tæki. Þú getur valið úr lófatölvusímum sem eru samlokusímar, símum með lyklaborði og símum hlöðnum aukabúnaði. HTC sameinar símann, tölvupóstinn og gagnasamskipti í einu tæki.



PIPAR • SÍA

**HTC (TyTN)**
Keyrir á Windows Mobile 5.0 Pocket PC stýrikerfinu. 400 MHz örgjörvi, útdraganlegt lyklaborð á hliðinni, auðvelt að skrifa texta með íslenskum stöfum. Quad-Band sími, WLAN og Bluetooth-tenging, stuðningur við öll helstu vinnuforritin frá Microsoft og 2,0 megapixla myndavél.



**HTC (MTeor)**
HTC MTeor er fyrsti 3G snjallsíminn sem keyrir á Windows Mobile 5,0 stýrikerfinu. Bluetooth-tenging, 3ja banda virkni, háhraðagagnaflutningur, GPRS/EDGE/UMTS stuðningur.



**HTC 8310**
Hlaðinn aukabúnaði. Keyrir á Windows Mobile 5.0 stýrikerfinu sem opnar ýmsa möguleika í gagnavinnslu, samstillingu við PC o.fl. Bluetooth-tenging, WLAN og Quad-Band virkni.



**HTC 9100**
Minnsti en um leið öflugasti lófatölvusíminn. Keyrir á Windows Mobile 5.0 Pocket PC stýrikerfinu. Útdraganlegt lyklaborð á hliðinni, auðvelt að skrifa texta. Quad-Band sími, WLAN og Bluetooth-tenging, stuðningur við öll helstu vinnuforritin frá Microsoft og 1,3 megapixla myndavél.

**HTC 8500**
Samlokusími sem keyrir á Windows Mobile Smartphone PC-stýrikerfinu. Næfurþunnur samlokusími, 2,2 tommu 65 þús. lita skjár, Quad-Band virkni og 1,3 megapixla myndavél.



· Windows Mobile 5,0 stýrikerfi
· Þú getur notað HTC til að tengjast Outlook, skoðað og sent tölvupóst (Microsoft Pocket Outlook)
· Þú getur tengst MSN
· Þú getur vafrað um á netinu
· Microsoft Windows Media Player 10 – nýjasti spilarinn frá Microsoft
· Microsoft ActiveSync við Exchange Server
· Microsoft Pocket Office: Word, Excel og PowerPoint
· Þráðlaus nettenging Wi-Fi gerir þér kleift að tengjast hvar og hvenær sem er (Hot-Spot)

Hátækni

HTC LÓFATÖLVUSÍMAR FÁST HJÁ SÖLUAÐILUM UM LAND ALLT

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is





PÓSTURINN
allur pakkinn

# Starfsmaður
## hjá TNT Hraðflutningum

Íslandspóstur óskar eftir starfsmanni í dagvinnu hjá TNT Hraðflutningum. Starfið felst í skráningu hraðsendinga til útlanda. Vinnutíminn er frá kl. 10.00 -18.15 alla virka daga. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur**
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Reynsla af inn- og útflutningi kostur
- Stundvísi og góð þjónustulund

Nánari upplýsingar um starfið gefur Agnar Þorláksson. Netfang: agnar@tnt.is. Sími 580 1015.

Umsóknum er hægt að skila til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: TNT útflutningur

TNT
Hraðflutningar

Einnig er hægt að senda umsókn á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

# Slátrun!

Sláturhús KVH ehf og Kjötafurðastöð KS óska eftir folöldum, hrossum og nautgripum til slátrunar í afurðastöðvum félaganna.

Verð eru eftirfarandi:

Folöld FOIA og FOIB 250 kr/kg
Fullorðin hross 85 kr/kg

Nautgripir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UNIA OG B | **422 kr.** | KIC | **221 kr.** |
| UNIC | **315 kr.** | KII | **249 kr.** |
| UNIM+ | **373 kr.** | KIII | **227 kr.** |
| UNIM | **352 kr.** | AKI | **230 kr.** |
| KIUA | **352 kr.** | AKII | **150 kr.** |
| KIUB | **312 kr.** | AKIII | **140 kr.** |
| KIUC | **268 kr.** | UKI | **170 kr.** |
| KIA | **343 kr.** | UKII | **130 kr.** |
| KIB | **293 kr.** | UKIII | **110 kr.** |

Tekið á móti pöntunum hjá eftirtöldum:

Sláturhús KVH ehf. Magnús, 455-2329 eða í netpósti á magnus@skvh.is

Kjötafurðarstöð KS. í síma 455-4580 eða á netfangið pantanir@ks.is

# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5600**



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

allt
hús
Alla mánudaga

RE/MAX
MJÓDD









## Baugholt 13
230 Keflavík
ÝMIS SKIPTI KOMA TIL GREINA

**Verð: Tilboð**
Stærð: 399
Fjöldi herbergja: 10
Byggingarár: 1975
Brunabótamat: 47.8
Bílskúr: Já

Þetta hús er í algjörum sérflokki, teiknað af Kjartani Sveinssyni og garðurinn af Stanislaw Bohic. Mögulegt að breyta húsinu í tvær íbúðir. Á efri hæð er forstofa með glæsilegum útskornum skápum, frá forstofu er gengið inn í bílskúr. Eldhús er með sérsmíðaðri innréttingu úr handskorinni eik eins og allar innréttingar á efri hæð hússins, eyju, og tvöföldum ísskáp. Samliggjandi stofur með arni og útgengt í garð. Svefnherbergisgangur með stóru baðherbergi sem hefur bað og sturtuaðstöðu gerða úr náttúrustein og eikarinnréttingu, hjónaherbergið er stórt með fataherbergi og er gengið þaðan út á suðursvalir, 2 barnaherbergi, bæði með skápum. Neðri hæðin öll er ný parketlögð og allar hurðar sérsmíðaðar. Hæðin skiptist í 4-5 herbergi. Verönd er í kringum allt húsið stimpluð,trjárunnar eru upplýstir í kringum sundlaug.



Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is



Hafdís
Sölufulltrúi
**895 6107**
hafdis@remax.is







# Viltu koma í hópinn?

**Viljum bæta við áhugasömum og þjónustulunduðum einstaklingum í hóp starfsmanna í verslun okkar í Skútuvogi.**

**Afgreiðslufólk á kassasvæðum og aðstoð í deildum**

**Starfssvið:**
Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
Aðstoð í öðrum deildum.

**Hæfniskröfur:**
Tölvukunnátta
Þjónustulund og samskiptahæfni

*Hlutastarf kemur til greina*

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, **gudrunk@husa.is** fyrir 31. okt. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

**›Húsasmiðjuskólinn:**
Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

**›Starfsmannafélag:**
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

**›Heilsuefling:**
Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt fastráðinna starfsmanna.

**›Viðskiptakjör:**
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

**›Fyrir alla:**
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins.*
*Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir.*
*Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri.*
*Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.*



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ



# VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mánud. - föstud. 9-17**
**Lokað um helgar**

Frum



Ingólfur Gissurarson lögg. fast.sali 896 5222
Bárður Tryggvason sölustjóri 896 5221
Þórarinn Friðgeirsson lögg. fast.sali 899 1882
Ellert Róbertsson sölumaður 893 4477
Magnús Gunnarsson sölustj. atvinnuh. 822 8242
Viggó Jörgensson lögg. fast-eignasali.
Sigurður Jökull Ólafsson Ljósmyndari
Pétur Jóhannsson sölum. Snæfellsbæ. S 893 4718
Margrét Sigurgeirsdóttir ritari
Þóra Þorgeirsdóttir ritari
Guðrún Pétursdóttir skjalagerð

## YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!

## Vesturhús - Grafarv. sérhæð m/aukaíb. á útsýnisstað.



Nýkomin í einkasölu glæsil. nýleg ca 240 fm efri sérh. m. bílsk., og sér lítilli 2ja herb. íbúð á jarðhæð m. sérinngangi. Rólegur staður s.t. innst í lokaðri götu, örstutt frá skólum, sundlaug, íþróttum og þjónustu. Aðalhæðin er með alls 4 svefnherb., vönduðum innréttingum, gegnheilu parketi, stórum suðvestur svölum með mögnuðu útsýni yfir borgina, Bláfjöll, Faxaflóa, Snæf.nes og fl. Aukaíb. er í leigu í dag og gefur góðar tekjur. V. 49,8 millj. 7202

## Austurgerði - glæsilegt einbýli m. 2 aukaíbúðum.



Glæsil. 333 fm einb. á 2. h. og innb. bílsk. Húsið er sérl. velskipul, glæsil. stofur, nýtt eldhús og gólfefni. Tvær 2ja herb. aukaib. m. sérinng. eru á jarðh. V.72 millj. 6963

## Fífulind - glæsileg íbúð m. sérinngangi.



Nýkomin í einkasölu glæsil. 93 fm íb. á 2.hæð í góðu nýlegu fjölbýli. Sérinngangur af svalagangi, vandaðar innr., parket, sérþvottaherb. í íbúð, flísalagðar suðvestur svalir. Toppíbúð á mjög góðum stað. Örstutt í alla verslun, þjónustu, skóla, sund og fl. Verð 22,9 millj. 7215

## Skrúðás - Garðabæ.



Í einkasölu fallegt nýlegt 230 fm einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. 4 góð svefnherb. Innb. 37 fm bílskúr. Fallegur garður með timburverönd og heitum potti. Frágengið bílaplan og stéttar. Verð tilboð. 7193

## Látraströnd - á frábærum útsýnisstað.



Í einkasölu vandað velviðhaldið og mikið endurn. raðh. samt ca 175 fm m. innb. bílsk. 26,6 fm. Nýl. eldhús, baðherb, hluti gólfefna og fl. Góður garður m. skjólg.verönd. Glæsilegt útsýni á Esjuna, Akrafjallið og fl. V. 49,9 m. 7058

## Hvassaleiti - Eldri borgarar.



Góð sérl. vel skipul. 114 fm endaíb. á 3. h. Stórar suðursv. snyrtil. sameign bæði úti og inni. Ýmisleg þjón. í boði gegn gjaldi. 32,5 m. 7201

## Núpalind - m. 2 stæðum í bílskýli.



Vorum að fá í sölu góða vel staðs. ca 100 fm 3ja herb. íb. á 4.h. í kl. fjölb. Góðar suðv.svalir, glæsil. útsýni. Innb. bílskýli möguleiki að kaupa íb. m. einu stæði. Öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. V. 27,5 m. 7206

## Arnarsmári - Kópavogi.



Vorum að fá mjög góða ca 95 fm 4ra herb. endaíb. á 2.h. í mjög góðri velstaðs. fjölb. Góð velskipul. íb. m. góðum svefnherb., þvottahús í íbúð. Parket og flísar. V. 23,9 m. 7205

## Fannafold - vandað hús.



Í einkasölu gott velskipul. 150,8 fm hús á 2 h. Góður 24,8 fm bílskúr. Þrjú svefnherb., vand. innrétt. og gólfefni, parket og flísar á gólfum. V. 39,9 m. 7101

## Þorláksgeisli - m. bílskúr - Tilboð óskast.



Í einkasölu glæsil. fullb. íb. á 2. h. (jarðh. að ofanv) í flottu litlu fjölb. á mjög góðum stað. Sérinng. af svalag. Maghony innrétt. Parket, sérþvottah, Mjög góður 27,7 fm bílsk. m. góðri geymslu. Verð 29,5 millj. eða/tilboð ! Áhvílandi lán við Landsb. m. 4,15% vöxtum getur fylgt allt að 16 m. 6815

## Stærri eignir



**Engihlíð - Snæfellsbæ.** Engihlíð 8 er byggt úr steypu 1967 og er alls 250.5 fm á tveimur hæðum. Mjög velstaðsett hús. Góður garður og garðskáli. 26,7 fm bílskúr. 7134



**Engjasel - glæsil. útsýni.** Mjög gott velskipul. endaraðh. á 3.hæðum á fráb. útsýnisst. ásamt stæði í bílskýli (stórt stæði.) Húsið er klætt að utan. Mjög gott hús. Góð sólarverönd. Afgirtur garður. v. 37,8 m. 7174



**Hrauntunga - glæsil. útsýni** Fallegt 262,5 fm einb. í suðurhl. Kópav. Nýl. viðg. að utan og málað. Glæsil. útsýni, nýl. þak og skólp. V. 51,0 m. 6848

**Marbakkabraut - Kópavogi.** Í einkasölu glæsil. nýl. parh. á tveimur hæðum. Í dag er eignin nýtt sem tvær íb. lítið mál að br. aftur. Allar innrétt., tæki og gólfefni eru sérl. vönduð, innb. lýsing. V. 38,5 m. 7122

**Breiðavík - endahús á einni hæð.** Glæsil. mjög velskipul. 152,2 fm endaraðh. á einni hæð. Vand. innrétt., parket og flísar á gólfum, fallegur suðurgarður með góðri timburverönd. Hiti í plani og stéttum. Góð staðs. V. 41,0 m. 7062

**Strandvegur - glæsil. útsýni.** Stórglæsil.160 fm íb. á 3.h/efstu í nýl. vönd. húsi ásamt stæði í bílsk. íb. er glæsil. innrétt. m. vönd. sérsm. innrétt. glæsil. flísal. baðherb. Granít borðplötur. 7001

## Í smíðum.



**Baugakór - Glæsilegt nýtt lyftuhús til afh. fljótlega.** Í einkasölu glæsil. íbúðir í 12.íb. lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Afh. í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði. Búið að taka lán frá íls 10 millj. á hluta íb. Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor 4600

## Snyrtistofa • Tekjumöguleikar

Hringdu núna í síma **866 9512**

Svana
Sölufulltrúi
**866 9512**
www.svana.is





Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali







Þekkt, smart og vel staðsett snyrtistofa til sölu. Vel búin tækjum og tólum s.s allt til alls. Frábært atvinnutækifæri fyrir hugmyndaríkt hæfileikafólk. Mjög góð aðstaða og þægilegt umhverfi fyrir viðskiptavininn. Heimasíða, símanúmer og velvildin fylgja með. Húsnæðið er í öruggri leigu.

RE/MAX BÚI

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

**www.remax.is**









## Spennandi framtíðarstörf

**Pípulagnaverslunin Skútuvogi**

- ***Viljum ráða áhugasama sölu- og afgreiðslumenn til framtíðarstarfa***

  Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini.
  Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum æskileg.
  Reynsla úr sambærilegu starfi kostur.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, **gudrunk@husa.is.**
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins.*
*Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir.*
*Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri.*
*Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.*

**› Fyrir alla:**
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## MAKE UP STORE™

### óskar eftir starfskrafti í fullt starf

Hæfniskröfur:
metnaður & þjónustulipurð
frumkvæði & sjálfstæð vinnubrögð
færni í að farða og leiðbeina
Umsóknir sendist til margret@margret.is
Umsóknarfrestur er til 3. nóvember n.k.

MAKE UP STORE er alþjóðleg verslunarkeðja í 12 löndum og eru verslanirnar yfir 80 talsins. Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval snyrtivara og veitir þjónustu og ráðgjöf við val á vörum. Einnig býður MAKE UP STORE uppá kennslu í förðun fyrir einstaklinga og námskeið fyrir hópa.



www.makeupstore.se



# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

### Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616**


**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi og tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Héðinsreitur, endurauglýsing.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.130.1 sem afmarkast af Mýrargötu, Seljavegi, Vesturgötu og Ánanaustum. Deiliskipulagið var áður auglýst frá 27. júlí til 7. september 2005 en er nú endurauglýst með vísan til erindis Skipulagsstofnunar dags. í september 2006. Tillagan er að mestu leyti óbreytt frá fyrri auglýsingu. Eldri athugasemdir halda gildi sínu.
Lagt er til að sameina allar lóðir á reitnum utan Seljavegar 2 þannig að reitnum verði aðeins tvær lóðir. Á sameinuðum lóðum er gert ráð fyrir að byggja á allri lóðinni og að bílgeymslur verði á fyrstu hæð og hluta annarrar hæðar. Þar fyrir ofan verði heimilt að byggja íbúðir og atvinnuhúsnæði á allt að fimm hæðum. Byggingareitir eru almennt tólf metrar með gegnumgangandi íbúðum, en gera má ráð fyrir dýpri reit, eða allt að tuttugu og tveimur metrum, ef byggðar verða umönnunaríbúðir með tengigangi. Aðkoma að bílgeymslum verður frá Ánanaustum og Seljatorgi. Bílastæði skulu öll vera bílageymslum að því undanskildu að áfram verður heimild fyrir bílastæðum við Seljaveg 2 þar sem hefð er fyrir þeim. Heimilt verður að hækka nyrsta hluta Héðinshúss á Seljavegi 2 og hækka mæni efri hluta þess um einn og hálfan metra auk þess að byggja svalir/svalagang inn að reitnum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Vesturberg 195.**
Tillaga að breytingu deiliskipulagi fyrir Breiðholt III vegna lóðarinnar að Vesturbergi 195 áður dælustöð Orkuveitunnar.Tillagan gerir ráð fyrir þriggja íbúða raðhúsi á þremur hæðum. Leyft verði að fara út fyrir núverandi byggingar eins og byggingareitur gerir ráð fyrir. Taka skal mið af æð nærliggjandi húsa og halli þaks skal vera að mestu óbreyttur. Kvöð verði um eldvarnargler í gluggum á gafli sem snýr að Vesturbergi 199. Sýna skal tvö bílastæði á lóð fyrir hverja íbúð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 25. okt. til og með 6. desember 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 6. desember 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. október 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090


allt heimili
Alla fimmtudaga

# Hugleiðingar við starfslok hjá Alcan


SIGURÐUR PÉTUR SIGURÐSSON

Þegar ég réðst til starfa hjá Ísal vorið 1975, voru öll ker opin, skyggni slæmt og mikil mengun í skálunum sem þá voru í starfrækslu. Meðan þetta varði, gátu starfsmenn varið sig með mengunarhlífum sem þeim voru lagðar til, þeim að kostnaðarlausu og virkuðu þær nokkuð vel. Síðar var kerjunum lokað með þekjum. Nú er öldin önnur. Mengunin í álverinu hefur snarminnkað, nema sú sem kemur frá stjórnendum fyrirtækisins í formi mannvonsku og mannfyrirlitningar. Við slíkri mengun virðast engar varnir duga.

Sú skipun hefur verið gefin að starfsmenn skuli ekki komast upp með að slasa sig og verða frá vinnu af þeim sökum. Skulu þeir dregnir til vinnu um leið og þeir sleppa út af Slysavarðstofunni. Ég varð tvisvar fyrir því óláni að slasast í vinnunni, með nokkurra ára millibili. Þetta voru tvær mjög ólíkar upplifanir. Í fyrra skiptið var ég í 7 vikur heima til þess að jafna mig. Í seinna skiptið, árið 2004, rifbeinsbrotnaði ég, marðist á innyflum og fékk slæma þvagfærasýkingu í kjölfarið. Að morgni næsta dags eftir slysið var hringt í mig. Í símanum var öryggisfulltrúi fyrirtækisins og hann spurði af hverju ég væri ekki kominn til vinnu. „Þeir á slysavarðstofunni segja að það sé ekkert að þér.“ Ég maldaði í móinn og sagðist ekki treysta mér til vinnu strax. Mætti ekki til vinnu fyrr en viku seinna en var þá búinn að vera með hnút í maganum alla vikuna af áhyggjum yfir því að lenda á svörtum lista hjá fyrirtækinu. Hjálpaði mér lítt að ég var varatrúnaðarmaður starfsmanna og hafði sem slíkur m.a. það hlutverk að líta eftir því að ekki væri brotið gegn réttindum starfsmanna þegar svona tilvik kæmu upp. Samkvæmt vottorði læknis var ég óvinnufær þessa viku og það er með ólíkindum að öryggisfulltrúi fyrirtækis skuli leyfa sér að hafa samband við starfsmenn á slysavarðstofu til þess að fá upplýsingar um hvort slasað fólk geti ekki strax mætt til vinnu.

Fyrir ári var ég kallaður á fund framkvæmdastjórnar. Var mér gefið gullúr og þökkuð vel unnin störf í 30 ár. Engin orð féllu þá um að ég væri erfiður í samstarfi eða að ég þyrfti að taka mig á. Nokkru síðar sótti ég um að fara í hlutastarf. Móðir mín, búsett í Bandaríkjunum, var orðin heilsuveil og ég ætlaði að aðstoða hana við að flytjast heim til Íslands og vildi hafa rýmri tíma til þess að sinna henni. Til þess kom ekki því móðir mín lést sl. vor. Eftir lát hennar þurfti ég að fara til Bandaríkjanna til þess að ganga frá hennar málum enda er ég hennar eina barn. Þegar ég kom aftur til vinnu, kom upp mál þar sem verkstjóri viðhaldsdeildar fékk verktaka til þess að vinna okkar störf. Við töldum þetta brot á kjarasamningi auk þess sem okkur fannst þessi ákvörðun lýsa vantrausti fyrirtækisins á hæfni okkar sem starfsmanna. Mér skilst að þessi afstaða okkar hafi ekki vakið fögnuð stjórnenda og að mínuspunktunum við nöfn okkar í ósýnilega kladdanum, sem geymdur er hjá stjórnendum fyrirtækisins, hafi fjölgað. Svo er það mér sennilega ekki til framdráttar að vera kominn í hlutastarf og eiga stutt í réttindi sem tengjast svokölluðum flýttum starfslokum. Þetta eru góðir hlutir sem samið var um í forstjóratíð Christians Roth, við litla gleði hinna íslensku stjórnenda. Réttur til hlutastarfs næst við 55 ára aldur og 28 ára starfsaldur. Flýtt starfslok nást við 65 ára aldur. Þá fást greidd án vinnuframlags u.þ.b. hálf mánaðarlaun í 3 ár og fullar greiðslur í lífeyrissjóð. Það er furðulegt ef unnt er að hafa af starfsmanni svona réttindi, sem hann hefur áunnið sér á löngum starfsferli, með því einu að vísa honum á dyr án þess að viðkomandi hafi brotið neitt af sér.

*Sá sem sagði mér upp bætti því við að ég gæti tekið leigubíl heim á kostnað fyrirtækisins og gæti fengið áfallahjálp. Ég upplifði þetta boð með svipuðum hætti og að misyndismaður hefði lamið mig í hausinn með barefli og boðið mér svo verkjatöflu til þess að draga úr sársaukanum.*

Það var ótrúleg upplifun hvernig staðið var að uppsögn minni. Verkstjórinn hringdi í mig og sagði: „Vilt þú hitta mig við ofn 26.“ Ég fór á staðinn, hann tók á móti mér og sagði: „Fylgdu mér.“ Við gengum upp á loft til skrifstofu steypuskálastjóra í algjörri þögn. „Starfskrafta þinna er ekki lengur óskað hjá þessu fyrirtæki.“ „Fæ ég að vita ástæðuna?“ „Já, við erum ekki ánægð með vinnuframlag þitt.“ „Það getur ekki verið. Það hefur aldrei verið fundið að störfum mínum.“ „Það eru líka samskiptaörðugleikar við samstarfsmenn og yfirmenn.“ Sá sem sagði mér upp bætti því við að ég gæti tekið leigubíl heim á kostnað fyrirtækisins og gæti fengið áfallahjálp. Ég upplifði þetta boð með svipuðum hætti og að misyndismaður hefði lamið mig í hausinn með barefli og boðið mér svo verkjatöflu til þess að draga úr sársaukanum.

Það var ótrúlegt að upplifa að eftir 31 árs starf skyldu yfirmenn fyrirtækisins uppgötva hve erfiður ég er í samskiptum Það er skrítið hvernig maður upplifir svona framkomu. Maður fer að efast um allt sem við kemur starfi manns í 31 ár og finnur þá miklu höfnun og þann sársauka sem því fylgir þegar fótunum er allt í einu kippt undan manni án þess að maður hafi átt sér neins ills von.

Að lokum vil ég þakka fjölmörgum góðum félögum gott samstarf á liðnu 31 ári hjá Ísal.

*Höfundur var starfsmaður Ísal númer 754.*

## AF NETINU

### Hvalveiðar og þjóðarstolt

**Hildur Edda Einarsdóttir skrifar um hvalveiðar Íslendinga.**

Einhverra hluta vegna þarf hin umdeilda og óvinsæla ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar, að leyfa aftur hvalveiðar í atvinnuskyni, ekki að koma neinum sérstaklega á óvart. Með því að gera það er verið að gefa öðrum þjóðum langt nef og sýna þeim að enginn ráði yfir okkur. Það viðhorf kann að hafa komið sér vel á tímum sjálfstæðisbaráttunnar en ætti að vera úrelt nú þegar við eigum að vilja leitast við að sýna fram á að við séum samstarfsfús og friðsöm þjóð við umheiminn og náttúruna.
Þeir, sem hvað hæst mótmæla þessari vafasömu ákvörðun hér á landi, byggja flestir sín rök á möguleikanum á slæmum afleiðingum hennar á efnahagslífið fremur en öðrum þáttum. En eins og margur hvalveiðisinninn hefur bent á eru líkurnar á minnkandi straumi ferðamanna til landsins ekki miklar miðað við fyrri reynslu okkar og reynslu annarra hvalveiðiþjóða. [...]

**Siðferðislegu rökin**

Alþjóðleg umhverfisverndarsamtök hafa lengi verið litin hornauga hér á landi og það skal viðurkennast að þau eru alls ekki öll hafin yfir gagnrýni eða tortryggni. Það þýðir þó ekki að þau hafi ekki sitthvað til síns máls í andstöðu sinni við hvalveiðar. Því að fyrir utan áhyggjur manna af hvölum í útrýmingarhættu þá er ekki sjálfgefið að við höfum rétt á að myrða þá hvali sem eru svo óheppnir að villast inn í okkar fiskveiðilögsögu, enda eru heimkynni þeirra víða um höf en ekki bara hér við land. Því má telja eðlilegt að aðrar þjóðir telji sig hafa eitthvað um málið að segja. Auk þess eru hvalir ekki eins og hver önnur dýr í sjónum, heldur eru þeir einu spendýrin sem eyða allri sinni ævi neðansjávar og sýnt hefur verið fram á að þeir hafa flókið samskiptakerfi og greind á við hunda og ketti. Þá má bæta því við að ófáir hafa áhyggjur af ómannúðlegum aðferðum sem beitt er við hvalveiðar – og ekki að ástæðulausu; um stærðarinnar skepnur er að ræða sem erfitt getur reynst að aflífa á skjótan og sársaukalítinn hátt, enda er vitað mál að margan hvalinn blæðir út eftir árásir hvalveiðimanna.

**Hvorki fínt né göfugt**

Af sögulegum ástæðum kann ögrandi ákvörðun við umheiminn að kitla þjóðarstolt landans og vekja hjá honum rembing gagnvart öðrum þjóðum sem dirfast að reyna að hafa áhrif á okkur. En nú er árið 2006 og við ættum að vita að slíkar ögranir þykja hvorki fínar né göfugar nú til dags.

Af politik.is


# Gríptu tækifærið!

**Santa Fe, Terracan og Getz bílaleigubílarnir komnir í sölu!**

**Tilboðsdagar frá 25.okt til 28.okt.**

Engin útborgun 100% lán



**Verðdæmi**
**HYUNDAI TERRACAN Turbo dísel, beinskiptur.**
Árgerð 2005, ek.42 þús.
**Ásett verð kr. 3.050.000**
→ **TILBOÐ kr. 2.650.000**
**kr. 37.900 á mánuði***

Engin útborgun 100% lán



**Verðdæmi**
**HYUNDAI GETZ GLS, beinskiptur.**
Árgerð 2005, ek.42 þús.
**Ásett verð kr. 1.230.000**
→ **TILBOÐ kr. 980.000**
**kr. 14.000 á mánuði***

Engin útborgun 100% lán



**Verðdæmi**
**HYUNDAI SANTA FE, beinskiptur.**
Árgerð 2005, ek.52 þús.
**Ásett verð kr. 2.550.000**
→ **TILBOÐ kr. 2.150.000**
**kr. 30.900 á mánuði***

*Bílasamningur: Engin útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði. Afborganir háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta.
*Bílar á mynd eru einungis dæmi.

**Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230.**
**Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.**

bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is



**PABLO PICASSO LISTAMAÐUR (1881-1973) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI**

*Góður smekkur, en ömurlegt fyrirbæri. Smekkur er andstæðingur sköpunargáfunnar.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. OKTÓBER 1400

## *Faðir enskra bókmennta allur*



Breska skáldið Geoffrey Chaucer lést á þessum degi árið 1400, 57 ára að aldri. Chaucer hefur verið kallaður faðir enskra bókmennta, því hann kaus að skrifa á ensku frekar en á frönsku eða latínu, eins og siður lærðra manna var á þeim tíma.

Eftir hann liggja mörg verk en þekktastur er hann fyrir Kantaraborgarsögur, sem hann náði ekki að ljúka við áður en hann lést.

Chaucer fæddist líklega í London árið 1343, þótt nákvæm dag- eða staðsetning liggi ekki fyrir. Faðir hans var kaupmaður en lítið er vitað um æskuár skáldsins. Í upphafi hundrað ára stríðsins fór hann með hernum til Frakklands og var tekinn til fanga árið 1360. Honum var sleppt ári síðar en lítið er vitað um afdrif hans næstu árin. Árið 1366 gekk hann hins vegar í hjónaband og ári síðar fékk hann inni sem hirðmaður konungs. Í þjónustu konungs ferðaðist hann mikið, meðal annars til Flórens þar sem hann kynntist ítölskum kveðskap, sem hann studdist við í eigin kvæðagerð.

Talið er að Chaucer hafi verið kominn til einhvers konar metorða sem skáld árið 1374, þegar Játvarður III lofaði honum drjúgum vínsopa á hverjum degi til æviloka fyrir, að gera vel við sig í ljóði. Hann var í þjónustu konungs til æviloka, meðal annars sem tollheimtumaður og byggingameistari. Talið er að hann hafi byrjað á Kantaraborgarsögum á 9. áratug 14. aldar og lagt þær á hilluna á þeim tíunda.

Árið 1399 var Ríkharði II steypt af stóli og eftir það svo gott sem hverfur Chaucer úr skriflegum heimildum. Opinbert dánardægur hans er þó ekki öruggt, það var sett á legstein hans rúmlega hundrað árum eftir að hann dó. Hann var grafinn í Westminister Abbey, en árið 1556 voru líkamsleifar hans fluttar á virðulegri stað í kirkjugarðinum, sem kallaður er Skáldahornið.

## MERKISATBURÐIR

**1917** Bolsévikar undir stjórn Leníns ná völdum í Rússlandi.

**1955** The Tappan Company kynnir örbylgjuofninn til sögunnar.

**1962** Adlai Stevenson, sendiherra Bandaríkjanna, sýnir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ljósmyndir sem sanna tilvist sovéskra eldflaugaskotpalla á Kúbu.

**1962** Bandaríski rithöfundurinn John Steinbeck hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels.

**1983** Bandarískir hermenn ráðast inn í Grenada í kjölfar stjórnmálaumbrota í landinu.

## AFMÆLI



**Ingibjörg Þorbergs,** tónskáld og textahöfundur, er 79 ára.



**Þorsteinn Bachmann,** leikari, er 41 árs.



**Guðrún G. Bergmann,** hótelhaldari á Hellnum, er 56 ára.



**Þorfinnur Ómarsson,** upplýsingafulltrúi, er 41 árs.



**Jóhann Sigurjónsson,** forstjóri Hafrannsóknastofnunar, er 54 ára.



**ÁGÚST BOGASON,** útvarps- og tónlistarmaður, er 25 ára.

**Kjartan Lorange,** Bergstaðastræti 43, er 80 ára. Hann verður að heiman.



**Bjarney Guðrún Þórarinsdóttir (Badda)**

starfsmaður á Hólaborg

**er 60 ára í dag.**

**Hún verður að heiman.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför ástkærs sonar okkar, fóstursonar, bróður, mágs og frænda,*

**Kristjáns Þórðarsonar**

Sérstakar þakkir til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

**Aðalheiður Kristjánsdóttir**
**Þórður Rafn Guðjónsson**
**Guðjón Þórðarson**
**Ingvar H. Þórðarson**
**Elísa Vigfúsdóttir**
**Sigrún Óladóttir**
**og frændsystkin.**

**Vigfús Árnason**
**Jónína Guðbjörg Björnsdóttir**
**Jensína Helga Finnbjarnardóttir**

**Guðmundur Þorleifsson**
**Hafsteinn Stefánsson**




**Legsteinar**

Kynningarafsláttur af völdum tegundum

Fjölbreytt úrval

Hagstæð verð

Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**

Viðarhöfða 1 · 110 RVK.

sími 566 7878 · www.rein.is

REIN




**STOFNANDI SNIGLABANDSINS** Skúli Gautason var staddur í Danmörku og heldur upp á afmælið þar. FRÉTTABLAÐIÐ/HILLI

SNIGLABANDIÐ: FAGNAR MARGFÖLDUM AFMÆLUM UM ÞESSAR MUNDIR

# Orðnir mýkri með árunum

Tveir liðsmenn Sniglabandsins, þeir Skúli Gautason og Pálmi Sigurhjartarson, eiga afmæli í dag. Hljómsveitin hefur nýverið sent frá sér nýja plötu og eins eru liðin tuttugu ár frá því að fyrsta plata hljómsveitarinnar, Fjöllin falla í hauga, leit dagsins ljós. Rúvtops, nýjasta afurð hljómsveitarinnar, er unnin upp úr útvarpsþáttum sem Sniglabandið var með á RÚV árin 2003-2004. Á henni má finna sextán lög sem hljómsveitin samdi eftir pöntunum hlustenda, og þrjátíu brot úr útvarpsþáttunum sjálfum.

Pálmi Sigurhjartarson, annað afmælisbarn dagsins, var staddur á Borgarfirði eystri í gær. „Ég er á ferð um Austfirðina með Tónlist fyrir alla, það er verkefni sem gengur út á að tónlistarmenn heimsækja skóla víðsvegar um landið og kynna íslensk dægurlög og þjóðlög fyrir krökkunum,“ sagði hann, og bætti við að hann yrði því „að heiman“ á afmælisdaginn. „Þetta er hálfgert flökkulíf hjá mér þessa dagana, en ég fæ kannski kökusneið eða eitthvað á afmælinu,“ sagði Pálmi.

Samhliða því að kynna Rúvtops ásamt öðrum meðlimum hljómsveitarinnar, flytur Pálmi tónlist sína í sýningunni Þjóðarsálinni sem sýnd er í Reiðhöll Gusts í Kópavogi, og hefur því í nógu að snúast. „Svo erum við núna að vinna í lögunum úr útvarpsþáttum Sniglabandsins í sumar. Þau verða gefin út á næsta ári,“ sagði Pálmi, sem vildi ólmur nýta tækifærið og óska Skúla vini sínum til hamingju með daginn.



**PÁLMI SIGURHJARTARSON** Segir Sniglabandið starfa meðan þeir hafi gaman af því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skúli, stofnandi Sniglabandsins, var nýlentur í Danmörku þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Skúli sagðist þó ekki vera fluttur af landi brott. „Konan mín er hér í námi, og ég er hér eins mikið og ég get.“ Skúli stefnir á að fagna afmælinu með fjölskyldu og nánustu vinum. „Ætli við förum ekki eitthvað út að borða,“ sagði hann.

Aðspurður hvort einhver áform væru um að halda upp á tuttugu ára útgáfuafmæli Sniglabandsins sagði Skúli að það kæmi vel til greina. „Við höfum verið að hugsa um það, en það er ekki orðið ljóst hvernig það verður ennþá,“ sagði hann. Starfsaldur Sniglabandsins er nú orðinn nokkuð langur, en Skúli sagðist allt eins hafa búist við því að hljómsveitin yrði langlíf þegar hún var stofnuð. „Ég fann það eiginlega strax í upphafi að við vorum með eitthvað svolítið sérstakt í höndunum, það var einhver galdur í þessu,“ sagði Skúli, en að sögn hans er galdurinn enn í meðlimum Sniglabandsins. Skúli segir tónlistarstefnu hljómsveitarinnar þó hafa breyst nokkuð í gegnum árin, og ætti þess væntanlega að verða vart ef Fjöllin falla í hauga er borin saman við Rúvtops. „Framan af var þetta mjög rokkuð hljómsveit, en við höfum nú mýkst eitthvað síðan og tónlistarstefnan víkkað út frá bifhjólarokkinu,“ sagði Skúli. **sunna@frettabladid.is**




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is · utfarir@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# Taílenskt-íslenskt orðasafn

„Við leggjum höfuðáherslu á að bókin hafi hagnýtt gildi fyrir fólk, til dæmis þegar það þarf að fara í bankann og til læknis“ segir Torfi Geirmundarson rakari sem ásamt Wasönu Maríu vinnur að taílensk-íslensku orðasafni.

Hugmyndin er runnin undan rifjum Wasönu, sem hefur unnið á rakarastofu Torfa um skeið, en hann hjálpar henni að snara hugtökunum yfir á íslensku. Orðasafnið, sem Torfi býst við að verði um sextíu síðna langt, hefur verið í smíðum undanfarna tvo mánuði. „Við höfum leitað víða eftir styrk, til dæmis hjá borginni og í ýmsum ráðuneytum en fengið lítil viðbrögð, þótt flestir séu sammála að það sé mikil þörf á svona riti. Það eru jú um þrjú þúsund Taílendingar hér á landi og um tvö hundruð Íslendingar á Taílandi.“

Þá leitaði Torfi til JPV eftir útgáfu og býður nú eftir svari, en bókin er að hans sögn svo gott sem tilbúin til útgáfu. „Ég vona að hún komi út á næstu mánuðum, ég gef hana út sjálfur ef annað bregst en til þess þarf ég styrk,“ segir hann að lokum.



**TORFI OG MARÍA** Hafa unnið að orðasafninu undanfarna tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Vilt þú
# betri vexti
## til að klára dæmið?

**TILBOÐS VEXTIR!**

# 16,10%*

| Dæmi um greiðslubyrði | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi ára** | **200.000 kr.** | **400.000 kr.** | **600.000 kr.** | **800.000 kr.** | **1.000.000 kr.** |
| 1 | 19.138 | 37.723 | 56.308 | 74.892 | 93.477 |
| 2 | 10.368 | 20.348 | 30.329 | 40.309 | 50.290 |
| 3 | 7.445 | 14.557 | 21.669 | 28.782 | 35.894 |
| 4 | 5.983 | 11.661 | 17.339 | 23.018 | 28.696 |
| 5 | 5.106 | 9.924 | 14.742 | 19.559 | 24.377 |
| 6 | 4.521 | 8.766 | 13.010 | 17.254 | 21.498 |
| 7 | 4.104 | 7.938 | 11.773 | 15.607 | 19.442 |
| 8 | 3.791 | 7.318 | 10.845 | 14.372 | 17.899 |

**Forsendur:** 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,10% vextir - Kostnaður lánaður

**Sæktu um lán...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.09.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 30.11.2006.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Eldhúsflóttinn mikli

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** KANN EKKI AÐ ELDA



Ég kann ekki að elda. Ofsýð pasta, sprengi pylsur, kveiki í skinkusamlokum og það er mér nánast ofviða að sjóða egg án þess að hörmungar fylgi í kjölfarið. Klaufaskapurinn er stórvandamál en ég ætti að geta komist yfir hann með markvissri æfingu. Það er hins vegar öllu verra að andleysi mitt í matarmálum er algert. Ég hef ekkert hugmyndaflug til þess að leika mér og gera tilraunir með hráefni, krydd, sósur og setja saman spennandi rétti.

Kann einhverja fjóra og hef borðað þá svo oft að borðhaldið á heimili mínu er orðið að lífsnauðsynlegri kvöð. Gleðin í þessu er engin.

Þetta hefur haft það í för með sér að Bónusferðir mínar eru eitthvert tilgangslausasta brölt sem ég ég tek mér fyrir hendur þar sem bjargirnar sem ég ber í bú liggja yfirleitt undir skemmdum í ísskápnum þar sem ég þori sjaldnast að taka slaginn og breyta þeim í mat.

Þegar ég reyni að sækja mér eitthvað annað en frosnar pítsur, heilhveitibrauð, ost og smjör fæ ég valkvíðakast og hringsnýst um sjálfan mig, kaldsveittur og óöruggur og enda með að yfirgefa verslunina í taugaáfalli og gleymi annað hvort smjörinu eða ostinum. Matarinnkaup og eldamennska eru mér einfaldlega ofviða og ég treysti frekar á mötuneytið í vinnunni og skyndibitastaði eins geðslegt og það nú er. Mötuneyti á stórum vinnustöðum eru í raun og veru forgarður helvítis þar sem dæmdum sálum sem ekki hafa nennu til þess að taka með sér nesti, smurt brauð og upphitaðar leifar kvöldmatarins taka út sína refsingu.

Betlarar geta ekki verið að gera miklar kröfur og þess vegna þiggur maður það sem að manni er rétt í mötuneytinu, algerlega háður kenjum kokksins. Ég á því tvær gleðisnauðar máltíðir á dag þar sem ég hræri í einhverju sem er oftast vísir að mat en það vantar eitthvað upp á þannig að ruslatunnan fær yfirleitt helminginn.

Ég þarf ekki á geðlyfjum eða sálfræðingi að halda til að bæta líf mitt. Ég þarf að fara á matreiðslunámskeið.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fimmtán ára farsælt samstarf ber loks ávöxt

**Félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson hafa gefið út sína fyrstu plötu saman sem ber heitið Nokkrar notalegar ábreiður. Freyr Bjarnason hitti þá að máli og ræddi við þá um farsælt fimmtán ára samstarf, fótbolta og golf.**

Blaðamaður mætir fyrstur á staðinn. Skömmu síðar birtist Eyjólfur. Við tökumst í hendur og tveir kaffibollar eru pantaðir, einn venjulegur fyrir blaðamann og cappuchino fyrir Eyfa. „Hann Stebbi tafðist eitthvað í umferðinni, einhver umferðarteppa í Kópavogi,“ segir Eyfi og kveikir sér í sígarettu.

Þegar Stefán mætir á svæðið biðst hann afsökunar á biðinni, pantar sér tebolla og viðtalið getur hafist. „Hann drekkur aldrei kaffi,“ segir Eyfi og virðist ekkert skilja í þessari sérvisku kollega síns. Stebbi glottir aftur á móti við tönn og sýpur af tebollanum, sáttur við sitt.



**STEFÁN HILMARSSON OG EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Félagarnir Stebbi og Eyfi eru að gefa út sína fyrstu plötu saman, Nokkrar notalegar ábreiður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Í fótspor frægra manna

„Við ákváðum að setja okkur þetta markmið að klára þessa plötu á þessu ári. Við höfum oftar en ekki verið komnir á fremsta hlunn með að gera plötu en svo hefur alltaf eitthvað komið upp á,“ segir Stebbi. „Við fórum til útlanda í sumar og lokuðum okkur þar af í góða viku og tókum upp lungann úr plötunni þar.“

Upptökurnar fóru fram á Jótlandi, á sama stað og Stebbi ásamt Sálinni hans Jóns míns tók upp sína síðustu plötu. Þekktir tónlistarmenn á borð við George Michael og Elton John hafa einnig tekið upp plötur á þessum stað, og því má segja andinn á staðnum hafi veitt þeim Stebba og Eyfa mikla andagift.

### Bandarísk tónlist

Eftir töluverða umhugsun var lendingin sú að þeir völdu á plötuna allmörg bandarísk lög frá áttunda áratugnum, lög sem hafa ekki endilega notið mikilla vinsælda hér á landi.

„Eyfi er mikill „seventís“-maður. Hans tónlistarlega uppeldi liggur í amerískri „seventís“-músík. Hann fór að kynna mig fyrir ýmsum „seventís“-jöfrum sem hafa kannski ekki beinlínis náð hérna yfir en þetta er samt frábær músík,“ segir Stebbi ákveðinn á svip og fær sér sopa.

### Eyjólfur vildi Nínu

Tvö lög á plötunni hafa áður verið sungin af íslenskum flytjendum. B.G. og Ingibjörg gerðu Góða ferð vinsælt á áttunda áratugnum og Björgin Halldórsson söng lagið Fiðrildi árið 1979.

Auk þess er aðalslagara Stebba og Eyfa, Nínu sem sló í gegn í Eurovision 1991, að finna á plötunni í nýrri útgáfu. „Eyjólfi fannst mikið kappsmál að hafa það á plötunni af þeim sökum að honum fannst ómögulegt að plata með okkur innihéldi ekki þetta lag,“ segir Stebbi og Eyfi bætir við: „Það má segja að Nína hafi haldið uppi okkar merki og hefur gert það í ótrúlega langan tíma, það er alveg með ólíkindum. Þetta er ekki eitt af mínum uppáhaldslögum, en ég er mjög stoltur af laginu.“

### Sorglegasta stuðlag allra tíma

Stebbi undrast líka vinsældirnar því lagið segir hann verulega sorglegt. „Þetta er um konu sem vitjar manns í draumi en samt er þetta svona svakalegt stuðlag. Landinn fer í hvílíkt stuð þegar þetta hljómar. Ég hef stundum sagt að þetta sé sorglegasta stuðlag allra tíma,“ segir hann og hlær.

Þeim sem vilja kynnast lögum nýju plötunnar betur er bent á heimasíðuna www.ftt.is/stebbiogeyfi. Útgáfutónleikar þeirra félaga verða síðan haldnir í Borgarleikhúsinu þann 30. nóvember.

### Slappað af á Spáni

Stebbi og Eyfi hafa allt tíð verið mjög góðir félagar og hefur þeim sjaldan eða aldrei orðið sundurorða, að eigin sögn. Auk þess að spila saman tónlist eru þeir einnig miklir golffélagar og eru t.a.m. nýkomnir frá Spáni þar sem þeir spiluðu golf og slöppuðu af eftir erfiða upptökutörn og til að hvíla sig fyrir komandi átök.

### Línuvörðurinn flaggaði

Þegar talið berst að fótbolta eru þeir á móti ekki eins miklir félagar. Eru þeir á öndverðum meiði bæði í íslenska boltanum og þeim enska.

Reyndar segist Stebbi lítið fylgjast með íslenska boltanum en þeim mun meira með þeim enska þar sem Arsenal sé í uppáhaldi. Bera þrjár ferðir á Higbury, fyrrum heimavöll félagsins, vott um það.

Eyfi fylgist aftur á móti betur með íslenska boltanum, enda tróð hann nýverið upp með hljómsveit sinni á lokahófi KSÍ klæddur Þróttarabúningi. Ólst hann upp í Vogunum ásamt félögum sínum í sveitinni og ákváðu þeir að bregða á leik með eftirminnilegum árangri.

Eftir að fótboltafrasar á borð við: „Hann var alveg með „onside“, „línuvörðurinn flaggaði“, og „algjört rugl“ höfðu fengið að fljóta var komið að lokum viðtalsins og blaðamaður kvaddi með Drauminn um Nínu í farteskinu, pikkfastan í heilabúinu.



**TILLY AND THE WALLS** Hljómsveitin Tilly and the Walls spilaði í Listasafni Reykjavíkur við ágætar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Biðraðir í lágmarki

Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves eru hæstánægðir með hvernig til tókst og telja hátíðina þá bestu til þessa.

Hátíðin var mikið gagnrýnd á síðasta ári vegna langra biðraða sem mynduðust fyrir utan tónleikastaði en í ár voru biðraðirnar í lágmarki. Segja aðstandendurnir að þær biðraðir sem mynduðust hafi verið fljótar að hverfa.

„Því miður hefur því verið varpað fram í 2–3 dagblaðsdálkum að raðir hafi sett svip á hátíðina og því jafnvel haldið fram að ekki hafi verið pláss fyrir alla tónleikagesti. Ástæða þessa bulls er eflaust sú að höfundar dálkanna hafi annað hvort ekki sótt hátíðina eða verið með blaðamannapassa og því ekki farið í röð í þeim fáu tilvikum þar sem þær mynduðust – því þá hefðu þeir gert sér grein fyrir að þessar fáu raðir sem mynduðust tóku í flestum tilvikum 5–10 mínútur,“ segir í fréttatilkynningu Hr. Örlygs.

Miðasala á næstu hátíð, sem fer fram 17. til 21. október á næsta ári, hefst í þessari viku erlendis, fyrr en nokkru sinni áður vegna mikillar eftirspurnar.




**!** **Kl. 20.00**

*Í kvöld verður fræðsludeild Þjóðleikhússins með kynningarfund um leiklistarmeðferð í gamla Hæstaréttarhúsinu við Lindargötu í Reykjavík. Sigríður Birna Valdimarsdóttir er sérfræðingur á því sviði, en á erlendum málum er hennar fag kallað Drama Therapy. Hún hefur kennt í Hagaskóla undanfarin ár og látið börn leika. Meðferð sem þessi er víða notuð til að bæta félagslega hegðun og gera þeim kleift að koma fram sem eru innilokaðir. Erindið er öllum áhugamönnum opið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sigurganga Slaveks

Stuttmyndin Slavek The Shit í leikstjórn Gríms Hákonarsonar hlaut verðlaun á Kvikmyndahátíðinni í Chicago sem lauk sl. föstudag. Myndin hlaut Silver Hugo verðlaunin en bandaríska stuttmyndin Forgetting Betty í leikstjórn James Anderson og Robert Postrozny hlaut Golden Hugo verðlaunin. Kvikmyndahátíðin í Chicago er mjög virt hátíð, stofnuð 1965, en hún er jafnframt ein elsta kvikmyndahátíðin í Norður-Ameríku. Önnur íslensk mynd, Blóðbönd, var á meðal mynda í einni af keppnisdagskrám hátíðarinnar, „First & Second Feature Competition" en leikstjóri myndarinnar, Árni Ólafur Ásgeirsson, var gestur hátíðarinnar. Slavek the Shit hóf sigurgöngu sína á Kvikmyndahátíðinni í Cannes 2005 þar sem hún var valin í „Cinefoundation" dagskrána, síðan þá hefur hún verið valin í dagskrár kvikmyndahátíða um allan heim og hlotið fjölda verðlauna.



**GRÍMUR HÁKONARSON** Hefur átt velgengni að fagna með stuttmynd sína.



**> Dustaðu rykið af**

plötum Sykurmolanna en í dag kl. 10 hefst sala á miðum á tuttugu ára afmælistónleika þeirra sem verða í Höllinni þann 17. nóvember. FL Group hefur ákveðið að styðja myndarlega við bakið á Sykurmolunum af þessu tilefni. Miðasala er í verslunum Skífunnar, Kringlunni og Smáralind, BT Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum og á Midi.is. Miðaverð á tónleikana er 5.000 krónur, að viðbættu 350 kr. miðagjaldi söluaðila, í stæði og 6.500 krónur (að viðbættu 440 kr miðagjaldi) í stúku. Aldurstakmark á tónleikana er 18 ár, nema í fylgd fullorðinna.

# Ballbönd í Höfn

Tvö kunnustu ballbönd landsins hafa tilkynnt að þau spili á einu og sama gigginu í Kaupmannahöfn á næsta ári. Þetta eru Sálin og Stuðmenn og er þetta í fyrsta sinn sem hljómsveitirnar troða upp saman á dansleik.

Ballið verður í Cirkusbygningen síðasta vetrardag, þann 18. apríl 2007. Hljómsveitirnar leika til skiptis undir borðhaldi frá kl. 19.30-22.00 og síðan fyrir dansi á sama stað frá kl. 23.00-02.00.

Cirkusbygningen er í miðborg Kaupmannahafnar, en íslenskt fyrirtæki stendur fyrir tiltækinu, Hótelbókanir í Kaupmannahöfn, www.kaupmannahofn.dk. Segir í fréttatilkynningu fyrirtækisins að umgjörð verði afar vönduð enda ekki á hverjum degi sem þessar stórsveitir komi saman.

Alls tekur húsið á móti 1.150 manns, þ.e. 850 í mat. Uppselt var á tónleika Sálarinnar í Kaupmannahöfn 5. nóvember í fyrra og sömuleiðis á tónleika Stuðmanna í Tívolí í september 2003.



**DÓMKÓRINN Í REYKJAVÍK HELDUR UPP Á TÓNLISTARDAGA Í DÓMKIRKJUNNI Í 25. SKIPTIÐ** Kórinn hefur að vanda pantað verk frá íslenskum tónskáldum en sjö ný verk verða flutt á tónlistardögunum næstu daga.

# Ný saga um Benedikt

Ólafur Gunnar Gunnlaugsson, myndlistarmaður og rithöfundur, heldur áfram bálki sínum um þann vinalega búálf, Benedikt. Hjá Máli og menningu er komin út ný bók um Benedikt, Svarta nornin. Þetta er sjöunda sagan í bálknum um Benedikt, en Ólafur semur bæði texta og gerir myndheim bókanna. Hafa þær átt miklum vinsældum að fagna hjá ungum krökkum, bæði sem lesefni foreldra fyrir ólæs börn og til lestrar fyrir krakka sem eru komnir vel af stað í lestri sjálfir.




Sagan er svo kynnt: Þegar Benedikt búálfur rekst á dularfullan pakka í póstinum hjá Dídí ákveður hann strax að fara með hann til Álfheima og opna hann þar. En það sem leynist í pakkanum er hættulegra en Benedikt hafði grunað.

Bókin er 40 bls. og er leiðbeinandi verð 2.690 kr. Mál og menning gefur hana út, sem og fyrri bækur Ólafs.

# Tónlistin í Dómkirkjunni

**Tónlistardagar Dómkirkjunnar hafa í aldarfjórðung lífgað upp á haustið. Til þeirra er stofnað til að halda upp á vígsluafmæli kirkjunnar og standa þeir frá síðustu helginni í október og fram í miðjan nóvember. Í ár er viðhöfnin stærri því liðin eru 210 ár frá því að Dómkirkjan í kvosinni var vígð.**

Eiginlegir upphafstónleikar Tónlistardaga verða föstudaginn 3. nóvember en þá mun Dómkórinn frumflytja ný tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir kórinn í tilefni af Tónlistardögunum.

Tónlistardagskráin í Dómkirkjunni hefst fyrr; strax annað kvöld hefst dagskráin með því að unglingakór Dómkirkjunnar undir stjórn Kristínar Valsdóttur heldur tónleika og hefjast þeir klukkan 20.

Þá verður afmælis Dómkirkjunnar minnst með samfelldum tónlistarflutningi í kirkjunni frá kl. 11 til 17 laugardaginn kemur. Þann dag verður opið hús í kirkjunni þar sem fólki gefst tækifæri til að líta inn hvenær sem er dagsins og hlýða á tónlist.

Þá koma fram Anna Sigríður Helgadóttir messósópran, Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, Kirkjukór Neskirkju sem stjórnað er af Steingrími Þórhallssyni, ungir listamenn úr Tónlistarskólanum í Reykjavík, Dómkórinn og Marteinn H. Friðriksson.

Markmið Tónlistardaganna er að efla og kynna tónlist sem samin er guði til dýrðar og mönnum til andlegrar upplyftingar. Árlega er leitað til tónskálda og þau fengin til að semja verk fyrir Dómkórinn og aðra flytjendur sem síðan hafa verið frumflutt á Tónlistardögum kirkjunnar.

Frá því fyrst var efnt til Tónlistardaga Dómkirkjunnar, árið 1982, hafa hátt í þrjátíu tónskáld samið verk fyrir Tónlistardagana. Þeirra á meðal eru öll helstu núlifandi tónskáld Íslands auk nokkurra erlendra tónskálda.

Í ár var leitað til tónskálda sem áður hafa samið tónverk fyrir Tónlistardaga og sem búsett eru á landinu. Voru þau beðin um að semja sálm eða stutt kórlag fyrir Dómkórinn. Mörg falleg lög bárust og verða þau frumflutt á tónleikum í Dómkirkjunni föstudaginn 3. nóvember kl. 20. Tónskáldin sem eiga ný verk á þessum tónleikum eru: Þorkell Sigurbjörnsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Jónas Tómasson, Jón Ásgeirsson, Mist Þorkelsdóttir, Tryggvi M. Baldursson og Jórunn Viðar.

Að auki eru á efnisskránni verk eftir Jón Nordal, Jón Þórarinsson, Harald Sveinbjörnsson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auk Dómkórsins eru flytjendur stjórnandi kórsins, Marteinn H. Friðriksson, sem leikur á orgel, og Sesselja Kristjánsdóttir messósópran.

Lokatónleikar Tónlistardaga verða í Hallgrímskirkju laugardaginn 12. nóvember kl. 17. Þá mun Dómkórinn flytja tónverkið „Missa choralis" eftir Franz Liszt. Til að takast á við þetta verk hefur kórinn bætt við sig söngfólki og munu í þetta skipti áttatíu söngvarar syngja tónverkið. Messan, sem er eitt af síðustum tónverkum tónskáldsins, var samin í Vatíkaninu í Róm í síðrómantískum stíl. Fimm einsöngvarar taka þátt í flutningnum, þau Marta Guðrún Halldórsdóttir, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Bergþór Pálsson og Davíð Ólafsson. Lenka Mátéová leikur á orgel og stjórnandi er Marteinn H. Friksson. Á tónleikunum mun Dómkórinn einnig syngja mótettur eftir Palestrina og Bruckner.

- pbb

KÄRCHER

99,99% hreinlæti

Fjögra þrepa hreinsun á lofti
Engir ryksugupokar




DS 5500
▪ Afl: 1400 W

RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS

# Seiðandi taktar í Salnum

Í kvöld verða tónleikar í Salnum í Kópavogi í Tíbrár-flokknum. Það eru þau Sigurður Halldórsson sellóleikari, Pamela de Sensi flautuleikari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari sem standa á sviðinu. Verkin sem þau ráðast í að flytja eru öll af suðrænum toga: Villa-Lobos, Piazzola og Ginastera.

Öll þessi tónskáld sóttu sér innblástur í þjóðlega tónlist samfélagsins sem skóp þau en við bættist að þau voru verseruð í tískustraumum tónlistarmanna samtíðar sinnar og kunnu margt fyrir sér. Sigurður segir að alþjóðlegir vindar blási um skrána: Seríalismi, aleatórískir ryþmar, nýklassík og endurunnin barokkform.

Þessi þrjú hafa öll starfað um árabil að tónlistarflutningi: Sigurður hefur starfað sem einleikari og tónlistarmaður auk kennslu í tvo áratugi og verið harla seigur að koma verkefnum af stað. Hann hefur verið í Caput frá stofnun, sá um 15.15 tónleikaröðina í Borgarleikhúsi, vinnur með Voces Thules og nú er hann listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholti. Þeir Daníel hafa leikið saman meira og minna allt sem skrifað hefur verið fyrir selló og píanó og er þá ekki allt talið sem Sigurður hefur lagt til málanna í tónlist.



**SALURINN** Það er suðrænn hiti í verkum kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Daníel hefur verið að síðan hann lauk námi árið 1993. Hann hefur leikið með ýmsum tónlistarmönnum, unnið í leikhúsi og verið með Caput um langt skeið. Þá hefur hann verið einleikari með Sinfóníunni fyrir norðan en þar er hann búsettur.

Besti hlutinn í tríói þessu er Pamela sem hér hefur búið frá 2003. Hún lauk prófi 1998 og starfaði með ýmsum hópum á Ítalíu um fimm ára skeið. Hún hlaut ýmsar viðurkenningar og hefur víða komið fram sem einleikari og í ýmsum hópum. Hún er í hópnum Horus Enseble og tríóinu sem kennt er við Sjerasade.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.

- pbb




# Við rúllum samkeppninni upp!



Fréttablaðið er **mest lesna dagblað landsins** skv. nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur verulegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá öllum aldurshópum (12–80 ára) á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Fiton/SIA

# Gospel í Laugarnesi



Lauganesbúar í Reykjavík og nágrannar geta skellt sér á gospelsöng í kvöld í kirkjunni í Laugarnesi. Þar leiða saman hesta sína Fríkirkjukórinn í Hafnarfirði og Kirkjukór Laugarneskirkju. Fríkirkjukórinn hélt svipaða tónleika í fyrra í Hafnarfirði. Tókust þeir með allra besta móti og nutu flytjendur og áheyrendur stundarinnar til hins ýtrasta. Því ákváðu kórfélagar að hefja útrás, eins og tíðkast svo mjög um þessar mundir, til Reykjavíkur og fá með sér félaga í Kirkjukór Laugarneskirkju. Alls munu því um 60 manns syngja þessa yndislegu tónlist þar sem hryn og þéttur hljómur haldast hönd í hönd. Ekki eru kórarnir einir á ferð því hljómsveit, skipuð þeim Gunnari Hrafnssyni á bassa, Gunnari Gunnarssyni á hljómborð, Skarphéðni Hjartarsyni á hljómborð, Þorvaldi Þorvaldssyni á trommur og Erni Arnarssyni á gítar, leikur með. Einsöngvarar á tónleikunum verða Þorvaldur Halldórsson og Esther Jökulsdóttir. Stjórnendur eru Gunnar Gunnarsson og Örn Arnarson. Miðasala er hjá kórfélögum og við innganginn. Miðaverð er 1.500 kr.

- pbb


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt**, 2. sýn. lau. 28/10 **uppselt**, 3. sýn. sun. 29/10 **örfá sæti laus**, 4. sýn. lau. 4/11 **örfá sæti laus**, 5. sýn. sun. 5/11 **örfá sæti laus**, 6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, fim 16/11, fös. 17.11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**



**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

**FOSSE HÁTÍÐ:**
**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Lau. 4/11 **örfá sæti laus**, sun. 5/11, lau. 11/11, fös. 17/11, lau. 25/11.

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 4/11, sun. 5/11, fös. 10/11 **örfá sæti laus**.

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 4/11 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. **11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 11:00** og **kl. 12:15**, sun. 12/11 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og kl. **12:15 örfá sæti laus**.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Menntaskólanum á Ísafirði** í dag mið. 25/10 kl. 16:00 og 20:00,
**Fjölbrautaskóla Snæfellinga Grundarfirði** fim. 26/10 kl. 20:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**



„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 27/10 kl. 20 UPPS. Lau 28/10 kl. 20
Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MEIN KAMPF**
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Í kvöld kl. 20:30
Miðaverð 1.500

**AMADEUS**
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**12 ÁRA OG YNGRI FRÍTT**
Börn 12 ára og yngri, fá frítt í leikhúsið í fylgd með fullorðnum*

Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




**ÞÓRUNN ANSPACH** Stödd í verslun þeirra hjóna í miðborg Reykjavíkur, Kisunni. Í kvöld halda þau hjón fyrirlestur um framleiðslu og dreifingu sjónvarpsefnis.

# Framleiðsla og dreifing sjónvarpsefnis kynnt

**Þórunn Anspach og Olivier Brement halda fyrirlestur í kvöld í gamla upptökusal ríkissjónvarpsins á Laugavegi 176. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Kvikmyndaskóla Íslands.**

Þau hjón eru með reyndustu einstaklingum í Evrópu í framleiðslu sjónvarpsefnis og er fyrirlestur þeirra því hvalreki fyrir alla áhugamenn um þann erfiða geira myndiðnaðar. Hefst fyrirlesturinn kl. 20.

Hjónin Þórunn Anspach og Olivier Brémond ákváðu fyrir fáum árum að setjast að á Íslandi eftir að hafa búið í París í langan aldur. Þar unnu þau við framleiðslu og dreifingu sjónvarpsefni og ráku kraftmikið fyrirtæki, Marathon International. Þau söðluðu um og hafa nú selt það og eru komin í verslunarrekstur á Laugaveginum í Reykjavík.

Vöxturinn í Marathon var feikihraður: Olivier framleiddi yfir 2.000 sjónvarpsprógröm og þar með talinn lengsta evrópska framhaldsmyndaflokkinn St-Tropes, fjölmarga aðra framhaldsmyndaflokka, þar á meðal einsa þætti í samframleiðslu við Kanada eins og verðlaunaþættina 15 LOVE.

Hann framleiddi hundruð heimildamyndaþátta með fjölmörgum sjónvarpsstöðvum, má þar nefna Discovery, National Geographic, Animal Planet, og heimildamyndir fyrir börn, nokkrar seríur af teiknimyndum, til dæmis Santa Claus seríuna, Marsupilami (Gorm) og Totally Spies.

Þórunn sá um markaðssetningu og alþjóðatengsl. Marathon dreifði yfir þúsundum klukkustunda af dagskrárefni á yfir 200 sjónvarpsrásir í Evrópu, Ameríku, suður og norður, Asíu og Eyjaálfu. Marathon er stærsta framleiðslufyrirtækið í Frakklandi og einn helsti dreifingaraðilinn í Evrópu. Þórunn og Olivier seldu fyrirtækið 2006.

Þórunn og Olivier ætla að skýra nemendum, leiðbeinendum og gestum Kvikmyndaskólans frá reynslu sinni á sviði framleiðslu og dreifingar og sýna myndabrot þegar það á við. Fyrirlestur þeirra mun fara fram á ensku og aðgangur er ókeypis.

-pbb



**INGUNN SNÆDAL ÁSAMT BORGARSTJÓRA VILHJÁLMI Þ. VILHJÁLMSSYNI** Er hún tók við verðlaunum úr minningarsjóði Tómasar Guðmundssonar.

# Bjartsmenn boða ljóðasókn

Dauði ljóðsins er bull og það hyggjast þeir Bjartsmenn sanna í kvöld með ljóðaupplestri á Næsta bar í Ingólfsstræti.

Þau hjá Bjarti eru enda nýbúin að gefa út þrjár ljóðabækur og hrósa sér í fréttatilkynningum fyrir ljóðaflóð mánaðarins.



**EIRÍKUR GUÐMUNDSSON** Rithöfundur og umsjónarmaður Víðsjár á Rás 1.

Hefst lesturinn í kvöld kl. 20 undir styrkri stjórn hinnar kunnu útvarpsraddar Eiríks Guðmundssonar.

Fyrstur lesara er Ingunn Snædal sem les úr verðlaunabók sinni Guðlausir menn – hugleiðingum um jökulvatn og ást. Ingunn fékk verðlaun kennd við Tómas Guðmundsson skáld fyrir skömmu.

Annar verðlaunaþegi, Óskar Árni Óskarsson sem þáði Ljóðstaf Kópavogsbúa fyrr á árinu, gaf líka út ljóðabók á dögunum: Loftskip. Hann les þarna líka upphátt. Þá verður lesið úr nýju ljóðasafni Vésteins Lúðvíkssonar, Sumir láta eins og holdið eigi sér takmörk, en Vésreinn hefur gefið út ljóðabækur á forlagi Bjarts sem eru ekki tíðindaminni en skáldsögur hans sem allt varð vitlaust út af hér á landi í fyrndinni.

Vésteinn er fjarri, býr í Asíslöndum, svo leynigestur les úr verkum hans.

Þá les Steinar Bragi úr ljóðum sínum en hann hefur nýlega gengið frá nýrri skáldsögu í prentun. Samkoma Bjartsmanna hefst á hinum kunna bar kl. 20.

-pbb



**ÓSKAR ÁRNI OSKARSSON** Les úr nýrri bók sinni, Loftskipum.



**ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR** Höfundur með fyrri bókina um skrímslið litla og stóra sem naut mikilla vinsælda víða um lönd.

# Ný saga um litla skrímslið

Verðlaunahöfundurinn Áslaug Jónsdóttir hefur sent frá sér nýja bók í framhaldi af hinni þekkilegu sögu um litla skrímslið sem hún vann í félagi við þau Kalle Güettler og Rakel Helmsdal, en þau síðarnefndu eru þekktir höfundar í heimalöndum sínum; Svíþjóð og Færeyjum.

Bókin er afrakstur norræns námskeiðs fyrir rithöfunda og myndskreyta og kemur samtímis út í fjórum löndum: á Íslandi, í Svíþjóð, Færeyjum og Danmörku. Fyrri bók þeirra um skrímslin tvö, Nei! sagði litla skrímslið, sem kom út árið 2004 hlaut frábærar viðtökur á Íslandi og í Svíþjóð og Færeyjum. Fyrir hana hlaut Áslaug Jónsdóttir meðal annars íslensku myndskreytiverðlaunin Dimmalimm.



**SKRÍMSLI GETA LÍKA GRÁTIÐ**

Bókin er ætluð ungum börnum og foreldrum þeirra eins og sú fyrri. Allt sem litla skrímslið gerir er ógurlega fínt. Allt sem stóra skrímslið gerir er voðalega klaufalegt. Stóra skrímslið verður sífellt sorgmæddara en hvað er til ráða? Allir vita að stór skrímsli gráta ekki...

Bókin er í óvenjulegum hlutföllum og hörðum spjöldum og þolir því endurtekna lestra vel. Hún er 30 bls. og er leiðbeinandi verð 2.490 kr.

# Kápa fer til útlanda

Bókaáhugamönnum er minnisstæð kápa frá síðasta ári að Þriðja tákninu eftir Yrsu Sigurðardóttur. Yrsa var í þessari viku að skila nýrri sögu sinni til prentunar og er hún væntanleg innan skamms. Kápan af fyrstu bók hennar er enn á fleygiferð - um heiminn.



Ragnar Helgi Ólafsson, sonur Ólafs Ragnarssonar útgefanda, hannaði kápuna á sínum tíma og hefur hún farið víða í erlendum útgáfum sögunnar: sænskir, danskir, grískir, spænskir og ítalskir útgefendur sögunnar hafa keypt réttinn af Ragnari og notað kápu hans. Eru líkur á að hún fari víðar en alls hefur réttur sögunnar verið seldur í 25 löndum til útgáfu. Er þess að vænta að Ragnar liggi nú yfir lokagerð næstu kápu utan um krimma Yrsu Sigurðardóttur.


ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart** 25 ára og yngri: 50% afsl.

9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

**SKUGGALEIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER** - miðasala hafin

Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjón

Samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Strengjaleikhússins

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN






Sýnt í Iðnó

BEST Í HEIMI

Laugardagur 4. nóv.
Sunnudagur 5. nóv.

Miðasala er opin virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20






SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG






FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is



SAMBANDIÐ Í HNOTSKURN

**1999:** Bæði Paul McCartney og Heather Mills neita öllum sögusögnum um að þau séu saman eftir að breska slúðurpressan hafði skellt meintu ástarsambandi þeirra á forsíðuna.

**2000:** Paul lýsir yfir ást sinni á Heather Mills í sjónvarpsþætti en hann hafði hingað til neitað að tjá sig um sitt ástarlíf eftir að kona hans, Linda, lést úr krabbameini árið 1998.

**2002:** Parið lýsir því yfir að þau ætli sér að ganga í það heilaga. Fjölmiðlar eru ekki hrifnir af Mills og sögusagnir fara á kreik um að hún sé á eftir peningum bítilsins.

**2003:** McCartney og Mills eignast stúlkubarnið Beatrice og segja læknar það ganga kraftaverki næst að Mills skuli hafa lifað fæðinguna af.

**2006:** McCartney og Mills koma heimsbyggðinni á óvart þegar þau tilkynna um skilnað sinn eftir einungis fjögurra ára hjónaband. Þau skella skuldinni á ásókn fjölmiðla. The Mirror birtir síðan fréttir af því að Mills ætli sér að halda því fram að McCartney hafi beitt hana ofbeldi. McCartney segist ætla að verja sig með kjafti og klóm.

# Martröð rómantíska bítilsins

**Bresku blöðin kalla þetta skilnað aldarinnar og aðrar fréttir hafa gjörsamlega fallið í skuggann af máli Paul McCartney og Heather Mills. Fréttablaðið skellti sér baksviðs á sápuóperuna sem virðist vera í uppsiglingu.**

Paul McCartney og Heather Mills komu fram sem samrýmdar manneskjur og virtust stíga til jarðar saman þegar þau tilkynntu breskum fjölmiðlum og almenningi um skilnað sinn eftir fjögurra ára hjónaband. „Okkur hefur fundist það mjög erfitt að lifa eðlilegu lífi með þessum stöðuga átroðningi fjölmiðla inn í líf okkar," sagði meðal annars í yfirlýsingunni. „Okkur finnst það því mjög sorglegt að tilkynna að við höfum ákveðið að skilja að skiptum en sem vinir og viljum gjarnan fá frið á þessum erfiðu tímum." Adam var hins vegar ekki lengi í paradís.



**KLÁMIÐ** Myndirnar af Heather Mills í erótískum stellingum vöktu mikla athygli.

### Mills fer í mál við fjölmiðla

Fréttir síðustu viku hafa verið í sápuóperustíl. The Daily Mail komst á undarlegan hátt yfir hluta skilnaðarskjalanna sem Mills ætlar að leggja fram við réttarhöldin en þau eiga að hefjast snemma á næsta ári. Þar segir Mills að McCartney hafi lamið sig og beitt sig andlegu ofbeldi. Nýjar fréttir benda til þess að sumt af starfsfólki Lindu heitinnar McCartney hafi varað Heather við ofbeldisfullri hegðan Paul. Í gær tilkynnti Mills síðan að hún ætlaði í mál við The Daily Mail og The Sun vegna fréttaflutnings þeirra af málinu og sagðist fyrirsætan vera skotspónn þarlendra fjölmiðla.

Vinir bítilsins urðu fokillir yfir þessum fréttum og lýstu því yfir í blöðunum að Mills væri algjör geðsjúklingur sem hefði hagað sér svo brjálæðislega að þeir hefðu reynt að fá McCartney til að losa sig við hana. Margir þeirra komu meira að segja fram undir nafni.

McCartney sneri síðan vörn í sókn, sagði Heather hafa reynt að rústa feril sinn meðan á hjónabandinu stóð, eytt öllum peningum sínum og jafnvel beitt sig ofbeldi. Orð standa því gegn orði en breska pressan virðist hafa tekið málstað McCartneys enda tónlistarmaðurinn elskaður af þjóð sinni. Aðdáendur McCartneys hafa jafnframt lýst yfir miklum stuðningi við Paul eins og sjá mátti í Fréttablaðinu í gær þegar Davíð Steingrímsson, aðdáandi McCartney númer eitt, sagði Mills vera skemmda og málatilbúnaður hennar lygi. „Í hans tónlist eru allir textarnir um ást, hlýju og vinskap og fjölskyldu," sagði Davíð.



**ÆVINTÝRIÐ** Heather Mills og Paul McCartney voru gift í fjögur ár og eiga eitt barn saman. Skilnaður þeirra gæti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands.

### Klám og vændi

Skuggaleg fortíð fyrirsætunnar hefur jafnframt komið fyrir sjónir almennings. The Daily Mail birti skömmu eftir skilnaðinn djarfar myndir af Mills í heitum leik við þýskan ljósmyndara sem komu fyrst út í bókinni Die Freuden Der Liebe eða Unaðssemdir ástarlífsins. Ekki skánaði ástandið hjá Mills þegar News of the World birti stóra frétt á forsíðu sinni skömmu seinna sem gaf til kynna að Mills hefði selt líkama sinn hæstbjóðanda og hefði meðal annars verið reglulegur rekkjunautur vopnasalans Adnan Khashoggi.

Í fyrstu vildi Paul ekkert af þessu vita og jafnvel þegar þau gengju í hjónaband bauðst Heather til að skrifa undir kaupmála en Paul hafnaði því, sagði það vera órómantískt. Heather hefur alltaf þurft að verja sig gegn árásum fjölmiðla um að hún sé „gold digger", að hún sækist eingöngu eftir peningum bítilsins sem er 29. ríkasti maður Bretlands. Paul hefur jafnan tekið upp hanskann fyrir Mills, varið hana með kjafti og klóm og fór meira að segja fram á viðtal í The Sun þar sem hann sagði engin vandamál vera milli Mills og dóttur sinnar, Stellu McCartney. Þegar flett er upp í alþjóðlegum myndabönkum má hins vegar sjá að Mills var aldrei neitt sérstaklega áhugasöm um frama stjúpdótturinnar, lét helst ekki sjá sig á tískusýningum hennar og aldrei án síns heitt elskaða. Nú er jafnvel talið að McCartney vilji að lögfræðingar hans noti hina skuggalegu fortíð Mills gegn henni í réttarsalnum.



**KEYPTI HANN MILLS?** Adnan Khasoggi er talinn hafa verið einn þeirra sem keyptu sér blíðu Heather Mills þegar hún vann fyrir sér sem vændiskona.



**DÓTTIRIN** Fjölmiðlar hafa velt sér mikið upp úr sambandi Stellu McCartney og Heather Mills. Dótturinni var víst aldrei vel við stjúpu sína.

### Góðu verkin komu þeim saman

Þótt hatrið sé áberandi á milli Mills og McCartney um þessar mundir voru það hin „góðu" verk sem leiddi þau saman. Mills og McCartney kynntust á góðgerðarsamkomu árið 1999 til styrktar fólki sem hafði örkumlast í stríði en Mills varð sjálf fyrir því að missa annan fótinn þegar mótorhjól keyrði á hana. Paul hafði þá nýverið fylgt eiginkonu sinni Lindu McCartney til grafar og voru margir sem furðuðu sig á því hversu stuttan tíma það tók fyrir McCartney að jafna sig á þessari miklu sorg. Hann neitaði þó alfarið að eiga í ástarsambandi við Mills og sagði samband þeirra algjörlega fagmannlegt. „Ég vil bara styðja við það góða starf sem Heather er að vinna," sagði Paul árið 1999. Ári síðar tilkynnti bítillinn hins vegar að hann væri kominn með nýja konu – hún væri Heather Mills.

Mills og McCartney eiga saman eina dóttur, Beatrice, og hafa læknar sagt það vera kraftaverki næst að Mills lifði af fæðinguna. McCartney er sagður krefjast þess að fá fullt forræði yfir henni og er líklegt að sú krafa hans hafi hleypt öllu í bál og brand. Sérfræðingar í skilnaðarmálum eru ekki sammála um hvernig málið verði til lykta leitt. Sumir telja að McCartney muni jafnvel skrifa stóran tékka til að losna við Heather en aðrir segja öruggt að hann muni fara með málið alla leið, klækir Mills hafi ekki borgað sig heldur muni hún tapa miklum fjárhæðum á þessari fjölmiðlasápu.

freyrgigja@frettabladid.is



**DAVÍÐ STEINGRÍMSSON** Aðdáandi McCartneys númer eitt hér á landi og segir Mills vera að ljúga upp á sinn mann.




# Silvía Nótt vekur athygli í Mýrinni

Eurovision-nördarnir úti í heimi hafa komist á snoðir um þátttöku Silvíu Nætur í kvikmyndinni Mýrinni. Á opinberri heimasíðu Eurovision-keppninnar má sjá stutta frétt um að sjónvarpsdrottningin og söngkonan leggi sitt af mörkunum í nýjustu mynd Baltasars Kormáks. Reyndar er Mýrin kölluð The Moor en opinberlega hefur myndin verið kynnt á ensku sem Jar City.



**SILVÍA NÓTT** Á greinilega dygga aðdáendur hjá þeim sem fylgjast grannt með Eurovision-keppninni.



**EVA LIND** Ágústa Eva Erlendsdóttir þykir standa sig vel í kvikmyndinni Mýrinni.

Ágústa Eva Erlendsdóttir, sem jafnan bregður sér í hlutverk Silvíu, fær prýðisgóða dóma fyrir frammistöðu sína sem Eva Lind og er sagt að henni takist að kveðja hina hrokafullu og freku Eurovision-týpu sem hafi varla verið auðvelt. Mýrin er nú sýnd fyrir fullu húsi í kvikmyndahúsum landsins og er aðsóknin það góð að raðir myndast fyrir framan kvikmyndasalina en þegar hafa um sextán þúsund manns séð myndina.

Óðum styttist í nýja þáttaröð með Silvíu Nótt sem væntanlega verður sýnd á sjónvarpsstöðinni Skjá einum en sjónvarpsdívan hefur lítið látið fara fyrir sér eftir að hún komst ekki upp úr undanriðli Eurovision-keppninnar á Grikklandi. Framkoma hennar vakti hins vegar mikla athygli þar syðra og voru skiptar skoðanir á því hvort svona framferði væri ásættanlegt.

- fgg

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

JÓI FEL SNÝR AFTUR!

Bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur í nýrri þáttaröð og býður upp á silungasalat, indverskan karrírétt og súkkulaðiköku. Veggfóður sýnir það nýjasta úr heimi hönnunar, kíkir í heimsókn til Jónínu Ben og gerir upp eldgamalt eldhús fyrir smáaura. Í Opruh verður fjallað um martröð hverrar konu, þegar eiginmaðurinn heldur framhjá með bestu vinkonu hennar.

# JÓI FEL, VALA MATT OG OPRAH

Í kvöld á Stöð 2



Jói Fel kl. 20:05



Oprah kl. 21:20



Veggfóður kl. 20:35

GOTT FÓLK McCANN







# Djassskotið rokk

Rokkhljómsveitin Future Future hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Insight. „Við erum búnir að vinna að þessu í tvö ár," segir söngvarinn Sigurður Oddsson um nýju plötuna. „Við tókum upp þrjú lög í sumar á vegum Cod og ákváðum þá að bíða með útgáfuna og hafa þau lög með," segir Sigurður.

Future Future fékk að eiga lögin sem sveitin tók upp hjá Cod og í framhaldinu gaf hún sjálf út plötuna. Dreifingaraðilar eru 12 Tónar.

Sigurður lýsir plötunni sem djassskotnu, framsæknu rokki, einhvers konar flóknu talningarrokki. Hann segir sveitina ætla að spila sem mest á næstunni til að kynna gripinn og eru útgáfutónleikar fyrirhugaðir í næsta mánuði.

Tveir nýir meðlimir hafa bæst í sveitina á undanförnu ári. Fyrst kom nýr bassaleikari í sveitina og fyrir um það bil tveimur mánuðum gekk Arnar Ingi Viðarsson, trommari úr Isidor, til liðs við þá félaga.



**FUTURE FUTURE** Rokksveitin Future Future er að gefa út sína fyrstu plötu.

# Ham í Danaveldi

Rokksveitin Ham spilar á tónleikum á Norðuratlantshafsbryggjunni í Kaupmannahöfn næstkomandi laugardag.

Einnig koma þar fram Whomadewho frá Danmörku, 200 og Makrel frá Færeyjum, og grænlenska rokksveitin Chilly Friday.

„Við höfum aldrei spilað í Kaupmannahöfn. Þetta er því í fyrsta sinn sem við erum í Danaveldi og höfum við þó farið víða, " segir Sigurjón Kjartansson úr Ham. Síðustu tónleikar sveitarinnar voru á Nasa í júní og heppnuðust þeir afar vel.

Sigurjón viðurkennir að ný plata með Ham sé á prjónunum. „Á endanum held ég að það gerist en ég get ekki lofað því neitt fljótlega. Góðir hlutir gerast hægt. Kannski höldum við upp á fertugsafmælin okkar með plötu," segir hann í léttum dúr.



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Sigurjón og félagar í Ham spila í fyrsta sinn í Danmörku um næstu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hægt er að kaupa miða á hátíðina á netinu á síðunni www.politikenbillet.dk/nordatlanten.

# Miðasalan er hafin

Miðasala á tónleika Sykurmolanna í Laugardalshöll 17. nóvember er hafin. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því að Sykurmolarnar gáfu út lagið Ammæli á smáskífu. Allur ágóði af tónleikunum rennur til Smekkleysu.



**SYKURMOLARNIR** Hljómsveitin Sykurmolarnir spilar í Laugardalshöll 17. nóvember.

Miðasala hefst kl. 10:00 í verslunum Skífunnar Kringlunni og Smáralind, BT Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum og á midi.is.

Miðaverð er 5.000 krónur í stæði, auk 350 kr miðagjalds, og 6.500 krónur í stúku, auk 440 króna miðagjalds.

# Þorvaldur ekki með í Eurovision

**Ríkissjónvarpið auglýsir nú eftir lögum í undankeppni Eurovision. Þekktir lagahöfundar og tónlistarmenn vega og meta hvort þeir eigi að vera með.**



**ÞORVALDUR BJARNI** Ætlar ekki að vera með í Eurovision að þessu sinni en hér er hann í Kíev ásamt Vigni Snæ þegar Selma söng If I had your Love eftir þá félaga.

Hinn sigursæli Eurovision-höfundur Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson ætlar ekki að taka þátt í keppninni í ár en nýverið auglýsti RÚV eftir lögum fyrir undankeppni Eurovision og rennur umsóknarfresturinn út 16. nóvember. Þorvaldur lá yfir mixi fyrir nýju Todmobile-plötuna þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði lagahöfundurinn að nú væri nóg komið. „Ég hef þrisvar verið með lag auk þess að framleiða nokkur önnur, svo verður líka erfitt að toppa Silvíu Nótt-ar-ævintýrið," segir Þorvaldur.

Eurovision-lagahöfundurinn Hallgrímur Óskarsson var ekki búinn að taka ákvörðun um hvort hann hygðist senda lag inn en hann samdi einmitt sigurlag Birgittu Haukdal árið 2003, Open Your Heart.



**HALLGRÍMUR ÓSKARSSON** Hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann ætli að senda lag í keppnina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þegar nokkrir tónlistarmenn búnir að taka upp svokölluð „demo" og sagði einn heimildarmaður blaðsins að einhverjir af Airwaves-tónlistarhátíðinni hefðu tekið upp lagasmíðar sem hugsaðar væru fyrir keppnina og áhugi þeirra á Eurovision hefði kviknað eftir allt fárið í kringum Silvíu Nótt.

Einhverjar sögusagnir hafa verið á kreiki um að Magni Ásgeirsson ætli að taka þátt í keppninni en söngvarinn vildi ekki gefa neitt upp í þeim efnum. „Þetta er nú það síðasta sem ég er að hugsa um þessa dagana en ef mér býðst rétta lagið þá er aldrei að vita," segir Magni en hann tók þátt í undankeppninni í fyrra með lagið um Sæma rokk. Magni hefur verið á faraldsfæti að undanförnu og var á leiðinni til Kanada þar sem hann spilar með Josh og Dilönu á tónleikum. Þá eru þeir í Á móti sól að klára nýja plötu og á næstu dögum verður væntanlega tilkynnt um stórtónleika með honum Dilönu, Toby, Storm og hinni frábæru húshljómsveit þáttanna Rock Star: Supernova.

freyrgigja@frettabladid.is



**MAGNI** Söng lagið Sæmi rokk í fyrra og útilokar ekki þátttöku ef rétta lagið berst.

# Ágætis dægurfluga Hildar Völu

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Hildur Vala hefur staðið frammi fyrir erfiðu verkefni þegar kom að sinni annarri plötu. Idol-æðið hafði runnið sitt skeið og nú var ekki lengur hægt að höggva í þann knérunn. Næsta afurð myndi ekki seljast af sjálfu sér heldur þurfti hún að geta staðið á eigin fótum.

Því er það ekkert undrunarefni að söngkonan og unnusti hennar, Jón Ólafsson, skuli hafa leitað til margra fremstu lagasmiða landsins og falast eftir kröftum þeirra enda koma þarna við sögu tónlistarmenn á borð við Egil Ólafsson, Valgeir Guðjónsson auk þess sem Botnleðjumaðurinn Heiðar Örn Kristjánsson á eitt lag á plötunni.

Platan hefst á fínu lagi Egils Ólafssonar, Ég er kona, og í kjölfarið fylgir fínt lag úr smiðju trúbadorsins Svavars Knúts, Lífðu hægt. Texti Þórarins Eldjárns við lagið Palli var einn í heiminum kaffærir dapurri lagasmíð Valgeirs Guðjónssonar en önnur lög sem vert er að minnast á er titillag plötunnar Lalala eftir Svavar Knút sem virðist geta framleitt léttmetið á færibandi og síðasta lagið, Þá dreymir mig um þig, eftir Heiðar Örn.

Lala svipar óneitanlega til þess sem gert hefur kertaljósadrottninguna Katie Melua heimsfræga. Rödd Hildar Völu er lágstemmd og útsetningarnar margar hverjar til fyrirmyndar þótt ekki sé mikið fyrir frumleikanum að fara. Platan reynir lítið á hlustandann, fátt kemur á óvart og lögin lifa sennilega fram yfir jól, ekki mikið lengur en það og fyrir vikið er Lalala því bara ágætis dægurfluga.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**LALALA**

HILDUR VALA

**Niðurstaða:** Lalala kemur fáum á óvart og lögin lifa sennilega fram yfir jól, ekki mikið lengur en það og fyrir vikið er Lalala því bara ágætis dægurfluga.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 6 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 6 - 8 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN | kl. 6 - 9 | B.i. 12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6- 10:10 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 -10:30 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN VIP | kl. 5 - 8 | | STEP UP | kl. 6 | B.i. 7 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl.5:30-8:30-10:10 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is 575 8900


# Gaman að drepa

Breska blaðið The Guardian kynnti myndasöguhöfundinn Hugleik Dagsson rækilega til leiks í helgarútgáfu sinni og lagði þrjár síður undir viðtal við hann sem var skreytt örmyndasögum úr bók hans Avoid Us sem kemur út í Bretlandi í byrjun nóvember.

Myndasögur Hugleiks, sem eru yfirleitt aðeins einn rammi, eru í Guardian sagðar í meira lagi sérstakar enda geri höfundurinn til dæmis út á mannát, sifjaspell og ofbeldi. Viðtalið er birt undir fyrirsögninni „Mér finnst gaman að drepa“ og Hugleikur er sagður alveg laus við sjálfsritskoðun og hann velti sér ekki upp úr því hvort sögur hans kunni að móðga einhvern. Hann kasti því aðeins frá sér sögu ef hún er ekki nógu fyndin. „Ég hef gaman að ælum og drápum í myndasögum,“ segir Hugleikur við The Guardian og blaðamaðurinn bætir því við að Hugleiki sé fátt heilagt en bendir á að lítið sé um kynþáttagrín og fötluð börn í bókinni. Ég teikna stundum fatlað fólk en það er þá yfirleitt bara til þess að sýna fram á hversu fólk getur verið vont við fatlaða,“ segir Hugleikur í viðtalinu. „Eitt af því sem ég lærði af því að vinna með fötluðum börnum er að þau hafa líka dökkan húmor.“

Blaðið birtir engar myndir af Hugleiki sjálfum og hann er síður en svo ósáttur við það. „Það stóð til að taka mynd af mér en það datt upp fyrir. Það er fínt þar sem ég á við útlitsvandamál að glíma og er svo agalega ljótur að þetta er bara plús,“ segir Hugleikur.

Höfundurinn hefur ekki ákveðið hvort hann muni fylgja útgáfunni í Bretlandi eftir með því að mæta til þangað um mánaðamótin en segir það síður en svo útilokað.

Nokkur umræða hefur skapast í kringum Avoid Us á netbókaversluninni Amazon.com og þar segir einn lesandi að húmor Hugleiks sé dökkur og að sögurnar séu kolsvartar og frábærar. Annar segir sögurnar drepfyndnar, frábærar og yfirgengilegar og það besta við þær sé að lesandinn hljóti að spyrja sig hvort hann eigi að hlæja að þessu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í vikunni hrósaði myndasöguhöfundurinn Alan Moore verkum Hugleiks þegar hann hitti starfsfólk myndasöguverslunarinnar Nexus nýlega og sagði Hugleik vera „mjög geðveikan og mjög, mjög fyndinn.“

„Þetta eru bestu fréttir sem ég hef fengið og maður getur ekki beðið um meira en að besti myndasöguhöfundur í heimi segi að efnið manns sé gott.“




**HUGLEIKUR DAGSSON** Ritskoðar ekki sjálfan sig og lætur nánast allt flakka í hárbeittum örsögum sínum.

**THE GUARDIAN** Gerði Hugleiki og myndasögubók hans Avoid Us góð skil um helgina og í viðtali við blaðið segir Hugleikur sögur sínar ekki beinlínis vera ósmekklegar þar sem eitthvert sannleikskorn sé fólgið í þeim öllum.

# Flytur til Evrópu

Leikarinn Nicolas Cage hefur ákveðið að selja húsið sitt í Los Angeles og leitar nú að húsnæði í Evrópu. Cage setti sjö herbergja einbýlishúsið sitt á sölu fyrir stuttu en hann hefur búið þar síðan árið 1998. Stjörnur á borð við Dean Martin og Tom Jones bjuggu í húsinu áður og er því eignin metin til mikils.

Leikarinn er nú á fullu að leita sér að húsum í Englandi og Þýskalandi. Hann flaug ásamt eiginkonu sinni Alice til Somerset á Englandi þar sem þau skoðuðu nokkra kastala. Ekki er vitað um ástæðu þess hvers vegna Cage er að flýja Los Angeles en honum hefur ávallt verið mikið í mun að halda einkalífi sínu fyrir utan fjölmiðla.



**FLYTJA**
Leikarinn Nicolas Cage hefur nú ákveðið að selja húsið sitt í Los Angeles og hyggst flytja með eiginkonu sinni Alice og barni til Evrópu.






# Frí frá Hollywood

Leikstjórinn Martin Scorsese ætlar að taka sér frí frá Hollywood til að búa til ódýrari kvikmyndir.

Nýjasta myndin hans, The Departed, var dýr í framleiðslu og fór jafnframt beint á toppinn yfir vinsælustu myndirnar. Samt sem áður segir Scorsese það vera sífellt erfiðara að búa til myndir í Hollywood. „Þegar maður gerir dýrar myndir er ekki hægt að taka eins mikla áhættu,“ sagði Scorsese á kvikmyndahátíðinni í Róm.

Bætti hann því við að næsta mynd hans yrði ódýrari mynd sem byggð er á japönsku skáldsögunni The Silence. Fjallar hún um tvo portúgalska trúboða á 18. öld. „Mig hefur langað að gera hana í fimmtán ár,“ sagði hann.



**MARTIN SCORSESE** Leikstjórinn virti ætlar að taka sér pásu frá Hollywood til að gera ódýrari myndir. Hér sést hann með leikaranum Leonardo DiCaprio.


10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

## > Pauzuolis áfram í Þýskalandi

Handknattleikskappinn Robertas Pauzuolis verður áfram í Þýskalandi og kemur ekki til Íslands eins og þýskir fjölmiðlar greindu frá á mánudag. Pauzuolis, sem lék með Selfossi, Fram og Haukum á sínum tíma, hefur fengið sig lausan frá félagi sínu, Hildesheim, og töldu þýskir miðlar að hann myndi í kjölfarið fara til Íslands. Forráðamenn Fylkis settu sig í samband við Pauzuolis í gær í þeim tilgangi að bjóða honum samning en Pauzuolis tjáði Fylkismönnum að hann væri kominn með samning við annað þýskt félag sem skrifað yrði undir í dag og því yrði ekkert af því sem stendur að hann komi til Íslands.



**sport**

sport@frettabladid.is

BERGLIND MAGNÚSDÓTTIR: LÖGREGLUKONAN FRÁ GRUNDARFIRÐI VAR ÁNÆGÐ MEÐ ÚRSKURÐ ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLSINS

## *ÍR-stelpurnar eiga þetta einfaldlega skilið*

Markvörðurinn Berglind Magnúsdóttir hefur verið miðpunktur umræðunnar í máli ÍR og Þórs/KA í kvennaboltanum síðustu daga. Í gær dæmdi áfrýjunardómstóllinn ÍR í vil sem þýðir að ÍR spilar í efstu deild á næsta ári. Berglind er 22 ára gömul og kemur frá Grundarfirði en hún starfar í Lögreglunni í Kópavogi á milli þess sem hún ver mark í fótbolta. Berglind var að vonum ánægð með niðurstöðu dómsins.

„Þetta er alveg frábært. Mér datt aldrei í hug að þetta væri svona mikið mál, þetta kom alveg flatt upp á mig. Ég hafði ekki hugmynd um þessa reglu," sagði Berglind þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í gær.

Berglind sagði jafnframt að ÍR-ingar hefðu ekki spurt sig hvort hún væri búin að leika með tveimur liðum fyrr um sumarið. „Ég þekki þessa menn frá því að ég var að æfa með ÍR og var í rauninni bara að gera þeim greiða. Þeir voru búnir að leita úti um allt og ég var eiginlega síðasti kosturinn. Mér fannst það ekkert mál, þekki allar stelpurnar og þær eiga þetta bara einfaldlega skilið, að mínu mati. Þær unnu bara leikinn og það var ekkert flóknara en það."



Berglind hefur verið miðpunktur umræðunnar í þessu máli en finnst Berglindi eins og hún sé blóraböggull í málinu? „Nei, alls ekki. Þetta kemur samt þannig út. Þetta er samt búin að vera svolítið skemmtileg umræða, maður hefur aldrei heyrt nafnið sitt jafn oft í fréttunum. Þetta mál hefur bara verið rætt af beggja hálfu og maður verður að taka tillit til beggja aðila í þessu máli," sagði Berglind sem hefur alveg sloppið við allt áreiti vegna þessa.

Berglind er komin aftur í KR og segir að aldrei hafi staðið til að hún myndi skipta alfarið yfir í ÍR að nýju, en hún lék með ÍR í rúmlega eitt ár á sínum tíma. „Ég fór bara í ÍR tímabundið til að hjálpa þeim en ég er sátt og mjög glöð fyrir hönd ÍR-inga."

# Áfrýjunardómstóll dæmdi ÍR í hag og ávítti KSÍ

**Áfrýjunardómstóll KSÍ kvað upp úrskurð sinn á mánudag um að úrslit í leik ÍR og Þórs/KA fengju að standa og ÍR léki því í Landsbankadeild kvenna á næsta tímabili. Í dómsorðinu voru vinnubrögð KSÍ í máli þessu sögð ámælisverð.**

**FÓTBOLTI** Á mánudag kvað áfrýjunardómstóll KSÍ upp þann úrskurð að ÍR bæri að leika í Landsbankadeild kvenna að ári. Dómstóll KSÍ hafði áður fallist á þá kröfu Þórs/KA að ÍR hefði teflt fram ólöglegum leikmanni í leik liðanna í aukakeppni um laust sæti í deildinni. ÍR vann þær viðureignir samanlagt, 3-2.

Í dómsorðinu er sagt að vinnubrögð Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ og skrifstofu sambandsins séu ámælisverð. Að hvorugur aðili hafi kannað hvort viðkomandi leikmaður, Berglind Magnúsdóttir, fullnægði skilyrðum laga og reglna sambandsins um félagaskipti leikmanna. „ÍR hlaut hins vegar að mega treysta því að útgefið keppnisleyfi Berglindar Magnúsdóttur væri í samræmi við lög og reglur Knattspyrnusambands Íslands," segir í dómsorðinu. Á þeim grundvelli voru úrslit leikjanna látin standa.

„Við erum ósáttir," sagði Unnsteinn Einar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Þórs, í samtali við Fréttablaðið og sagði að félagið myndi skoða þann möguleika að skjóta málinu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Ef hann tekur upp málið kveður sá dómstóll upp lokaúrskurð í málinu. Ef ekki, stendur áðurgreind niðurstaða áfrýjunardómstóls KSÍ. Þór/KA hefur eina viku til að áfrýja málinu.

„Okkur finnst dómurinn ekki taka nógu vel á málinu," bætti Unnsteinn við. „Þar er ábyrgðinni vísað allri yfir á KSÍ og fríar dómsorðið ÍR algjörlega allri ábyrgð. Þeir sem skrifa undir yfirlýsingu um félagaskipti ábyrgjast að framfylgja lögum og reglum KSÍ. Í þessu tilfelli voru það fulltrúar KR og ÍR. Það er einfaldlega skautað fram hjá þeirri staðreynd. Því er einnig sleppt að fjalla ítarlega um keppnisleyfið og hvað það þýðir. Það finnst okkur vera galli á dómnum. Þeir láta ekki rétta aðila taka ábyrgð í þessu máli."



**Á LEIÐINNI Í 1. DEILDINA** Þór/KA leikur í 1. deild kvenna á næsta ári ef dómur áfrýjunardómstóls KSÍ stendur. Hér leikur liðið gegn Stjörnunni í Landsbankadeild kvenna í sumar.

Unnsteinn segir að Þór/KA líði fyrir mistök sem KSÍ og ÍR gerðu. „Við tefldum fram löglegu liði gegn ólöglegu og töpuðum á því." Enn fremur segir hann að ÍR hafi alla tíð vitað að Berglind hefði leikið með tveimur félögum á tímabilinu. Samkvæmt reglum KSÍ má leikmaður ekki leika með fleiri félögum á einu almanaksári.

Þessu neitar Már Árnason, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá ÍR. „Það er algjörlega rangt. Undanþágubeiðnin var framkvæmd undir mikilli tímapressu og við töldum okkur vera að gera rétt," sagði Már. „Við tefldum ekki fram ólöglegu liði og unnum þessa baráttu inni á vellinum. Við höfðum ekki hugmynd um þennan leik sem Berglind lék með Fjölni."

Már segist þó skilja afstöðu Þórs/KA og á alveg eins von á því að norðanmenn áfrýi dómnum til ÍSÍ. Ef úrskurðurinn hefði verið Þór/KA í hag, hefði ÍR áfrýjað málinu til ÍSÍ. „Já, að sjálfsögðu. Ég var búinn að lýsa því yfir áður."

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur áður viðurkennt mistök KSÍ í málinu og afturkallað keppnisleyfi Berglindar með ÍR. Hann sagði að í kjölfarið á þessu máli yrði kerfi KSÍ bætt verulega til að fyrirbyggja að slík mistök verði endurtekin.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**VEIGAR PÁLL** Einn markahæstu leikmanna norsku úrvalsdeildarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Leikmenn ársins í Noregi:

## Veigar og Kristján tilnefndir

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk, og Kristján Örn Sigurðsson hjá Brann hafa báðir verið tilnefndir sem leikmenn ársins í sínum stöðum. Veigar er einn þriggja sem er tilnefndur sem besti sóknarmaður ársins og Kristján sem besti varnarmaðurinn.

Árni Gautur Arason hefur áður hlotið þessi sömu verðlaun í flokki markvarða en er ekki tilnefndur í ár. Verðlaunin verða afhent þann 11. nóvember. - esá



**HÚNINN FER HVERGI** Eysteinn Húni ætlar að framlengja við Grindavík.

Leikmannamál Grindavíkur:

## Eysteinn og Orri áfram

**FÓTBOLTI Eysteinn Húni Hauksson og Orri Freyr Óskarsson munu í vikunni væntanlega skrifa undir nýja samninga við knattspyrnudeild Grindavíkur. „Það er verið að ganga frá samningunum og verður væntanlega skrifað undir þá í vikunni. Eftir það getum við einbeitt okkur að því verkefni sem er framundan," sagði Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.**

**Um helgina framlengdu þrír leikmenn liðsins samninga sína, þeir Ray Anthony Jónsson, Guðmundur Andri Bjarnason og Andri Steinn Birgisson.** - esá



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** Fær nýjan þjálfara á næstu dögum.

Jón Arnór Stefánsson:

## Þjálfari Jóns Arnórs rekinn

**KÖRFUBOLTI Ricard Casas hefur verið rekinn sem þjálfari Pamesa Valencia, en með því félagi leikur Jón Arnór Stefánsson. Liðið hefur farið ákaflega illa af stað á tímabilinu og hefur einungis unnið einn af fyrstu fimm leikjunum.**

**Chechu Muleru, aðstoðarþjálfari liðsins, mun taka tímabundið við þjálfun liðsins en samkvæmt erlendum miðlum er Grikkinn Fotis Katsikaris í sigtinu hjá stjórn Pamesa Valencia sem næsti þjálfari liðsins en hann var nýverið rekinn frá Dynamo St. Petersbourg.**

**Jón Arnór hefur ekki náð sér á strik á tímabilinu en hann hefur átt við meiðsli að stríða.** - dsd



**SJALDSÉÐUR ATBURÐUR** Það er ekki á hverjum degi sem leikmaður er bitinn í leik en Defoe sleppur þó við refsingu.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Javier Mascherano:

## Ekki íþrótt fyrir menn sem bíta

**FÓTBOLTI** Sá undarlegi atburður átti sér stað í leik Tottenham og West Ham á dögunum að Jermain Defoe, sóknarmaður Tottenham, beit Javier Mascherano, leikmann West Ham, í handlegginn eftir að sá síðarnefndi hafði tæklað Defoe. Enska knattspyrnusambandið hefur nú tilkynnt að ekki sé hægt að dæma Defoe í bann vegna þess að dómarinn gaf leikmanninum gult spjald fyrir athæfið í leiknum.

Mascherano er vitaskuld hissa á viðbrögðum Defoe. „Ég hef aldrei orðið vitni að öðru eins. Þegar ég kom til Englands þá var ég oft spurður út í hörkuna í argentínska fótboltanum en ég var aldrei bitinn þar og ég bjóst aldrei við því að vera bitinn hér heldur. Við tókumst á af hörku í leiknum en fótbolti er íþrótt fyrir karlmenn, en ekki menn sem bíta," sagði Mascherano. - dsd

Óskar Örn Hauksson ekki eini Grindvíkingurinn á leið í KR:

# Jóhann skrifar undir í vikunni

**FÓTBOLTI** Jóhann Þórhallsson, leikmaður Grindavíkur, mun að öllum líkindum skrifa undir samning við KR í vikunni. Þetta staðfesti Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, í samtali við Fréttablaðið. Sjálfur segir Jóhann að samkomulag sé nánast í höfn. „Þetta er ekki enn frágengið enda er ég ekki búinn að skrifa undir neitt ennþá. En það fer að styttast í samkomulagið," sagði Jóhann sem sagðist vera mjög spenntur fyrir KR.

Jónas sagði að viðræður við KR væru í gangi og verið væri að ganga frá lokahnútum samkomulagsins. „Ég á von á því að þetta mál verði klárað í vikunni."



**JÓHANN ÞÓRHALLSON** Á góðri leið með að ganga í KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í síðustu viku samdi Óskar Örn Hauksson við KR um að leika með félaginu næstu þrjú árin. Undanfarin þrjú ár hefur hann leikið með Grindavík en þar áður með Njarðvík. Jóhann hins vegar kom til Grindavíkur síðastliðinn vetur frá KA. Þá hafði hann leikið í fimm ár með bæði Þór og KA en árin 1999 og 2000 lék Jóhann með KR og varð tvöfaldur Íslandsmeistari og bikarmeistari með liðinu. Nú hyggst hann endurtaka leikinn og vill væntanlega spila stærra hlutverk í KR nú en hann gerði þá.

Tveir framherjar eru fyrir í KR, þeir Björgólfur Takefusa og Grétar Ólafur Hjartarson. Þá samdi KR einnig við Atla Jóhannsson frá ÍBV á sama tíma og liðið samdi við Óskar Örn. - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express deild karla:*

| | |
|---|---|
| TINDASTÓLL-ÞÓR Þ. | 90-87 (E. FRAMLENG.) |

### *SS-bikarkeppni kvenna*

| | |
|---|---|
| GRÓTTA-FRAM | 28-15 (17-5) |

**Mörk Gróttu**: Anna Úrsula Guðmundsdóttir 5, Kristín Þórðardóttir 4, Arndís Erlingsdóttir 4, Sandra Paegle 4, Natasa Damiljanovic 3, Hera Bragadóttir 2, Tinna Jökulsdóttir 2, Eva M. Kristinsdóttir 2, Þórunn Friðriksdóttir 2.
**Mörk Fram**: Annett Köbli 5, Stella Sigurðardóttir 3, Guðrún Halldórsdóttir 2, Marthe Sördal 2, Anna Einarsdóttir 1, Þórey Stefánsdóttir, Hildur Knútsdóttir 1.

### *Enski deildabikarinn*

| | |
|---|---|
| WBA-ARSENAL | 0-2 |
| Jeremie Aliadiere 2 (1 úr víti). | |
| LEICESTER-ASTON VILLA | 2-3 (E. FRL) |
| Stearman, Kisnorbo - Angel, Barry (víti), Agbonlahor. | |
| NOTTS COUNTY-SOUTHAMPTON | 2-0 |
| CHESTERFIELD-WEST HAM | 2-1 |
| SHEFF. UNITED-BIRMINGHAM | 2-4 |
| PORT VALE-NORWICH | 0-0 (PV VANN Í VÍTAK.) |
| LEEDS-SOUTHEND | 1-3 |
| WATFORD-HULL CITY | 2-1 |
| WYCOMBE-DONCASTER ROVERS | 2-2 |
| Wycombe vann í vítakeppni. | |
| EVERTON-LUTON | 4-0 |
| Cahill, McFadden, Anichbe, sjálfsmark. | |

### *Þýska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| DORTMUND-HANNOVER 96 | 0-1 |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék ekki með Hannover í leiknum. | |

### *Spænska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| ALAVES-CELTA VIGO | 0-0 |
| ATLETICO MADRID-LEVANTE | 0-1 |

### *Heimsbikarinn í handbolta*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| SPÁNN-TÚNIS | 35-30 |

**Mörk Spánar**: Romero 9/3, Garcia 5, Rodrigues 5, J. Garcia 4, Garabaya 3, Davis 2, Garralda 2, Rocas 2/1, R. Entrerrios 2, A Entrerrios 1.
**Mörk Túnis**: Tej 8, Hammed 4, Aziza 4, Bousnina 3, Ayed 3/1, Hmam 2, Ahmed 1, Gharbi 1.

| | |
|---|---|
| SVÍÞJÓÐ-GRIKKLAND | 30-24 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| KRÓATÍA-DANMÖRK | 33-34 |

**Michael Knudsen** var markahæstur hjá Dönum með 6 mörk en **Mirza Dzomba** var með 7/3 fyrir Króatíu.

| | |
|---|---|
| SERBÍA-ÞÝSKALAND | 32-40 |

**Mörk Serbíu:** Bojinovic 8, Rajkovic 5, Stojanovic 4, Toskic 3, Vuckovic 2, Ilic 2, Kojic 1, Stojanovic 1, Manojlovic 1.
**Mörk Þýskalands:** Preiss 6, Klimowets 5, Jansen 4, Glandorf 4, Baur 4, Klein 4, Hermann 3, Kehrmann 3, Sprenger 2, Hegemann 2, Haass 1, Hens 1, Roggisch 1.



**PAUL INCE** Er nýr framkvæmdastjóri neðsta liðsins á Englandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Paul Ince:

## Býður Gascoigne vinnu

**FÓTBOLTI** Paul Ince hefur nú tekið við stöðu spilandi framkvæmdastjóra hjá Macclesfield, en félagið situr í neðsta sæti í neðstu deildinni á Englandi. Ince gerði garðinn frægan sem leikmaður með West Ham, Manchester United, Inter Milan og Liverpool áður en hann hélt til Wolves og nú Macclesfield.

Ince, sem er 39 ára gamall, hefur nú beðið fyrrum samherja sinn í enska landsliðinu Paul Gascoigne um aðstoð við að ná Macclesfield af botni enskrar knattspyrnu, en Macclesfield er sjö stigum á eftir næsta liði.

„Gascoigne er alltaf velkominn til starfa. Ef hann hefur einhverjar hugmyndir sem hann vill deila með mér, þá eru þær velkomnar. Hann hefur þjálfað áður og ég hef áhuga á að heyra hans hugmyndir,“ sagði Ince en Gascoigne hefur ekki riðið feitum hesti á sínum þjálfaraferli. - dsd

Framtíð Viktors Bjarka Arnarssonar að skýrast:

# Líklega til Lilleström

**FÓTBOLTI** Besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar að mati leikmanna, Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson, verður líklega seldur til norska félagsins Lilleström í dag. Víkingur hefur verið í viðræðum við norska félagið undanfarna daga og bar ekki mikið í milli liðanna í gærkvöldi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Lilleström bauð upphaflega 10 milljónir króna í Viktor samkvæmt heimildum Fréttablaðsins en Víkingur hafnaði því tilboði og gerði Lilleström gagntilboð. Því tilboði var svarað með öðru gagntilboði og boltinn gekk þannig á milli félaganna allan gærdaginn.

„Hlutirnir hafa verið að gerast hratt,“ sagði Róbert Agnarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings, við Fréttablaðið í gærkvöld en hann varðist allra frétta. „Við erum að henda boltanum á milli og þannig er bara staðan.“

Eins og áður segir ber ekki mikið í milli liðanna og líklegra en ekki að félögin nái saman í dag komi ekki eitthvað mikið upp á.

Lilleström fylgdist grannt með Viktori í sumar og félagið veit því vel hvað það fær fyrir peninginn sem verður að teljast ágætur fyrir leikmann sem á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við Víking. - hbg




**VIKTOR BJARKI** Vakti hrifningu forráðamanna Lilleström á dögunum og þeir reyna stíft að kaupa hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hafþór Ægir á leið í Val þrátt fyrir áhuga FH

**Hafþór Ægir Vilhjálmsson hafnaði tilboði Norrköping í gær og fátt virðist geta komið í veg fyrir að hann gangi í raðir Vals þótt Íslandsmeistarar FH séu komnir inn í myndina. Hafþór reyndi að semja við ÍA upp á nýtt án árangurs.**

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Hafþór Ægir Vilhjálmsson hafnaði tilboði sænska félagsins Norrköping í gær en félagið bauð honum þriggja ára samning. Hafþór var ákveðinn í því að semja við Val færi svo að dæmið með Norrköping gengi ekki upp og heimildir Fréttablaðsins herma að það hafi ekkert breyst. Íslandsmeistarar FH eru samkvæmt sömu heimildum einnig stokknir í slaginn, eru mjög áhugasamir og hafa gert Hafþóri freistandi tilboð en hann ku samt vera spenntari fyrir Val.

„Mér liggur ekkert á að komast út og það er allt eins gott að spila aðeins lengur hérna heima og bæta á reynslubankann. Það er nóg af skemmtilegum möguleikum og ég útiloka ekki neitt. Það er klárt að ég fer ekki út heldur spila hér heima í að minnsta kosti eitt ár í viðbót,“ sagði hinn tvítugi Hafþór Ægir í gær en hann getur ekki klárað sín mál fyrr en í lok mánaðarins þegar samningur hans við ÍA rennur út.

Hafþór Ægir sagði á sínum tíma að hann vildi losna frá ÍA og hann fékk klásúlu í samning sinn rétt fyrir lok móts um að hann væri frjáls ferða sinna frá og með 31. október færi svo að Guðjón Þórðarson tæki við liðinu. Skagamenn kærðu þennan viðauka í samningnum en höfðu ekki erindi sem erfiði og viðaukinn stóð samkvæmt úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.

Þrátt fyrir þá staðreynd hafði Hafþór áhuga á að semja aftur við ÍA og samkvæmt heimildum




**ENGIN ATVINNUMENNSKA Í BILI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson er búinn að hafna Norrköping og mun að öllum líkindum semja við Valsmenn um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðsins sigldu þær samningaviðræður ekki endanlega í strand fyrr en um síðustu helgi. Þrátt fyrir ágætan vilja beggja aðila strönduðu viðræðurnar á launaliðnum en ÍA er ekki að borga sömu upphæðir og Valur og FH.

„Mér finnst leiðinlegt að það hafi ekkert gengið með ÍA. Við reyndum að tala við þá tvívegis án árangurs. Ég hefði alveg viljað að þær viðræður hefðu gengið en svona er þetta,“ sagði Hafþór Ægir.

henry@frettabladid.is

David Beckham missti af æfingu um daginn en hann hefur lítið fengið að spila:

# Saknar greinilega Man. United

**FÓTBOLTI** David Beckham hefur ekki átt sjö dagana sæla hjá Real Madrid á þessari leiktíð og hann hefur nú látið hafa það eftir sér að hann sakni Manchester United. Samningur Beckhams við Real Madrid rennur út næsta sumar og talið er víst að leikmaðurinn muni hafna nýjum samningi ef hann nær ekki að vinna sér sæti í liðinu hjá Fabio Capello, þjálfara Real Madrid.

Félög á Englandi, Ítalíu og Bandaríkjunum bíða í startholunum eftir að sjá hver ákvörðun leikmannsins verður en Beckham hefur sagt að eina félagið sem hann myndi nokkurn tímann spila fyrir á Englandi sé Manchester United. Frægt er atvikið þegar Ferguson sparkaði skó í höfuðið á Beckham en leikmaðurinn hefur nú rétt fram sáttahönd til fyrrverandi framkvæmdastjóra síns.

„Þetta var slys. Ég er búinn að




**DAVID BECKHAM** Hver veit nema við munum sjá hann í búningi Manchester United á nýjan leik? NORDIC PHOTOS/GETTY

þekkja Ferguson frá því að ég var tólf ára gamall og okkur hefur lent saman einu sinni eða tvisvar á þeim tíma,“ sagði Beckham og hann hefur einnig lýst yfir vonbrigðum sínum með hve lítil samskipti leikmenn Real Madrid hafa sín á milli utan vallar.

„Ég á vini hérna eins og Roberto Carlos, Ronaldo og Michel Salgado en við hittumst sjaldan utan æfingasvæðisins. Ég var hjá Manchester United í fimmtán ár og á hverjum degi og í hverjum leik stóðum við saman, í gegnum súrt og sætt. Á hálfs mánaðar fresti fórum við saman út að borða, allir leikmennirnir, og stundum komu Ferguson og hinir þjálfararnir með okkur. Á þeim þremur árum sem ég hef verið hér hjá Real Madrid þá höfum við fjórum sinnum farið út að borða saman,“ sagði Beckham en hann missti af æfingu liðsins á mánudaginn og ekki hefur enn verið gefin upp ástæða þess. - dsd




**MARK** Kristín Þórðardóttir skorar hér eitt af fjórum mörkum sínum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SS-bikarkeppni kvenna:

## Auðvelt hjá Gróttustúlkum

**HANDBOLTI** Einn leikur fór fram í sextán liða úrslitum SS-bikars kvenna í gær þegar Fram heimsótti Gróttu á Seltjarnarnes. Það er skemmst frá því að segja að þetta var leikur kattarins að músinni sem endaði með þrettán marka sigri Gróttu, 28-15.

Það vantaði nokkra sterka leikmenn í lið Fram og það sást strax í upphafi að Fram saknaði þessara lykilmanna, því Grótta stakk af mjög fljótlega og leit aldrei til baka. Fyrri hálfleikur var algjörlega eign heimamanna sem voru tólf mörkum yfir í leikhléi, 17-5.

Í stað þess að niðurlægja gestina algjörlega sló Grótta af í síðari hálfleik en þrettán marka sigur engu að síður staðreynd. - hbg

Emerson:

## Höfum ekki unnið neitt

**FÓTBOLTI Emerson, leikmaður Real Madrid, hefur beðið leikmenn og aðdáendur Real Madrid að halda ró sinni. Liðið hafi ekki unnið neinn titil þótt það hafi sigrað Barcelona um síðustu helgi.**

**„Við unnum bara einn leik, ekki spænsku deildina eða Meistaradeildina. Það var að sjálfsögðu gott að vinna þennan leik, en við höfum ekki unnið neitt ennþá og verðum að leggja harðar að okkur. Við lékum einfaldlega vel gegn góðu liði,“ sagði Emerson.** - dsd

Markvarðarmál Chelsea:

## Stephane Porato á reynslu

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, framkvæmdastjóri Chelsea, vill ólmur fá nýjan markmann til félagsins til að hafa til staðar á meðan Petr Cech jafnar sig á meiðslum sem hann hlaut á dögunum. Félagið hefur nú fengið Stephane Porato, fyrrum markmann Marseille, til reynslu en hann er samningslaus og því ljóst að Chelsea þyrfti ekki að borga neitt fyrir leikmanninn.

Búist er við því að Hilario standi á milli stanganna í kvöld þegar Chelsea heimsækir Blackburn í enska deildarbikarnum en Carlo Cudicini er óðum að jafna sig og Mourinho býst við því að hann verði með á móti Sheffield United um næstu helgi. - dsd

## > Jamie Kennedy

Kauði fæddist þann 25. maí 1970 og sló fyrst í gegn í fyrstu Scream-hrollvekjunni sem Wes Craven leikstýrði árið 1996. Jamie er líka þekktur sem grínisti og uppistandari og hefur komið til Íslands að skemmta landanum með bröndurum sínum. Sjónvarpsáhorfendur geta fylgst með honum í kvöld í þættinum Blowin' Up þar sem hann er að reyna að vera rappari.



# dagskrá

### FREYR BJARNASON VARÐ SPENNTUR YFIR SKRÍTNUM ÞÆTTI

## *Með vatnsbyssurnar að vopni*

Sjónvarpsþáttur um ungt fólk sem keppist við að sprauta vatni hvert á annað með vatnsbyssum ætti ekki að vera líklegur til árangurs.

Sú er engu að síður raunin með þáttinn Gegndrepa sem er nýbyrjaður á Skjá einum. Spennan var til staðar og grínið líka þó svo að umfjöllunarefnið hafi verið undarlegt. Stundum jaðraði við það að kjánahrollur færi um mann en þetta slapp allt saman fyrir horn, aðallega vegna vandaðra vinnubragða.

Það besta við þáttinn var að hann tók sjálfan sig ekki of alvarlega, enda kannski ekki annað hægt. Vitaskuld var keppendunum þó full alvara því sigurvegarinn fær hálfa milljón króna í verðlaun.

Gegndrepa sannar það að ef rétt er unnið úr hlutunum geta skrítnar hugmyndir eins og sú að berjast með vatnsbyssum alveg gengið upp.

Annars konar leikur og ekki minna spennandi var sýndur á Sýn á sunnudagskvöld þegar Real Madrid tók á móti Barcelona. Unun var að fylgjast með tilþrifum kappa á borð við Robinho og Messi og tel ég það algjör forréttindi að fá að sjá svona snillinga í beinni útsendingu. Því miður náði Ronaldinho sér ekki á strik, ekki frekar en í undanförnum leikjum, en þá taka bara aðrir við kyndlinum.



**GEGNDREPA** Þátturinn Gegndrepa kemur sterkur inn á Skjá einum.



**MESSI** Argentínumaðurinn Messi fór á kostum gegn Real Madrid.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** Crewe - Man. Utd SÝN



▶ **18.20** Inter Milan - Livorno SKJÁRSPORT



▶ **22.00** Ghost Whisperer SIRKUS



▶ **22.50** Strong Medicine STÖÐ 2



▶ **22.35** Mótorsport SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Líló og Stitch (34:39)**
**18.23 Sígildar teiknimyndir (6:42)**
**18.30 Herkúles (6:28)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin (10:22)**
**20.55 Fréttahaukar (2:6)**
**21.25 Litla-Bretland (2:6)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
▶**22.35 Mótorsport**
**23.05 Veronica Villaroel**
**0.05 Kastljós**
**0.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 The Powerpuff Girls**
**8.00 A Shot at Glory**
**10.00 The Legend of Johnny Lingo**
**12.00 Little Black Book**
**14.00 The Powerpuff Girls**
**16.00 A Shot at Glory**
**18.00 The Legend of Johnny Lingo**
**20.00 Little Black Book** (Svarta bókin) Rómantísk gamanmynd með Brittany Murphy í hlutverki ungrar forvitinnar konu sem skilur ekki afhverju kærasti hennar vill aldrei tala um sínar fyrrverandi.
**22.00 Shaolin Soccer** (Bardagabolti) Stórskemmtileg kvikmynd um liðsmenn fótboltaliðs sem beita afar óvenjulegum aðferðum á vellinum. Þeir hafa hlotið þjálfun í bardagaíþróttum en sú iðkun á ekkert skylt við knattspyrnu, eða hvað? Aðalhlutverk: Stephen Chow, Vicky Zhao, Man Tat Ng. Leikstjóri: Lik-Chi Lee, Stephen Chow. 2001. Bönnuð börnum.
**0.00 The Good Girl**
**2.00 Dragonfly** (Drekafluga) Læknirinn Joe Darrow er í sárum en hann syrgir mjög eiginkonu sína, Emily, sem lést þegar hún var að hjálpa bágstöddum börnum í vanþróuðu ríki. En mitt í sorginni telur Joe sig fá upplýsingar að handan, upplýsingar sem eru komnar beint frá eiginkonunni. Bönnuð börnum.
**4.00 Shaolin Soccer** (Bönnuð börnum)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Oprah (112:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine (7:22) 12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours 13.05 Í fínu formi 2005 13.20 Amazing Race 14.05 Las Vegas (21:24) 14.50 Mr. Bean 15.15 How I Met Your Mother (11:22) 15.35 Oliver Beene (3:14) (e) 16.00 Sabrina - Unglingsnornin 16.25 Shoebox Zoo 16.50 Cubix 17.15 Könnuðurinn Dóra 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons 15 (2:22)** (Simpsons fjölskyldan) Nýjasta syrpan um hina óborganlegu Simpson-fjölskyldu sem er enn við sama heygarðshornið.
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.35 Veggfóður (7:7)**
**21.20 Oprah (114:145)** Í þættinum fjallar Oprah um framhjáhald og þá einkum og sér í lagi það viðkvæma mál þegar eiginmenn halda framhjá konum sínum með bestu vinkonum þeirra.
**22.05 The Inside (8:13)** (Nýliðinn) Brennuvargur gengur laus og Rebecca er fenginn til að rannsaka málið. Þá kemst hún að því að málið er henni tengt og varðar fortíð hennar og þegar henni var sjálfri rænt. Str. b. börnum.
▶**22.50 Strong Medicine (8:22)** (Samkvæmt læknisráði) Dylan fellur fyrir Sonyu Novak, konu sem vinnur við rannsóknir á því hvernig sjúkdómar berast úr dýrum í fólk. Harmurinn verður því mikill þegar hún smitast sjálf af hættilegri flensu.
**23.35 Big Love (8:12)** (Margföld ást) Ágreiningurinn milli Bill og Roman leiðir til þess að þeir höfða mál gegn hvor öðrum. Og Sarah fær loksins að heyra skrautlega sögu fjölskyldu sinnar. Aðalhlutverk: Bill Paxton, Jeanne Tripplehorn, Chloe Sevigny. 2006. Bönnuð börnum.
**0.25 Crossing Jordan (5:21)** (Réttarlæknirinn) Jordan þarf að fara huldu höfði til að rannsaka morð á mæðginum. Bönnuð börnum.
**1.10 The Pilot´s Wife** (B. börnum)
**2.35 Swimfan** (Bönnuð börnum)
**3.55 The Ring** (Str. b. börnum)
**5.30 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Dr. Phil (e)**
**8.45 Dýravinir (e)**
**15.25 Innlit / útlit (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Dr. Phil**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Melrose Place**
**19.45 The King of Queens (e)**
**20.10 Love, Inc** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið.
**20.35 Out of Practice**
**21.00 America's Next Top Model VI** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar fá kennslu í viðtalstækni og þurfa síðan að svara erfiðum spurningum blaðamanns. Fyrirsæturnar fara á flakk og taka þátt í óvenjulegri myndatöku á framandi slóðum.
**22.00 How to Look Good Naked** Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Engar geðveikar æfingar, megrunarkúrar eða fitusog… bara einfaldar lausnir og góð ráð. Það þarf ekki lýtaaðgerð til að líta vel út nakinn. Þetta er þáttur fyrir alvörukonur.
**22.30 The L Word** Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Bette gefur Tinu leyfi til að kanna tilfinningar sínar til karlmanna. Jenny fer með handrit bókar sinnar til útgefanda og Miora fær freistandi tilboð frá Billie.
**23.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**0.15 Conviction (e)** Bandarísk sakamálasería.
**1.00 Da Vinci's Inquest (e)** Vönduð sakamálaþáttaröð.
**1.50 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.35 Melrose Place (e)**
**3.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 South Park**
**21.00 Blowin/ Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
**21.30 Sirkus Rvk** Sirkus Rvk fer með þig út á lífið og tekur púlsinn á heitustu skemmtunum bæjarins.
▶**22.00 Ghost Whisperer** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
**22.50 Rescue Me (e)** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62.
**23.35 Weeds (e)** Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar. Til þess að bjarga sér úr vandræðum tekur Nancy upp á því að fara að selja maríjúana í úthverfum Los Angeles borgar.
**0.05 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.
**0.30 Seinfeld (e)**
**0.55 Entertainment Tonight (e)**
**1.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni. Leiksskipulag, leikkerfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hliðum og með nýjustu tækni.
**14.00 Charlton - Watford Frá 21.10**
**16.00 AC Milan - Palermo (e) Frá 21.10**
▶**18.20 Inter Milan - Livorno (b)**
**20.30 Ítölsku mörkin**
**21.30 Man. Utd. - Liverpool (e) Frá 22.10**
**23.30 Middlesbrough - Newcastle Frá 22.10**
**1.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Eldsnöggt með Jóa Fel**



Bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur í nýrri þáttaröð þar sem hann heldur uppteknum hætti; matreiðir einfalda og gómsæta rétti fyrir vel valda vini sína og kunningja, þjóðþekkta einstaklinga og þá sem þakklátastir eru. Í þessum fyrsta þætti er gestur Jóa sérlegur aðdáandi hans, Guðrún Sara, ung stúlka sem lenti í alvarlegu bílslysi og er nú í strangri endurhæfingu. Jói skoraði á hana og ákvað að bjóða henni í mat ef hún næði markmiði sínu í æfingunum, sem og hún gerði. Í forrétt ætlar Jói að bjóða Guðrúnu Söru, móður hennar og einkaþjálfara upp á silungasalat á grilluðu brauði með hunangssinnepssósu. Í aðalrétt verður indverskur karríréttur með naan-ostabrauði og í eftirrétt blaut súkkulaðikaka.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ LITLA BRETLANDI Á RÚV KL. 21.25

Grínistarnir Matt Lucas og David Walliams eru mættir á Rúv með þriðju seríuna af Litla Bretlandi. Hafa margir haft orð á að þetta sé þeirra grófasta og fyndnasta sería hingað til. Þættirnir eru byggðir á „sketchum" og persónum sem að þeir Matt og David hafa fundið upp á. Sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við persónur úr þáttunum eins og eina hommann í þorpinu, fordómafullu þyngdarbana-kerlinguna og fleiri kostulegar persónur. Þættirnir eru sex talsins og ættu að hressa alla fýlupúka við í svartasta skammdeginu.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fréttir **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Stelpulitir **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Glæta **23.10** Fallegast á fóninn **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16.50 Enski deildarbikarinn (Chesterfield - West Ham)** Útsending frá leik Chesterfield og West Ham í enska deildarbikarnum.

▶**18.30 Enski deildarbikarinn** (Crewe - Man. Utd) Útsending frá leik Crewe og Manchester United í ensku deildarbikarkeppninni í knattspyrnu. Þessi leikur verður verðugt verkefni fyrir Crewe en að sama skapi hefur Sir Alex Ferguson oft leyft framtíðarmönnum United að spreyta sig í þessari keppni.

**20.40 Ice fitness 2005** Útsending frá Ice Fitness keppninni sem fram fór í nóvember 2005.

**23.00 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**23.30 Enski deildarbikarinn (Crewe - Man. Utd)** Útsending frá leik Crewe og Manchester United í ensku deildarbikarkeppninni.

### DR 1

**12.20** Genbrugsguld **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Svada **14.30** Pigebandet Frank **15.00** Snurre Snup - I Skovens dybe stille ro **15.05** Juniper Lee **15.30** Junior **16.00** Charlie & Lola **16.15** Tagkammerater **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Lægens bord **18.00** DR1 Dokumentaren - Børn i ingenmandsland **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** City of God **22.05** Onsdags Lotto **22.10** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor

### NRK 1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Iantar regien **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Johnny og Johanna **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Grenseløs kjærlighet **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.15** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Berulfsens fargerike: Bli lys! **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.10** Lydverket **21.45** Den tredje vakten **22.25** Helles siste dager

### SVT 1

**12.10** Bill McKay - utmanaren **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Meg och Mog **16.15** Barndokumentären **16.25** Jasper Pingvin **16.30** Evas funkarprogram **16.45** Seaside hotell **17.00** Rebellen **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Entourage **19.30** 21 gram **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Hem till byn **22.50** Sändning från SVT24


DREKAFRÆÐI






Í þessari mögnuðu bók, er fjallað um allt sem viðkemur drekum. Glæsilegt alfræðirit um þessar voldugu skepnur sem eru bæði dularfullar og stórbrotnar.

ÓTAL UPPFINNINGAR SNILLINGANNA




Fólkið á bak við merkustu hugmyndirnar, fræg mistök og hvað framtíðin ber í skauti sér.




BJARTUR

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Theódór Júlíusson fyrir að lifa sig inn í hlutverk Elliða í Mýrinni með því að láta loka sig inni í fangaklefa á milli taka.*

# Dúett Einars Kárasonar og Árna Johnsen

„Ég held að söngstílar okkar passi býsna vel saman,“ segir Einar Kárason rithöfundur, sem tekur lagið með Árna Johnsen á væntanlegri plötu.

Tilurð þessa sérstaka dúetts má rekja til mikillar Oddfellow-hátíðar í Vestmannaeyjum um árið, þar sem Einar var ræðumaður og Árni veislustjóri. „Árni var auðvitað með gítarinn og tók lagið. Svo sagði ég sögu af því þegar ég söng einu sinni með Jónasi Árnasyni vegna þess að ég kunni textann betur en sá gamli. Í framhaldinu kom í ljós að hitt lagið sem ég kann textann við er Göllavísur, sem Árni söng um árið, og á endanum sungum við það saman.“

Síðar hittust Einar og Árni aftur í sviðaveislu í Eyjum og til að kvitta upp á vinskapinn tóku þeir lagið aftur. Þótti þeim takast svo vel upp að ákveðið var að hljóðrita samsönginn og kemur hann út á plötu Árna, Það er gaman að vera til, í næstu viku. Göllavísur, sem er ein sautján erindi, kom fyrst út í útgáfu Árna árið 1971 og var mest spilaða lagið í útvarpinu það árið.

Einar kveðst ánægður með hvernig til tókst. „Það var gaman að þessu. Reyndar er til mikið af illgjörnu fólki, til dæmis meðal ættingja minna og vina, sem er með kenningar um að ég sé eini maðurinn á Íslandi sem syngi verr en Árni og þess vegna vilji hann hafa mig með. En það eru nú ýkjur.“ - bs



**ÁRNI JOHNSEN** Gefur út plötuna Það er gaman að vera til í næstu viku.



**EINAR KÁRASON** Kunni öll sautján erindi Göllavísna.



**LÁRÉTT**
**2** líkamshluti **6** halló **8** mál **9** þrá **11** dreifa **12** fyrirtæki **14** náskyldur **16** skóli **17** klettasprunga **18** for **20** til **21** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1** ofneysla **3** borðaði **4** ítalskur ofnréttur **5** rá **7** uppnám **10** knæpa **13** pfn. **15** gefa upp sakir **16** starfsgrein **19** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** háls, **6** hæ, **8** tal, **9** ósk, **11** sá, **12** firma, **14** náinn, **16** fg, **17** gjá, **18** aur, **20** að, **21** grár.
**LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** át, **4** lasanja, **5** slá, **7** æsingur, **10** krá, **13** mig, **15** náða, **16** fag, **19** rá.






**EGILL ÓLAFSSON:** KOMINN HEIM ÚR ÆVINTÝRAFERÐ UM SUÐUR-AMERÍKU

# Önnum kafinn og orðinn afi

Það er skammt stórra högga á milli hjá Agli Ólafssyni því hann var varla fyrr lentur á Keflavíkurflugvelli eftir dvöl á suðrænum slóðum en að sonur hans og Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra Ólafur Egill og unnusta hans Ester Talía eignuðust sitt fyrsta barn. „Já, þau fengu stúlku, hún er dökkhærð, vel hærð eins og henni ber kyn til,“ sagði söngvarinn og hló, augljóslega ákaflega stoltur, enda afi í fyrsta sinn.

Egill er nýkominn heim úr þriggja vikna ævintýraferð um Suður-Ameríku en söngvarinn góðkunni var fararstjóri á vegum ferðaskrifstofunnar Prima. „Þetta er bara áhugamál hjá mér og ég hef farið í eina og eina ferð,“ útskýrir Egill sem segist hafa fengið smá kvef við heimkomuna enda mun svalara hér nyrðra en í sólinni fyrir sunnan. „Auðvitað er alltaf gaman að sjá heiminn og þetta starf gerir það að verkum að maður þarf ekki að leggja jafn mikið af mörkunum fjárhagslega,“ bætir söngvarinn við.

Egill fór víð með hópinn; til Perú, Chile, Páska-eyja, Bora Bora en ferðinni lauk á Tahíti. Söngvarinn segist nú ekki vera altalandi á spænsku en taldi sig geta bjargað sér, hann hefði líka notið dyggrar aðstoðar frá þaulkunnugum fararstjórum í hverju landi. „Við skoðuðum þarna borg Inkanna í Perú en samfélagið þar er langt á eftir okkur þótt þeir séu vissulega að reyna að fóta sig í núinu,“ segir Egill sem var augljóslega uppnuminn yfir því sem hann sá. „Og svo eru þessi pólinesísku samfélög algjör paradís, þar stingur fólk sér bara til sunds eftir fiski milli þess sem það tínir upp kókoshnetur sem falla niður úr trjánum,“ bætir Egill við. „Chile er hins vegar komið ögn lengra og nær okkur hvað landi. Allt landið verið í miklum tengslum við Evrópu og vestræna menningu.“

Egill gaf nýverið út sólóplötuna Miskunn dalfiskanna eftir langt hlé sem einyrki og ljóðabókina Kysstu, kysstu steininn en Egill hefur ekki fengist við ljóðagerð áður. „Hún er líka til á þýsku fyrir þá sem vilja vera vondir við vini sína þar,“ segir Egill og hlær og reiknar með að spila á næstunni lög af plötunni og útilokar ekki að boðið verði upp á ljóðalestur á tónleikum. „Ef það finnst góður upplesari,“ bætir hann við.

freyrgigja@frettabladid.is



**FARARSTJÓRI OG AFI** Egill Ólafsson var varla lentur á Keflavíkurflugvelli þegar fyrsta afabarnið kom í heiminn.



**EIGNUÐUST STÚLKUBARN** Ólafur Egill og Ester Talía eignuðust stúlkubarn og heilsast bæði móður og barni vel.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórsöngvarinn **Björgvin Halldórsson** liggur þessa dagana yfir upptökum og myndefni frá stórbrotnum tónleikum sínum og Sinfóníuhljómsveitarinnar í haust. Eins og alþjóð veit fyllti Bó Höllina í þrígang og hefði eflaust getað bætt við fleiri tónleikum án þess að hafa mikið fyrir því. Bó hyggur á veglega DVD-útgáfu fyrir jólin þar sem verður að finna efni frá tónleikunum og fleira góðgæti í bland.



Lítið hefur borið á **Agli „Gillzenegger“ Einarssyni** og félögum hans í Köllunum.is síðustu mánuði. Heimasíðu þeirra var lokað í byrjun sumars þegar deilur komu upp á milli Egils og **Jóhanns Ólafs Schröder**, annars höfuðpaurs félagsskaparins. Þeir félagar hafa nú náð fullum sáttum sín á milli og innan tíðar er fyrirhugað að opna nýja heimasíðu. Ekki er vitað hvort lénið kallarnir.is verður notað undir skrif og fróðleik þeirra félaga en þær fréttir berast úr herbúðum Kallanna að verið sé að safna mannskap til að halda heimasíðunni úti. Gerð er krafa um að menn séu frægir til að fá að skrifa á síðuna, en þeir sem þegar hafa verið samþykktir sem skribentar eru **Auðunn Blöndal, Dóri DNA, Arnar Grant** og **Ásgeir Kolbeinsson** auk þess sem **Davíð Þór Jónsson** er talinn líklegur til að bætast í hópinn.



Abbababb söngleikur tónlistarmannsins **Dr. Gunna** verður settur upp eftir áramót og undirbýr hann sýninguna þessa dagana. Nú mun hafa verið gengið frá ráðningu fyrsta leikarans í sýninguna og er það enginn annar en **Sigurjón Kjartansson**. Söng- og leikhæfileikar Sigurjóns eru öllum kunnir en ekki er vitað til þess að hann hafi áður leikið á sviði. - hdm




# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


# Aldrei dýrara í bíó

Kvikmyndin Mýrin eftir Baltasar Kormák er sýnd fyrir fullum bíósölum þessa dagana og skilaði hátt í sextán milljónum í miðasölu fyrstu sýningarhelgina. Miðinn á myndina kostar 1.200 krónur sem er öllu hærra en bíógestir hafa átt að venjast þegar íslenskar kvikmyndir eru annars vegar en miðinn á kvikmyndina Börn sem sýnd var fyrir skömmu kostaði eitt þúsund krónur.

Almennt miðaverð hækkaði hins vegar um hundrað krónur í millitíðinni, fór úr átta hundruð krónum í níu. „Miðaverðið hefur verið 800 krónur í fimm ár og nefndu mér eitthvað sem hefur ekki hækkað á þeim tíma,“ segir Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu sem sýnir Mýrina. Hann segir launakostnað og annan rekstrarkostnað kvikmyndahúsa hafa hækkað umtalsvert á tímabilinu og hækkunin nú sé því tímabær.

Gömul hefð er fyrir því að aðgangur að íslenskum bíómyndum sé seldur dýrara verði en á innflutt-ar og Mýrin rífur því verðmúrinn með 1.200 krónunum. „Um leið og hækkunin var gerð breyttum við til og hækkuðum aldurinn á barnamiðum úr sex ára í átta.

Barnaverðið nýtist því fleirum og hækkunin hefur því í raun og veru lítil áhrif á fjölskyldufólk,“ segir Björn og bendir á að miðaverð á Íslandi sé nánast í takt við það sem gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum en þar séu skattar og álögur yfirleitt töluvert lægri en hér. - þþ



**MÝRIN** Tólfhundruðkallinn stendur ekki í íslenskum bíógestum sem flykkjast á myndina sem hefur farið glæsilega af stað.



**BJÖRN SIGURÐSSON** Framkvæmdastjóri Senu segir hækkun miðaverðs viðbragð við almennum verðlags- og rekstrarkostnaðarhækkunum undanfarið.



STÆRSTA OPNUN Á ÍSLENSKRI MYND FRÁ UPPHAFI!
TVÖFALT STÆRRI EN GAMLA METIÐ
„LOKSINS LOKSINS SVONA Á AÐ GERA ÞETTA.FRÁBÆR MYND SEM FÆR MANN TIL AÐ HLÆGJA,GRÁTA OG GNÍSTA TÖNNUM. SVONA EIGA ÍSLENSKAR MYNDIR AÐ VERA. INGVAR E. SIGURÐSSON VAR ALVEG MAGNAÐUR Í ÞESSARI MYND."
SIGVALDI "SVALI" KALDALÓNS - FM957
EINN MEGINSTYRKUR MÝRARINNAR ER LEIKURINN. MÝRIN ER EINMITT UM VENJULEGT FÓLK Í ÓVENJULEGUM AÐSTÆÐUM. ÞANNIG Á KVIKMYND AÐ VERA. SPENNANDI OG SKEMMTILEG MYND"
HÁVAR SIGURJÓNSSON -MORGUNBLAÐIÐ
HALLGRÍMUR HELGASON – KASTLJÓSIÐ
„MÝRIN ER ÁKAFLEGA VEL UNNIN OG LEIKARAR STANDA SIG MEÐ MIKLUM SÓMA MEÐ INGVAR E. SIGURÐSSON FIRNASTERKAN Í FARARBRODDI. ÞESSI MYND SVÍKUR HVORKI AÐDÁENDUR ARNALDS NÉ ÞÁ SEM KUNNA AÐ META GÓÐAR GLÆPAMYNDIR."
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSSON - FRÉTTABLAÐIÐ
„Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins"
„MÝRIN ER EIN BESTA MYND, EF EKKI SÚ ALBESTA SEM GERÐ HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI"
DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON – KVIKMYNDIR.COM
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
LANGSTÆRSTA OPNUN ÁRSINS
STÆRSTI EINSTAKI DAGUR FRÁ UPPHAFI – 22. OKT 2006
NÆST STÆRSTA OPNUN FRÁ UPPHAFI
VIÐ ÞÖKKUM ÓTRÚLEGAR VIÐTÖKUR!
„MÝRIN ER FRÁBÆR, VEL LEIKIN OG T.D. FER BJÖRN HLYNUR Á KOSTUM SEM SIGURÐUR ÓLI. STJARNA MYNDARINNAR ER ÞÓ THEÓDÓR JÚLÍUS-SON SEM LEIKUR ILLMENNIÐ ELLIÐA, LÍKLEGA ÓFRÝNILEGASTA SKÚRK SEM SÉST HEFUR Í INNLENDRI KVIKMYND"
GUNNAR HJÁLMARSSON – FRÉTTABLAÐIÐ
„MAGNÞRUNGIÐ ANDRÚMS-LOFT Í ÞESSARI RAMMÍSLENZKU SPENNUMYND. HLAKKA TIL AÐ SJÁ HANA SIGRA HEIMINN MEÐ SVIÐAKJAMMANA AÐ VOPNI."
STEFÁN SIGURJÓNSSON – X-FM
„MYNDIN STENDUR ALGJÖRLEGA UNDIR VÆNTINGUM OG ER GRÍÐALEGA VEL LEIKIN. ENDA EINTÓMIR SNILLINGAR Á AÐLHLUTVERKUM. SIRKUS MÆLIR MEÐ AÐ FÓLK SMELLI SÉR Á MÝRINA"
SIRKUS BLAÐ 20.10.06
ICELANDIC Film Centre
olís
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Skilagjaldið er
**10 krónur**
ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.




## BAKÞANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

# *Fagurt mannlíf*

Ég sá tvær myndir í blöðunum í síðustu viku sem fylltu mig fögnuði og trú á lífið. Önnur var á forsíðu Morgunblaðsins og sýndi forsætisráðherra þjóðarinnar og Björn Bjarnason. Voru þeir saman og ástúð og vinátta skein af andlitum þessara háttsettu manna og dómsmálaráðherra sendi þjóð sinni geislandi bros.

**SLÍKT** bros er fremur sjaldgæft á svo alvörugefnum manni. En lái honum hver sem vill þótt hann brosi, því vinur hans og flokksfélagi var að tilkynna þjóðinni að fólk yrði nú að taka sig á og hætta að hrella Björn. Nú væri nóg komið af smáskítlegum óhróðri sem menn í stjórnarandstöðu og fjölmiðlamafíu hefðu í frammi við þennan góða dreng. Nú liði óðum að prófkjöri og fólk yrði að hætta að hrekkja.

**ÉG** velti fyrir mér hvort ekki væri hægt að fá þessa vini og samherja til að fara í grunnskólana og tala við krakkaskrímslin um að hætta að leggja hið veika og smáa í einelti.

**HIN** myndin var af hópi karlmanna að horfa á eftir Hval 9 leggja af stað í sína fyrstu veiðiferð eftir 17 ára bið. Um leið og ryðkláfurinn hlussaðist af stað ráku þessir veðurbörðu karlar upp gleðióp. Það er ekki oft sem við fáum að sjá svo djúpa hamingju á prenti. Ég sá Nilla vin minn meðal þessara hraustu manna, og brá mér vestur eftir, til að óska til hamingju með Hval 9.

**AUJA** kona Nilla kom til dyra og bað mig þess lengstra orða að tala nú um fyrir eiginmanni sínum sem nú ætlaði hvað sem tautaði og raulaði að fara upp í Hvalfjörð og vera til taks þegar Hvalur 9 kæmi í land. Þetta er engin hæfa, sagði Auja. Hann heldur að þetta unga fólk viti ekkert hvernig á að handera hval og þurfi á hans hjálp að halda.

**HÚN** sagðist vera mest hrædd um að hann færi að príla upp á hval og kenna þeim að flensa. Hann er enginn maður í þetta, kominn hátt á áttræðisaldur, og ætlar að liggja í tjaldi þar í grennd við Hvalstöðina ef ske kynni að þeir þyrftu hans við. „Þetta er stórhættulegt og Watson á leiðinni!“ sagði Auja og dæsti.

**„ÉG** fann ekki annað ráð,“ sagði hún „en að fela fölsku tennurnar hans. Hann getur varla farið að láta sjá sig tannlausan þarna uppfrá.“


www.toyota.is




**Prius** - við erum komin upp á næsta stig.

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð **2.770.000** kr.

The power to move forward

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



Sigríður Andersen

5.-7. SÆTI

Prófkjör sjálfstæðismanna
í Reykjavík, 27. og 28. október.
www.sigridurandersen.is

Fjölbreytt framtak í mennta- og heilbrigðismálum



Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Sigríðar Andersen er í Landssímahúsinu við Austurvöll.
Síminn er 561 4567. Alltaf heitt á könnunni.